FRÉTTABLAÐIÐ

74. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 28. MARS 2019



Tveir formenn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Verkföllum aflýst í bili

KJARAMÁL „Það er enn langt í land," segir Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar, um þróunina í kjaraviðræðum. Verkföllum sem hefjast áttu á miðnætti í gærkvöldi hefur verið aflýst.

„Það hefur myndast grundvöllur fyrir gerð kjarasamnings og við munum láta á það reyna á næstu dögum," segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. – aá / sjá síðu 4

Ráðherrann í uppnámi

SJÓNVARP Tökur á sjónvarpsþáttaseríunni Ráðherranum með Ólafi Darra Ólafssyni í aðalhlutverki eru í uppnámi. Er ástæðan samningsskilmálar RÚV við Sagafilm samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Sömu heimildir herma að RÚV vilji ekki endurskoða skilmálana.

Hefja átti tökur í næstu viku en því hefur verið frestað fram yfir páska. Vegna mikilla anna Ólafs Darra mun ekki hægt að fresta tökum lengur. Áætlaður framleiðslukostnaður þáttanna er um 675 milljónir króna.

Ólafur Darri Ólafsson leikari.

Samkvæmt lögfræðiáliti fyrir Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Samtök iðnaðarins stangast skilmálar RÚV gagnvart sjálfstæðum framleiðendum á við reglur um Evrópustyrki og reglur um endurgreiðslur á Íslandi.

RÚV breytti skilmálunum haustið 2017 og voru þeir komnir inn í fjölmarga samninga í fyrravor. Tilgangurinn með breytingunni er að RÚV fái stöðu meðframleiðanda og fái þá hagnað ef svo fer að sjónvarpsefni verður selt til aðila á borð við Netflix. Í lögfræðiálitinu segir að RÚV eigi að veita styrki en ekki eignast hlut í verki til að geta hagnast á því.

„Það ríkir mikil óvissa í kvikmyndagreininni vegna þeirra álitamála sem lögð eru til grundvallar í lögfræðiálitinu," segir Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins. Áttu þau fund með Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra á þriðjudag.

„Við vonumst til að málið fari að skýrast á næstu dögum og vikum þar sem það veldur nú þegar skaða," segir Sigríður sem gagnrýnir hægagang í stjórnsýslunni. – ab

Sigríður Mogensen hjá SI.

Sjúkdómar/Heilkenni

Málaflokkurinn þurfi meira vægi

Ekkert stuðningsnet tekur á móti fjölskyldum barna með sjaldgæfa sjúkdóma sem eru orðnar hátt í 400 á landinu. Kallað er eftir opnari umræðu til að auka fræðslu og vitund. → 10, 12

• 16p13.3 duplication syndrome • 1p34.3p34.2 • 1q43-44 • 2q37 • 2Q37 brachydactyly mental retardation syndrome • A.P. Syndrome • Achondroplasia • Achondroplasia • ADEM • Adrenogenital Syndrome • Alagille syndrome • Alström syndrom • Alternating Hemiplegia of Childhood • Angelman Syndrome • Arthrogryposis multiplex congenita (AMC) • Arthrogryposis multiplex congenita • Ataxia Telangiectasia • Atypical Neuroactional Dystrophy • Baraitser-Winter syndrom • Batten • Spilmeyer Vogt • Becket Muscular Distrophy • Beckwith Wiedemann syndrome • Biliary atresia (Gallvega atresia) • Bladder Exstrophy and Epispadias • Bullous ichthyosifoem erythroderma • Börjeson-Forssman-Lehman Syndrom • Cardiofaciocutaneous (CFC) syndrome • Cervical Dystonia • CGD Chronic granulomatous disease • Chort Bowels Syndrom • Chronic Granolomatus disease • CMT4A • Coffin siris syndrom • Congenital cholodochal cyst • Congenital stenosis and stricre of oesophagus • Congential pseudarthrosis of tibia • Cornelia de Lange syndrom • Cri du Chat • Crouzon • Cystic Fibrosis • Cystic hygroma • Cystinosis • Dandy walker syndrome • Diamond Blackfan Anaemia • Doose Syndrome • Dravet heilkenni • Duchenne dystrophy • EAC Húðsjúkdómur • Ehlers-Danlos Syndrom 6D type • Encepholocele • Epidermal Nevus Syndrome • Epidermolytic Ichthysis EI • FOXG1 • Fragile X syndrom • Golden Har Syndrome • Goltz Syndrom • Granulomatous Disease • Herpes Ensefalides • HNRNPU 53 • Holoprosencephaly • Homocystinuria • HSP4 • Hyper IgE • Hyperinsulinism (Nesidoblastosis) • Hypoparathyrodism • Infantile neuroaxonal dystrophy (INAD) • Iq21 litningafrávik • ITP-Idiopathic thrombocytopenic purpura • Jacobsen syndrome • Joubert Syndrome / arfgengur heilagalli • Juvenile Nephronophthisis • Kabuki type 1 • Kabuki type 2 • KCNB1 stökkbreyting á 20 litningi • Kleine-Levin syndrome • Klippel-feil syndrome • Krabbe • Lissencephaly • Litningagalli - Tvöföldun á litningi 8 q13-q22. • Litningagalli 15Q13.3 Micro deletion • LMBR1 genabreyting • Lupus SLE • MBL • McCune Albright syndrome • Methylmalonic asitemia (mma) • Microcepthaly • Moebius Syndrome • Multations í STXBP1 tengt Dravet • Multible Congenital Exostosis • Myotonic Dystrophy • Nephrotic syndrome • Nesidioblastiosis • Neurofibromatosis • Neuroligin-2 • Neuronal Ceroid Lipofuscinosis (NCL) - Batten Disease • Noonan Heilkenni • Opsoclonus Myoclonus syndrome • Orfacial Syndrom Q87 • Ornethine transcarbamylasa deficiency OTC • Osteopetrosis • Otahara syndrome • Ógreint - ógreindir • Panhypopituitarism • Patau syndrome • Pfeiffer Syndrome • Polysystic kidney disease and liver fibrosis • Prader-Willi heilkenni • Progressive Familial Cholestasis týpa 1 • Rett Heilkenni • Riboflacin Transporter Deficincy • Ring Cromoson 20 • Rubinstein Taybi • Sacral Agenesis • Caudal Regression Syndrome - CRS • Saethre - Chotzen Syndrome • SCN2A • SCN8A Stökkbreyting • Senger • Short Bowel syndrome • Short Gut Bowel Syndrome • Silver Russel syndrome • SLC13A5, Sodium dependent citrate transport disorder • Smith-Magenis Heilkenni SMS • Spina Bifida (Hryggrauf) • Spinal Muscular Atrophy • Spinal Muscular Atrophy Type 2 SMA II • Sternocleidomastoid muscle • Subcortical Band Heterotopia • SUCLA2 • Syringomyelia • Syringomyelia with tethered spinal cord • Tetrasomy on Cromison 13 • Thalassemia • Translocation DEL4Q35-term • Treacher Collins Syndrome • Trimsone 822 term • TSS -Thoxic shock syndrome í börnum. • TUBB2B Genagalli • Tuberous sclerosis • Tumour hygroma • UBA5 • Úrfelling á litningi 16 • Úrfelling á litningi 13 • Vacterl Heilkenni • Velio-cardio-facial syndrome • West syndrome • Wiederman Steiner Syndrom • Williams syndrome • Wiskott Aldrich Syndrom

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Þorvaldur Gylfason skrifar um dómstólana. 19

SPORT Guðmundur búinn að velja 20 manna æfingahóp. 23

MENNING Veflistafólk er að verða sjaldgæft hér á landi en Arna Óttarsdóttir myndlistarkona syndir móti straumnum og velur að skapa í vefstól. 30

LÍFIÐ Kynnir skartgripalínu sína, Reshape frá Vveruu Reykjavík á Hönnunar-Mars. 36

PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



Suðvestan 15-25 m/s, hvassast um landið NV-vert. Víða él og kólnandi veður, en úrkomulítið A-lands og hiti vel ofan frostmarks. Suðvestan 10-18 m/s í dag, hvassast með S- og V-ströndinni. Snjókoma eða él, en úrkomulaust að mestu á A-landi. Víða vægt frost. SJÁ SÍÐU 26

Kópasker við Öxarfjörð.

Öflugir skjálftar

NÁTTÚRA Tveir stórir jarðskjálftar skóku Kópasker í gærkvöldi. Þeir voru 3,3 og 4,2 stig að styrkleika og riðu yfir um klukkan 20.30.

„Jarðskjálftahrina hefur staðið yfir í Öxarfirði síðan síðastliðinn laugardag, hrina er staðsett um 6 kílómetra suðvestur af Kópaskeri," sagði á vef Veðurstofunnar í gærkvöldi. – gar

Samherjafeðgar stálu senunni

Baldvin Þorsteinssyni varð heitt í hamsi þegar Már Guðmundsson seðlabankastjóri hugðist heilsa upp á föður hans, Þorstein Má Baldvinsson, á göngum Alþingis eftir fund um Samherjamálið og gjaldeyriseftirlitið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af uppnáminu á Alþingi í gær á +Plús-síðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

Fókus á hjarta landsins

FJÖLMIÐLAR Í Fréttablaði dagsins er nýr greinaflokkur, Fókus á hjarta landsins, sem er umfjöllun um íslenskar náttúrperlur, ekki síst þær sem eru utan alfaraleiða og teljast til ósnortinna víðerna. Um er að ræða framhald af greinaflokknum Náttúrulega Íslandi sem hóf göngu sína í fyrra og var að finna í Fréttablaðinu á fimmtudögum, en líkt og þar er áhersla lögð á myndefni en með fylgir stuttur texti um viðkomandi svæði.

» Um greinaflokkinn sjá útivistarmennirnir Ólafur Már Björnsson augnlæknir og Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir.

Umsjónarmenn greinaflokksins eru Ólafur Már Björnsson augnlæknir og Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir, og er nafnið Fókus á hjarta landsins tilvísun til þeirra starfa. Báðir eru miklir útivistarmenn og áhugamenn um náttúruvernd. – khn

Gæti fært borginni Banksy-plakat að gjöf

Eyþór Arnalds furðar sig á að það hafi tekið borgina rúma fjóra mánuði að svara fyrirspurn Sjálfstæðismanna í borgarráði um Banksy-mál Jóns Gnarr. Tafirnar sýni að málið var óþægilegt. Pantaði sjálfur Banksy-plaköt á netinu.

STJÓRNMÁL „Það hefði átt að vera einfalt að svara þessu en þetta er greinilega óþægilegt mál og þá finnst fólki gott að bíða og koma með svarið þegar almenningur er farinn að hugsa um eitthvað annað, eins og flugfélög," segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn.

Í dag, rúmum fjórum mánuðum eftir að borgarráðsfulltrúar flokksins lögðu fram fyrirspurn og tillögu vegna Banksy-málsins svokallaða, verða loks lögð fram svör við þeim á fundi borgarráðs í dag.

Banksy-málið varð að fári í nóvember síðastliðnum eftir að Fréttablaðið fjallaði um verkið sem Jón Gnarr, fyrrverandi borgarstjóri, kvaðst hafa fengið að gjöf frá breska götulistamanninum sem borgarstjóri – gegn því að verkið prýddi skrifstofu hans. Jón var gagnrýndur fyrir að taka verkið heim, upplýsti að hann hefði fengið myndina í tölvupósti og látið prenta á álplötu á eigin kostnað. Í kjölfar fjölmiðlafársins lét Jón svo farga verkinu með slípirokk.

Málinu var þó ekki lokið í Ráðhúsinu því í borgarráði degi síðar, eða 15. nóvember, lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram fyrirspurn í borgarráði. Óskað var eftir öllum samskiptum Jóns við fulltrúa listamannsins, óskað eftir áliti borgarlögmanns á hvort Jóni hefði verið heimilt að taka verkið heim með sér og loks lögð fram tillaga um að kannað yrði hvort skaðabótaskylda hefði myndast við förgun verksins. Trúnaður ríkir um svörin sem loks bárust þar til að fundi loknum í dag. Þó að flestum þessara spurninga kunni að hafa verið svarað þá telur Eyþór málið enn vekja spurningar og gefur lítið fyrir þær skýringar Jóns að verkið hafi verið litlu merkilegra en verðlaust plakat.

Banksy-myndin prýddi skrifstofu Jóns Gnarr í Ráðhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Af því að hann sagði það þá pantaði ég tvö plaköt af Amazon til að sjá hvort þau væru svipuð. En þau eru allt öðruvísi.

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

„Af því að hann sagði það þá pantaði ég tvö plaköt af Amazon til að sjá hvort þau væru svipuð. En þau eru allt öðruvísi. Ekki sömu litir og ekki sömu gæði. Þá er mjög auðvelt að eyðileggja þau, en Jón þurfti slípirokk til. Það að segja að þetta sé bara prentun er einföldun því flest verkin hjá Banksy eru prentun. Verk sem hafa gengið kaupum og sölum fyrir háar fjárhæðir eru einmitt prentun. Það sem var rétt hjá Jóni var að þetta var einstakt verk," segir Eyþór sem telur að betra hefði verið að leyfa verkinu að lifa í Ráðhúsinu en að láta það undir slípirokkinn.

Aðspurður útilokar hann þó ekki að færa skrifstofu borgarstjóra Banksy-plakat af Amazon til að halda í hefðina.

„Það getur vel verið að ég gefi skrifstofu borgarstjóra eitt svona plakat, ég er með tvö hér í endursölu," segir Eyþór glettinn.

mikael@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Reiðir feðgar stálu senunni

Samherjafeðgarnir Þorsteinn Baldvinsson og Baldvin Þorsteinsson mættu á opinn fund í þinginu þar sem Már Guðmundsson Seðlabankastjóri sat fyrir svörum um gjaldeyriseftirlit bankans. Umboðsmaður Alþingis hefur gagnrýnt stjórnsýslu bankans. Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, var á staðnum og festi dramatíkina á þingi á filmu.

Herra lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
40-70%
afsláttur af öllum vörum
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)
BOSS HUGO BOSS
SAND COPENHAGEN
POLO RALPH LAUREN
Stenströms
EMPORIO ARMANI
eterna
gardeur
HUGO HUGO BOSS
CORNELIANI
FINUCCI
bugatti
JACOB COHËN
TINO COSMA
MANZ GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD

May lofar að hætta samþykki þingmenn Brexit-samning hennar

BRETLAND Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, lofar þingmönnum Íhaldsflokksins að segja af sér styðji þeir samkomulag hennar um útgöngu úr ESB.

„Ég er reiðubúin að yfirgefa þetta starf fyrr en ég áætlaði til að gera það sem er rétt fyrir landið okkar og fyrir flokkinn okkar," kveður BBC May hafa sagt við þingmenn Íhaldsflokksins. Hún hafi sagst vita að þingmenn flokksins vildu ekki að hún leiddi næsta stig Brexit-viðræðnanna.

Á fundi með 300 þingmönnum Íhaldsflokksins sagði May að samþykkja þyrfti samninginn til að standa við Brexit.

„Ég bið alla sem hér eru um að styðja þennan samning svo við getum uppfyllt sögulega skyldu okkar – að standa við ákvörðun bresku þjóðarinnar og yfirgefa Evrópusambandið á liðlegan og skipulegan hátt," biðlaði forsætisráðherrann til fundarmanna.

Boris Johnson, fyrrverandi utanríkisráðherra og stuðningsmaður útgöngunnar, segist nú munu styðja samning May. Hann er sagður líklegur til að sækjast eftir því að verða leiðtogi Íhaldsflokksins og sagður hafa yfirgefið salinn brosandi.

Jeremy Corbyn, formaður Verkamannaflokksins, tjáði sig á Twitter um útspil May og sagði það „sýna í eitt skipti fyrir öll að óreiðukenndar samningaviðræður um Brexit hafa snúist um flokksstjórn en ekki grundvallaratriði og hagsmuni almennings," eins og hann orðaði það. **– gar**

Forsætisráðherra Bretlands á leið úr þinginu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Lofar bótum vegna flóða

ÍRAN Hassan Rouhani, forseti Írans, ferðaðist í gær um norðurhluta landsins til þess að skoða mikið tjón sem flóð hafa valdið þar. Minnst 26 hafa farist. Rouhani kallaði hamfarirnar fordæmalausar í landinu og lofaði fólki bótum.

Hassan Rouhani.

Þá eru tugir þúsunda á vergangi og þúsundir gista í neyðarskýlum.

Golestan-fylki varð verst úti í hamförunum. **– þea**

Árás á sendiráð beint gegn Kim

SPÁNN Norðurkóresk andspyrnuhreyfing lýsti því yfir í gær að hún hefði staðið að áhlaupi á sendiráð ríkisins á Spáni í febrúar. Samtökin, Frjálst Joseon, eru sögð hafa haft á brott með sér tölvur, síma og harða diska. Joseon var nafn konungsríkis á Kóreuskaga frá 1392 til 1897.

Kim Jong-un.

Dómari á Spáni aflétti þagnarskyldu um rannsókn málsins á þriðjudag. Árásarmennirnir eru sagðir hafa hlekkjað og barið sendiráðsstarfsmenn. Markmiðið er að steypa Kim-fjölskyldunni. Á YouTube má sjá liðsmenn brjóta myndir af einræðisherrunum. „Niður með Kim-fjölskylduna. Rísum upp fyrir þjóðina. Lengi lifi frjálst Joseon!" sagði í myndbandinu. **– þea**

Samningsvilji en langt í land

Verkföllum sem standa áttu í dag og á morgun er aflýst. Leiðtogar eru í senn bjartsýnir á árangur og hófstilltir. Aðkoma stjórnvalda hefur verið dýrmæt segir formaður VR. Kjarasamningar gætu verið viðspyrnan sem samfélagið þarf segir framkvæmdastjóri SA.

KJARAMÁL „Það er enn langt í land," segir Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar, þrátt fyrir nýjan tón sem sleginn var hjá ríkissáttasemjara í gærkvöldi. Verkföllum sem hefjast áttu á miðnætti í gærkvöldi og standa í tvo daga var aflýst.

Viðar segir að ef boðaðar verkfallsaðgerðir skili auknum samningsvilja og nýjum umræðugrundvelli, sé eðlilegt að aðgerðum sé slegið á frest til að ræða saman.

Næstu aðgerðir VR og Eflingar hefjast að óbreyttu í næstu viku, og byrja á mánudag er strætóbílstjórar hjá Almenningsvögnum Kynnisferða leggja niður störf á háannatímum á morgnana og síðdegis. Þær aðgerðir munu að óbreyttu standa alla virka daga í apríl.

„Það hefur myndast grundvöllur fyrir gerð kjarasamnings og við munum láta á það reyna á næstu dögum," segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

„Já ég skynja það þannig," segir Halldór inntur eftir því hvort hann finni aukinn samningsvilja hjá öllum félögunum.

Aðspurður um samráð við bakland samningsaðila segir Halldór að unnið verði við borð ríkissáttasemjara á næstu dögum. „Við munum byrja á að útfæra þetta á vettvangi ríkissáttasemjara."

Samingaviðræður við borð ríkissáttasemjara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Verkfallsdagar VR og Eflingar

■ Verkfalli aflýst ■ Verkfallsdagar

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
Bílstjórar hjá Almenningsvögnum Kynnisferða leggja niður störf á virkum dögum frá 1. apríl til 1. maí frá 7-9 og 16-18.				28	29	30
31	1. apríl	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	1. maí	Frá og með 1. maí er boðað til ótímabundins verkfalls þar til samningum hefur verið náð.		

Halldór segir vinnu síðustu vikna munu nýtast í ferlinu næstu daga.

„Aðalatriðið er að létta þeirri óvissu sem legið hefur eins og mara yfir samfélaginu öllu; sama hvort við lítum til loðnubrests eða tvísýnnar stöðu flugfélaga, stöðu hjá heimilum og stjórnendum fyrirtækja," segir Halldór.

Fundum hjá ríkissáttasemjara var frestað tvívegis í upphafi vikunnar vegna óvissu um flugfélagið WOW.

„Það má alveg hrósa stjórnvöldum fyrir þann vilja sem þau hafa sýnt til að liðka fyrir samningum," segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR. Rætt hafi verið bæði formlega og óformlega við stjórnvöld meðan á viðræðunum hefur staðið. Þeirra aðkoma kunni enn að ráða úrslitum en margt fleira þurfi að smella saman.

Verkfallsaðgerðir Eflingar og VR hafa haft töluverð áhrif á þau fyrirtæki sem þær hafa náð til en samkvæmt útreikningum Samtaka ferðaþjónustunnar hefur hver dagur í verkfalli kostað umrædd fyrirtæki um 250 milljónir.

Efling og VR höfðu boðað herta verkfallsvörslu vegna verkfalla sem nú hefur verið aflýst, bæði til að bregðast við við verkfallsbrotum og til að auka áhrif aðgerðanna. Þrátt fyrir að verkföllum í dag og á morgun hafi verið aflýst, standa aðrar boðaðar aðgerðir þangað til annað kemur í ljós. Viðar segir aðgerðaáætlun félaganna þaulskipulagða og árangursríka.

„Það er ekki bara hert verkfallsvarsla sem hefur áhrif heldur einnig sú stigvaxandi pressa sem er í aðgerðunum. Við byrjuðum í verkfalli í einn dag. Verkföllin sem áttu að hefjast í dag áttu að standa í tvo daga. Boðað verkfall á þriðjudag er í þrjá daga," segir Viðar Þorsteinsson.

adalheidur@frettabladid.is

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI FIAT • ÞVERHOLTI 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.FIATPROFESSIONAL.IS
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

5 ÁRA ÁBYRGÐ

TÖSKUR & TILHEYRANDI

ALLAR FERÐATÖSKUR

30% AFSLÁTTUR

ALLAR FERÐATÖSKU-HLÍFAR

30% AFSLÁTTUR

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 01. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

SSANGYONG REXTON DLX
Raðnúmer 150329
Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 62.000 km.
Verð: 4.290.000 kr.

Gott úrval notaðra bíla
benni.is

SSANGYONG KORANDO DLX
Raðnúmer 445510
Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur/ Ekinn: 9.000 km.
Verð: 4.190.000 kr.

MAZDA CX-3 OPTIMUM
Raðnúmer 680025
Nýskráður: 2015 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 18.000 km.
Verð: 2.590.000 kr.

SSANGYONG KORANDO HLX
Raðnúmer 740176
Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 30.000 km.
Verð: 4.390.000 kr.

OPEL MOKKA
Raðnúmer 340546
Nýskráður: 2018 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 32.000 km.
Verð: 3.990.000 kr.

RENAULT KADJAR INTENS
Raðnúmer 445518
Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 32.000 km.
Verð: 3.490.000 kr.

TOYOTA YARIS
Raðnúmer 150300
Nýskráður: 2018 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 23.000 km.
Verð: 1.690.000 kr.

OPEL ASTRA NOTCHBACK
Raðnúmer 445507
Nýskráður: 2016 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 39.000 km.
Verð: 1.990.000 kr.
Tilboð: 1.690.000 kr.

RENAULT CLIO SEN ST
Raðnúmer 720080
Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 22.000 km.
Verð: 2.580.000 kr.
Tilboð: 2.290.000 kr.

Bílahúð Benna

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035
Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330
Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 10-14

* Birt með fyrirvara um mynd og textabrengl.

Skemmtistaðurinn Shooters var innsiglaður eftir húsleit árla morguns 9. febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AÐALHEIÐUR

Húsleitir beindust að nýdæmdum mönnum

Húsleitir á átta stöðum í febrúar beinast að mönnum er voru dæmdir í sama mánuði fyrir innherjasvik. Báðir grunaðir um skattalagabrot. Rannsóknin lýtur einnig að meintri vændissölu og annarri umfangsmikilli brotastarfsemi.

LÖGREGLUMÁL Kjartan Bergur Jónsson og Kristján Georg Jósteinsson eru til rannsóknar hjá lögreglu og skattrannsóknarstjóra vegna skattalagabrota. Þeir voru nýverið sakfelldir fyrir innherjasvik í Héraðsdómi Reykjavíkur, ásamt fyrrverandi lykilstarfsmanni Icelandair. Kristján Georg, eiginkona hans og lykilstarfsmenn tengdir Kampavínsklúbbnum Shooters eru einnig til rannsóknar vegna meintrar vændissölu og annarrar brotastarfsemi.

Farið var í húsleit á átta stöðum 9. febrúar síðastliðinn; á skemmtistaðinn Shooters, á heimili Kristjáns Georgs, eiganda Shooters, og eiginkonu hans, á dvalarstað starfskvenna Shooters, hjá endurskoðanda félagsins sem rekur staðinn, stjórnarformanni þess og á heimili eins almenns starfsmanns staðarins.

Grímur Sigurðarson hæstaréttarlögmaður staðfestir að húsleit hafi einnig verið gerð á heimili skjólstæðings síns, Kjartans Bergs, en segir mál hans eingöngu lúta að hans persónulegu skattskilum og ekki koma fyrirtæki fjölskyldu hans, sælgætisgerðinni Kólus, neitt við. Þá sé Kjartan Bergur ekki sakborningur í rannsókn á meintu vændi á skemmtistaðnum Shooters og ekkert hafi komið fram við rannsóknina sem sýni að skattaskil Kjartans og málefni Shooters tengist með nokkrum hætti.

Auk húsleitar á heimili Kjartans Bergs fór lögregla einnig að starfsstöðvum sælgætisgerðarinnar Kólus, sem er í eigu fjölskyldu Kjartans, en hvarf af vettvangi þegar henni var tilkynnt að Kjartan væri ekki með fasta skrifstofu á staðnum.

> **Málið er enn í rannsókn hjá lögreglu og verður eitthvað áfram þar sem það er nokkuð umfangsmikið.**
>
> Margeir Sveinsson, hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

„Málið er enn í rannsókn hjá lögreglu og verður eitthvað áfram þar sem það er nokkuð umfangsmikið," segir Margeir Sveinsson hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu aðspurður um gang rannsóknarinnar. Hann sagði ekki hægt að gefa upp frekari upplýsingar á þessu stigi málsins.

Í tilkynningu lögreglu um aðgerðirnar frá 10. febrúar kom fram að þær tengdust grunsemdum um umfangsmikla brotastarfsemi og að afskipti hefðu verið höfð af 26 einstaklingum. Tíu hefðu verið færðir á lögreglustöð til yfirheyrslu en sleppt að henni lokinni.

Húsleitirnar og yfirheyrslurnar fóru fram tveimur vikum eftir aðalmeðferð innherjasvikamálsins og viku áður en dómur féll í málinu en með þeim dómi var Kjartan Bergur dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi en Kristján Georg var dæmdur til þriggja og hálfs árs fangelsisvistar og félag hans, Fatrek, látið sæta upptöku 32 milljóna króna. Félagið hét áður VIP Travel og tengdist Kampavínsklúbbi með nafninu VIP Club sem var til húsa í Austurstræti, á sama stað og Shooters er nú.

Í fréttaskýringarþættinum Kveik sem sýndur var á RÚV 5. mars var fjallað um Shooters en umfjöllunarefni þáttarins var vændi á Íslandi. Í þættinum og fréttum tengdum málinu kemur fram að skömmu fyrir áramót hafi þáttagerðarmaður farið með falda myndavél inn á Shooters og fullyrt er í þættinum að honum hafi verið boðið að kaupa bæði eiturlyf og vændi á staðnum. Snemma í janúar hafi myndskeið af heimsókninni á staðinn verið borið undir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og í viðtali í þættinum ar Karl Steinar Valsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, spurður hvort athæfi sem það sýnir sé ólöglegt og hvort lögreglan þurfi ekki að fara að gera eitthvað í þessu. „Jú, sjálfsagt væri það mjög æskilegt, að við myndum gera það," sagði Karl Steinar í þættinum.

Lögreglan hafnaði því síðar í fjölmiðlum að umfjöllun RÚV um staðinn væri ástæða rannsóknarinnar. Heimildir Fréttablaðsins herma að í yfirheyrslum hafi verið lögð áhersla á himinhátt verð á kampavínsflöskum sem seldar eru á staðnum og vikið er að í þættinum Kveik, auk þess sem skýrslutökur af starfskonum staðarins hafi tekið sérstakt mið af því sem fram kom í þættinum.

adalheidur@frettabladid.is

Kiðlingar boða vor í Húsdýragarðinum

DÝRALÍF Meðal þess sem markar árstíðaskipti í Húsdýragarðinum er nýtt líf í geitahúsi garðsins. Þessir fallegu kiðlingar komu í heiminn í garðinum í gær.

Elstu huðnurnar í garðinum, þær Ronja, Frigg og Garún, hafa nú borið samtals fimm kiðlingum. Allir kiðlingarnir eru samfeðra afkvæmi hafursins Djarfs en frjálsar ástir hafa fengið að þrífast í geitastíunni og Djarfur hefur gengið með huðnunum í allan vetur með þessum fína árangri.

Þessir kiðlingar höfðu enn ekki fengið nafn þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gær en þá voru þeir nýstaðnir í lappirnar. Burður gekk að óskum og móður og afkvæmum heilsast vel. – aá

Fæðing kiðlinga er meðal vorboðanna í garðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BIOTHERM KYNNING

Í SNYRTIVÖRUVERSLUNUM HAGKAUPS 28. MARS - 3. APRÍL

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BIOTHERM DÖMU- OG HERRAVÖRUM

BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT

Líffræðingar Biotherm hafa fangað lífskraft dýrmæts rauðs sjávarþörungs í einstaka formúlu. Eftir því sem við eldumst fækkar collagen og elastin þráðum húðarinnar verulega. Blue Therapy Red Algae Uplift hefur sjáanleg yngjandi og styrkjandi áhrif á húðina: Útlínur andlitsins verða skýrari, húðin mýkri, stinnari og með meiri ljóma.

BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT CURE

RED ALGAE UPLIFT CURE er 10 sinnum léttara en hefðbundin serum og þrýstir virkum efnum niður í húðlögin. Það þarf einungis 6 dropa kvölds og morgna og húðin verður samstundis stinnari og þéttari. Eftir 28 daga er sem húðin hafi verið endurmótuð, er sjáanlega unglegri og sem henni hafi verið lyft.

BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT KREM

Flauelsmjúkt krem sem hentar öllum húðgerðum. Dag frá degi fær húðin frísklegan húðlit, verður silkimjúk, þéttari og stinnari.

Í BÁÐUM KREMUNUM ER AUK ÞESS LYKILINNIHALDSEFNI BIOTHERM, GJÖF FRÁ NÁTTÚRUNNI , LIFE PLANKTON ™

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 8.900 kr eða meira á meðan birgðir endast.

Biotherm fæst ekki í Hagkaup Borgarnesi og Reykjanesbæ

HAGKAUP Meira svona alla daga

Neyðarástand vegna mislingafaraldurs

Óbólusett börn fá ekki að vera á meðal almenningsins í Rockland-sýslu New York. Ákvörðunin sögð fordæmalaus í Bandaríkjunum. Mislingar hafa gert vart við sig mun víðar en í Rockland. Ef fram heldur sem horfir verður 2019 versta ár áratugarins í Bandaríkjunum.

BANDARÍKIN Neyðarástand tók gildi í Rockland-sýslu í New York-ríki Bandaríkjanna í gær vegna mislingafaraldurs. Alls höfðu 153 greinst með sjúkdóminn þegar ákvörðunin var tekin á þriðjudag. Þar af eru 85 prósent átján ára eða yngri og tæp fjörutíu prósent undir þriggja ára aldri. Langflest sýktra hafa ekki fengið þær MMR-bóluefnissprautur sem þarf til að bólusetja við mislingum, rauðum hundum og hettusótt. Alls búa um 300.000 í Rockland.

„Allt sem við höfum gert frá því að faraldurinn braust út hefur verið til þess gert að hámarka bólusetningar og lágmarka útbreiðslu. Við tökum næstu skref í dag," sagði í tilkynningu frá Ed Day sýslumanni á þriðjudag.

„Rannsakendur okkar hafa mætt mótspyrnu frá fólkinu sem þeir reyna að vernda. Skellt er á þá og þeim sagt að hringja ekki aftur. Þeim hefur verið sagt að bólusetningar séu ekki inni í myndinni. Þess háttar svör eru bæði óásættanleg og óábyrg. Þetta stefnir öðrum í hættu og sýnir fram á algjört og sláandi ábyrgðarleysi," bætti Day við.

Bólusetningar eru ekki notalegar, en þær eru öruggar. NORDICPHOTOS/GETTY

Neyðarástandið í Rockland felur í sér að fólk undir átján ára aldri, óbólusett gegn mislingum, fær ekki að vera í almannarými næstu 30 daga. Undir almannarými falla meðal annars stofnanir, bænahús, almenningssamgöngur, skólar, veitingastaðir, kvikmyndahús og verslanir. Börn sem ekki má bólusetja af heilsufarsástæðum eru undanskilin banninu.

Að sögn sýslumannsins er þetta líklega í fyrsta skipti sem ákvörðun sem þessi er tekin í Bandaríkjunum. Reynist óbólusett barn hafa brotið gegn banninu gætu foreldrarnir þurft að greiða um 50 þúsund króna sekt eða sitja í fangelsi í allt að 90 daga.

The New York Times greindi frá því að um 6.000 óbólusett börn í sýslunni fengju nú ekki að sækja skóla. Flest greind tilfelli hafa verið í samfélögum strangtrúaðra réttrúnaðargyðinga en þar er tíðni bólusetninga mun lægri en í öðrum samfélögum sýslunnar.

John Lyon, upplýsingafulltrúi sýslumanns, sagði við CNN að markmiðið væri ekki að refsa fólki heldur að beina því í réttan farveg svo hægt væri að stöðva faraldurinn.

thorgnyr@frettabladid.is

Hvað eru mislingar?

„Mislingar er veirusjúkdómur sem er mjög smitandi og einkennist af hita og útbrotum um allan líkamann. Hann getur verið hættulegur og jafnvel valdið dauða." Svona hefst lýsing á mislingum á vef Landlæknis. Sjúkdómurinn var mun algengari á árum áður en bólusetningar hafa dregið mjög úr tíðni smits.

Mislingar víðar

Fleiri stríða við mislingafaraldur en íbúar Rockland og er ástæðan einna helst rakin til skorts á bólusetningum. Frakkar ákváðu árið 2017 að gera bólusetningar að skyldu og á Ítalíu var óbólusettum börnum bannað að mæta til skóla fyrr í mánuðinum.

Hér á landi hafa verið fluttar fréttir af mislingasmitum. Sóttvarnalæknir sagði þann 8. mars að umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna um allt land væru í viðbragðsstöðu vegna mislingasmits.

Mislingar hafa gert vart við sig víðar í Bandaríkjunum en í Rockland. Samkvæmt smitsjúkdómastofnuninni CDC hefur faraldur geisað á sex stöðum þar í landi það sem af er þessu ári. Þeir eru Rockland, New York-borg og í ríkin Washington, Texas, Illinois og Kalifornía. Þann 21. mars höfðu greinst 314 tilfelli það sem af er ári. Á öllu síðasta ári greindust 372 tilfelli. Versta árið á þessum áratug var 2014 þegar 667 greindust með mislinga, einkum í óbólusettum samfélögum Amish-fólks í Ohio. Ef fram heldur sem horfir verður 2019 versta ár áratugarins.

Enn fjær geisar versti mislingafaraldur til margra ára í Japan þar sem 167 höfðu greinst í febrúar. Þá hafa 26 greinst í Hong Kong, svo fátt eitt sé nefnt.

Lagersala

28. mars - 3. apríl

Allt að 80% afsláttur

66° NORÐUR

Fullorðnir

Vík peysa
~~14.000 kr.~~ 4.200 kr.

Laugavegur Neoshell jakki
~~48.000 kr.~~ 33.600 kr.

Snæfell vegan parka
~~59.000 kr.~~ 47.200 kr.

Staðarfell jakki
~~32.000 kr.~~ 19.200 kr.

Valtran peysa
~~12.500 kr.~~ 6.250 kr.

Heiðmörk regnjakki
~~28.000 kr.~~ 16.800 kr.

Arnarhóll úlpa
~~29.000 kr.~~ 14.500 kr.

Gola derhúfa
~~2.900 kr.~~ 1.160 kr.

Snæfell vegan parka
~~59.000 kr.~~ 47.200 kr.

Gola bolur
~~4.900 kr.~~ 1.960 kr.

Vindur peysa
~~9.500 kr.~~ 3.800 kr.

Gunnar peysa
~~22.000 kr.~~ 15.400 kr.

Krakkar

Mímir regnjakki
~~5.500 kr.~~ 3.200 kr.

Sindri samfella
~~3.500 kr.~~ 1.750 kr.

Bragi dúnúlpa
~~34.900 kr.~~ 24.430 kr.

Loki peysa
~~6.500 kr.~~ 4.550 kr.

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu geta lækkað meðan á lagersölu stendur.

Útsölumarkaður | Faxafeni 12 | 108 Reykjavík
Skipagata 9 | 600 Akureyri

Opnunartími á lagersölu: fim-fös 9-21 | lau. 10-21 | sun. 12-21
Opnunartími á lagersölu: fim-fös 10-18 | lau. 11-17 | sun. 12-17

Valdar vörur á afslætti í vefverslun okkar: 66north.is

TILVERAN

Stuðningur skiptir öllu

Til stendur að setja á fót sérstakt teymi sem styður við fjölskyldur barna með sjaldgæfa sjúkdóma. Tími til kominn, myndu margir segja.

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is

Einstök börn, stuðningsfélag barna og ungmenna með sjaldgæfa sjúkdóma eða sjaldgæf heilkenni, hefur barist fyrir því að fá yfirvöld til að hlúa betur að fjölskyldum með langveik börn. Í haust tilkynnti Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra að ráðuneytið skyldi veita Landspítalanum 40 milljónir króna til að setja á laggirnar sérstakt stuðningsteymi fyrir þennan hóp.

„Þetta er óhemjustórt skref, loksins. Við bindum miklar vonir og væntingar við að þetta teymi anni mjög mörgu sem miður hefur farið síðustu árin. En auðvitað verðum við á tánum gagnvart því að fylgjast með þróun mála," segir Guðrún Helga Harðardóttir, framkvæmdastjóri Einstakra barna. Áætlað er að teymið taki til starfa í byrjun júní.

Árlega greinast um 30 börn með sjaldgæfa sjúkdóma hér á landi. Þar undir tilheyra ýmsir hrörnunarsjúkdómar og/eða heilkenni. Margir sjúkdómanna hafa lítið sem ekkert verið rannsakaðir og í afar fáum tilvikum er til eiginleg meðferð við þeim. Félagið Einstök börn var stofnað árið 1997 af ellefu fjölskyldum. Í dag eru fjölskyldurnar sem eru meðlimir orðnar um 400 talsins og börnin með um 170 ólíka sjúkdóma auk þess sem nokkrir eru ógreindir. Félagið hefur verið sjálfstætt starfandi í öll þessi ár og fjármagnað sig sjálft. Félagið hefur verið rekið á opinberum stuðningi og einungis treyst á frjáls framlög.

„Fjölgunin síðustu fimm ár hefur verið gríðarleg. Það gerist bara með bættum greiningum, framförum í vísindum og fleira. Margir fá greiningu fyrr en áður," segir Guðmundur Björgvin Gylfason, formaður Einstakra barna. Hann er sjálfur foreldri sem missti barn með sjaldgæfan sjúkdóm. „Það er gríðarlega mikilvægt að fá greiningu snemma. Það er ekki auðvelt að fá úr niðurstöðum en það er heldur ekki auðvelt að vera í óvissu og vita ekkert frá degi til dags. Það þekki ég persónulega. Það er betra að fá að vita hvort hægt sé að draga úr einkennum og vita í hvað stefnir."

> **Við bindum miklar vonir og væntingar við að þetta teymi anni mjög mörgu sem miður hefur farið síðustu árin.**

Guðrún Helga Harðardóttir, framkvæmdastjóri Einstakra barna

> **Við bjóðum ríkisvaldinu krafta okkar til þess að búa til metnaðarfulla og raunhæfa áætlun í tengslum við sjaldgæfa sjúkdóma.**

Guðmundur Björgvin Gylfason, formaður Einstakra barna

Gott að tengja við aðra

Guðmundur segir það hins vegar ekki nóg að fá greininguna.

„Stuðningurinn er það sem fjölskyldur með börn með sjaldgæfa sjúkdóma þarf á að halda. Það fyrsta sem fólk gerir þegar niðurstöður eru komnar er að sækja sér upplýsingar á veraldarvefnum. Margir þessara sjúkdóma eru mjög flóknið og erfiðir. Það er mikilvægt að fjölskyldur barna með sjaldgæfa sjúkdóma fái fjölbreyttan stuðning til þess að takast á við sjúkdóma barna sinna. Við þurfum einnig að hafa það í huga að stuðningskerfi um landið er misvel í stakk búið til þess að veita fjölskyldum þann stuðning sem þær þurfa til að takast á við veigamikið verkefni. Það er því miður ekki í boði hér," segir Guðmundur.

Kostnaður og álag á fjölskyldur með börn með sjaldgæfa sjúkdóma er gríðarlega mikið. Bæði Guðmundur og Guðrún hampa starfsfólki Landspítalans sem sé allt af vilja gert en segja ástæður fyrir því að stuðning skorti vera að álagið á spítalanum sé of mikið.

„Við erum með hæfileikaríkt starfsfólk sem er vel menntað á Landspítalanum og margir hafa sterkar tengingar erlendis, bæði í Evrópu, Bandaríkjunum og víðar. Við í félaginu erum einnig í öflugu norrænu samstarfi og líka vestur til Bandaríkjanna. Það eru allir tilbúnir að veita stuðning og ráðgjöf, við þurfum að vera tilbúin að þiggja," segir Guðmundur.

„Það eru fjölmargar foreldraráðstefnur tengdar einstökum sjúkdómum bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum. Bandarísku ráðstefnurnar eru miklar fjölskylduráðstefnur; því þar er hugað að barninu með sjúkdóminn, foreldrum og systkinum þess. Dagskráin er sniðin að öllum í fjölskyldunni. Það væri óskandi að fá fleiri fjölskyldur sem hefðu tækifæri til að upplifa fjölskylduráðstefnur erlendis og tengjast með þeim hætti fjölskyldum í sömu sporum. Til þess að þetta verði að veruleika þarf fjármagn frá hinu opinbera."

Engin áætlun í augsýn

Árið 2012 samþykkti Norðurlandaráð að hver þjóð myndi útbúa landsáætlun í málaflokki barna með sjaldgæfa sjúkdóma. Sú áætlun átti að vera tilbúin árið 2014 og gilda í þrjú ár í senn. Ísland var á meðal þessara þjóða en enn hefur engin landsáætlun litið dagsins ljós.

„Árið 2016 kom eitt A4 minnisblað og þá tókum við okkur til, nokkrir aðilar innan félagsins, og bjuggum til 10 þátta verkáætlun, drög að aðgerðum sem hægt væri að útfæra án tilkostnaðar. Þessi áætlun sem við gerðum hefði ekki kostað ríkisvaldið neitt, heldur aðeins skipt verkefnum milli nefnda og boltinn fari af stað. Við reyndum að leggja til þessa vinnu en það hefur ekkert gerst síðan," segir Guðrún.

„En þetta er ekki bara ríkið. Þetta eru sveitarfélögin sem þurfa einnig að koma að þessu. Við erum algjörlega tilbúin að taka þátt í svona vinnu en það þarf að vera samtal milli ríkis og sveitarfélaga. Það sem hefur verið vandamál, líkt og kom fram í skýrslu Sambands sveitarfélaga sem gefin var út fyrir tveimur árum, er að meirihluti af okkar málaflokki liggi á svokölluðu gráu svæði og mætti líkja því við skopparabolta milli ríkis og sveitarfélaga. Jafnvel einnig á milli heilbrigðisráðuneytisins og velferðarráðuneytisins. Þetta þarf að laga."

Ríkið getur stutt við fjölskyldur

Bæði Guðmundur og Guðrún lýsa því að þegar upp koma sjaldgæfir og alvarlegir sjúkdómar sé vonin lítil þar sem þekking á sjúkdómnum er oftar en ekki af skornum skammti og skilningur einnig. Vonin snúist í raun oft meira um það að hugsanlega takist að finna leiðir til að bæta stöðu og lífsgæði. Lyfjafyrirtæki sjá sér ef til vill lítinn hag í því að eyða fjármagni í stórar rannsóknir, því markhópurinn sé ekki það stór og því fáir sem þurfa lyfið sem yrði framleitt.

„Lyfið er samt sem áður lífsnauðsynlegt fyrir einstaklinginn og lyf geta bætt lífsgæði og seinkað framvindu sjúkdómsins sem skiptir öllu. En auðvitað koma einhver lyf sem eru í tengslum við aðra sjúkdóma og geta gagnast seinna meir. Við getum tæplega ætlað íslenskum stjórnvöldum að leggja til hundruð milljóna í rannsóknir á sjaldgæfum sjúkdómum. Við verðum því að gefa fjölskyldum barna með sjaldgæfa sjúkdóma og heilkenni tækifæri til þess að taka þátt í klínískum lyfjarannsóknum erlendis, ef það býðst. Ríkið getur stutt við fjölskyldur til dæmis með ferðakostnaði. En hlutverk stjórnvalda er hins vegar að gera líf þessara fjölskyldna bærilegt. Félagið Einstök börn gerir sitt besta til þess að miðla af þekkingu sinni til félagsmanna og annarra í samfélaginu. Við bjóðum ríkisvaldinu krafta okkar til þess að búa til metnaðarfulla og raunhæfa áætlun í tengslum við sjaldgæfa sjúkdóma," segir Guðmundur.

Margt smátt gerir eitt stórt

Styrktarsjóður Einstakra barna er alfarið háður frjálsum framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Drekinn, fallegur spilastokkur og fjórar bækur eftir Heiðu Björk Norðfjörð er varningur sem hægt er að kaupa og þannig um leið styrkja félagið. Hægt er að styrkja félagið á heimasíðunni einstokborn.is.

Þörf á öflugu kerfi til að sinna málaflokknum betur

Fleiri tilfelli af sjaldgæfum sjúkdómum hafa verið að greinast á Íslandi síðasta árið. Hans Tómas Björnsson, yfirlæknir á erfða- og sameindafræðideild Landspítala, segir að í sjálfu sér sé ekki um raunfjölgun að ræða á einstaklingum með sjaldgæfa sjúkdóma heldur sé verið að fá greiningu á fleiri einstaklingum en áður. Hans Tómas er nýfluttur heim frá Bandaríkjunum þar sem hann starfaði meðal annars við Johns Hopkins spítalann í Baltimore. Hann hefur hitt marga sjúklinga á síðastliðnu ári ásamt Reyni Arngrímssyni og Jóni Jóhannesi Jónssyni erfðalæknum.

„Ég tel að þessi aukning geti að hluta til stafað af því að við erum búin að sjá fleiri á stuttum tíma. Það var langur biðlisti að hitta erfðalækni og ég held að okkur hafi tekist að vinna upp þennan biðlista á þessu ári," segir Hans Tómas. „Annað er að í dag eru miklu betri tól til að fá niðurstöður úr greiningum sjaldgæfra sjúkdóma. Geta okkar til að greina þá hefur farið mjög batnandi."

Hans hefur starfað náið með Íslenskri erfðagreiningu sem hefur verið að framkvæma raðgreiningar Íslendingum að kostnaðarlausu með aðferð sem nefnist háafkastagreining. Sú aðferð raðgreinir mjög mikið af DNA mjög hratt. „Við notum þessa aðferð fyrir fólk ef það eru mörg gen sem koma til greina eða ef sjúkdómsmyndin er óljós."

Langflesta sjaldgæfa sjúkdóma má rekja til stökkbreytingar í genum foreldra eða nýrra stökkbreytinga í börnunum sjálfum. Ekki eru þekktar neinar umhverfisástæður sem valda aukinni stökkbreytingatíðni hjá Íslendingum. „Almennt þá eru stökkbreytingar að gerast í okkur öllum, í hverri kynslóð. Oft er fólk með samviskubit yfir því að hafa einhvern veginn valdið sjúkdómi barns síns. Eitt af því sem ég geri þegar ég hitti fólk með barn með sjaldgæfan sjúkdóm er að ítreka að það er ekkert sem fólk hefði getað gert til að breyta aðstæðum. Fólk hugsar oft: „Ahh, ég hefði ekki átt að drekka þetta hvítvínsglas á 3. viku áður en ég vissi að ég var ólétt," það er svo algengt að fólk kenni sjálfu sér um. En það er ekki svoleiðis," segir Hans Tómas.

„Þegar við raðgreinum heilbrigðan einstakling finnum við alltaf nýjar stökkbreytingar, en þær lenda oftast á svæðum sem skipta minna máli. Börn sem eru með sjaldgæfa sjúkdóma sem koma fram snemma á ævinni eru oftast með stökkbreytingar sem lentu á afar mikilvægum genum sem líkaminn þolir alls ekki að missa. Þetta er aðalástæðan fyrir þessum sjaldgæfu barnasjúkdómum," segir Hans Tómas. „Það getur verið mjög gagnlegt fyrir foreldra að vita hverjar orsakir sjúkdómsins eru því þá getum við gefið þeim upplýsingar um horfur og eins er gott fyrir aðra í fjölskyldunni að vita hvort sjúkdómurinn erfist áfram í næstu kynslóð. Loks er hægt að skoða hvort einhver meðferð sé möguleg."

Hans Tómas Björnsson, yfirlæknir á erfða- og sameindafræðideild LSH.

Hans segir byltingu vera að eiga sér stað í meðferðarmöguleikum, sérstaklega fyrir sjaldgæfa sjúkdóma. Ný lyf hafa verið að koma á markað síðustu ár sem virka vel. „Á síðasta ári var tekið upp lyf á Íslandi sem heitir Spinraza, lyf sem meðhöndlar sjúkdóm sem nefnist SMA eða Spinal Muscular Atrophy. Börn sem bera þann sjúkdóm eru lömuð og geta ómeðhöndluð í raun aðeins hreyft augun. Með lyfinu hefur orðið gjörbylting á því hvernig þau geta hreyft sig. „Það var barist mikið fyrir því að fá þetta lyf til Íslands og var það tekið upp núna 2018," segir Hans.

„Það er svakaleg þróun að eiga sér stað og ég held að á næstu árum verði þróunin enn hraðari. Til dæmis er nýlega komið á markað í Bandaríkjunum lyf fyrir drengi með Duchenne vöðvarýrnun en þetta lyf virkar fyrir hluta af drengjum með þann sjúkdóm. Öll þessi nýju líftæknilyf eru hins vegar svakalega dýr og mikilvægt að hafa skýr skilmerki um hvernig við tökum þessi lyf í notkun."

Það er þung og erfið raun fyrir fjölskyldur þegar afar sjaldgæfir sjúkdómar greinast og í litlu landi er stundum erfitt að tengjast öðrum sem eru að ganga í gegnum svipaða hluti. „Ég reyni oft að mæla með við fjölskyldur að tengjast fólki í hópum á samfélagsmiðlum fyrir sinn sjúkdóm. Það er ákveðin leið til að finnast þau ekki vera ein. Það er líka leið til að fylgjast með hvort það sé eitthvað nýtt að gerast hjá sjúklingum með þennan sjúkdóm erlendis."

Margir læknar koma að því að sinna barni með sjaldgæfan sjúkdóm og að mörgu leyti hefur verið afar vel að því staðið en auðvitað má alltaf bæta. Til að mynda hefur verið veitt fjármagn til að setja saman sérstakt teymi fyrir einstaklinga með sjaldgæfa sjúkdóma. „Það er afar góð samvinna milli okkar og Barnaspítala Hringsins. Það er mikilvægt að þessir einstaklingar fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á en í augnablikinu þurfa þessir einstaklingar að sækja þjónustu á marga staði eins og til dæmis til okkar á Landspítala eða Barnaspítalann en einnig auðvitað á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem er staðsett í Kópavogi. Það er ekki einfalt fyrir fjölskyldur að fara á marga staði og auðvitað myndi ég vilja sjá meira fjármagn veitt til þessa málaflokks og það er gríðarlega mikilvægt að hafa öflugt kerfi þannig að við getum boðið upp á þjónustu sem er sambærileg við það sem er í boði í nágrannalöndunum," segir Hans.

„Þessi börn verða líka fullorðin og þá breytist margt. Hver á þá að sinna þeim? Það eru kannski læknar búnir að þekkja barnið í 18 ár og um leið og það nær þeim aldri þá verður oft minni þjónusta í boði. Það mætti alveg skoða betur hvernig staðið er að því. Það má alveg eyrnamerkja þennan málaflokk betur og ég held það sé okkar hlutverk í samvinnu við hópa eins og Einstök börn að berjast fyrir því."

WWW.BILALAND.IS

Yfirfarnir bílar á góðu verði

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.

HYUNDAI Santa Fe III Style
Nýskr. 03/16, ekinn 56 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.390.000 kr.

BMW X1 Xdrive18d
Nýskr. 04/18, ekinn 15 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.690.000 kr.

SUBARU XV Premium
Nýskr. 02/15, ekinn 50 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.990.000 kr.

NISSAN Juke Acenta Plus 4wd
Nýskr. 03/16, ekinn 38 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.990.000 kr.

LAND ROVER Discovery 4 SE
Nýskr. 09/16, ekinn 74 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 7.690.000 kr.

NISSAN Qashqai Acenta 2WD
Nýskr. 01/19, ekinn 3 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000 kr.

NISSAN Leaf Tekna 40kwh
Nýskr. 08/18, ekinn 5 þ.km, rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 4.490.000 kr.

SUBARU Outback Lux+ Eyesight
Nýskr. 06/15, ekinn 51 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.190.000 kr.

KIA Niro Hybrid EX
Nýskr. 03/17, ekinn 29 þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 3.490.000 kr.

BMW i3 REX 60ah
Nýskr. 01/16, ekinn 25 þ.km, rafmagn/bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.590.000 kr.

LAGERSALA

Valdir bílar á einstöku tilboðsverði. Fyrstur kemur – fyrstur fær!

RENAULT Clio Dynamic
Nýskr. 06/14, ekinn 96 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð 1.590.000 kr.

TILBOÐ!
990.000 kr.

VW Golf Trendline
Nýskr. 05/17, ekinn 88 þ.km, bensín, beinskiptur.
Verð 2.190.000 kr.

TILBOÐ!
1.790.000 kr.

TOYOTA Rav4 GX
Nýskr. 06/17, ekinn 93 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000 kr.

TILBOÐ!
3.390.000 kr.

HYUNDAI Tucson Comfort
Nýskr. 01/18, ekinn 74 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.490.000 kr.

TILBOÐ!
3.890.000 kr.

HYUNDAI iX35 Comfort
Nýskr. 06/15, ekinn 64 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.390.000 kr.

TILBOÐ!
2.690.000 kr.

- Ástandsskoðun
- Allt að 80% lán
- Ný vetrardekk
- Fjármögnun á staðnum

www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
Opið frá kl. 9–18 alla virka daga og laugardaga frá kl. 12–16

Bílaland – Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bílaland

Langvinn veikindi barns

Það er mjög krefjandi og erfitt hlutskipti að vera sjúklingur og gildir einu á hvaða aldri viðkomandi er í sjálfu sér. Þegar við horfum á mismunandi hópa sjúklinga þykir mörgum erfiðara að horfast í augu við þann veruleika að börn veikjast líkt og aðrir. Ef um er að ræða mjög erfið eða langvinn veikindi þá flækist málið enn frekar. Þá er það ekki bara barnið sem glímir við veikindi heldur allt stuðningsnet og fjölskylda í raun og veru. Ýmiss konar sjúkdómar geta eðlilega komið upp, bæði meðfæddir og áunnir, og sum þessara veikinda geta tengst meðgöngu og fæðingu. Fyrirburar eru útsettari fyrir vanda eftir því hversu snemma þeir koma í heiminn. Blessunarlega erum við á Íslandi með einn besta árangur í heimi í meðhöndlun fyrirbura, en veikindi þeirra og meðferð geta tekið sérstaklega á.

Ýmiss konar sjúkdómar og gallar geta svo komið fram á fyrstu dögum og vikum barna með fulla meðgöngulengd líkt og hjartagallar eða efnaskiptagallar svo dæmi séu tekin, en einnig sjúkdómar sem sýna sig fyrst með þeim hætti að barnið dafnar ekki eins og búist er við og leiðir það til frekara mats hjá heilbrigðisstarfsfólki. Börn tjá sig ekki líkt og fullorðnir og leita fagaðilar því að merkjum um sjúkdóma eða vandamál með skimun líkt og við gerum í ungbarnaverndinni á heilsugæslum. En foreldrar þekkja börn sín best og eru iðulega næmust á að finna þegar eitthvað bjátar á. Þá á að hlusta á foreldrið og leita orsaka. Hið sama gildir um fötlun sem getur komið fram strax við fæðingu eða með tímanum eftir því sem barnið þroskast.

Þá má ekki gleyma sjúkdómum líkt og krabbameinum og smitsjúkdómum sem geta valdið verulegum vanda og langvinnri baráttu einstaklingsins, þeir geta komið upp á öllum aldursskeiðum barna. Það er þó vitað að krabbamein sum hver koma frekar fram á ákveðnum aldursbilum og eru heilbrigðisstarfsmenn þá vakandi fyrir þeim. Þegar barn veikist er foreldri eðlilega áhyggjufullt og rík ástæða til þess að fara vel yfir málið og taka afstöðu til þess hvort um alvarleg veikindi er að ræða. Meirihluti þeirra barna sem veikjast er með einfaldari veirusýkingar eða pestir sem ganga niður af sjálfu sér. Hins vegar ef barnið ekki jafnar sig á eðlilegum tíma, er með hita reglulega eða verki sem ekki útskýrast auðveldlega, slappast og missir matarlyst og þrífst ekki líkt og áður getur verið vandi á höndum.

Öllum þessum veikindum sem og fötlun fylgja miklar tilfinningar aðstandenda og þá ekki síst nærfjölskyldu. Sorg, reiði og gremja eru algeng viðbrögð en einnig uppgjöf og máttleysi gagnvart aðstæðum. Það er áfall að vera í þessari stöðu og það er bókstaflega ætlast til þess að stuðningsnetið haldi og bresti ekki, en það getur verið ansi erfitt að bogna ekki. Fjölskyldur þurfa stuðning, fræðslu og aðstoð á margvíslegan máta þegar þær ganga í gegnum veikindi barna sinna. Sumir veikjast sjálfir á sama tíma og/eða í kjölfar slíks álags. Þannig getur skapast vítahringur sem hefur áhrif á bataferli bæði barnsins, en ekki síður aðstandendanna. Mjög mikið hefur áunnist í þessum efnum og skilningur aukist á þessari þörf, heilbrigðisþjónustan hefur brugðist við með stuðningi. Aðstandendur langveikra barna hafa staðið saman og ýmsir hópar og samtök litið dagsins ljós. Lagasetning vegna veikinda barna og kjarasamningsbundin réttindi hafa batnað, atvinnurekendur hafa einnig lagt sitt á vogarskálarnar auk fleiri aðila, en betur má ef duga skal. Það má ekki vera svo þegar það mikilvægasta í lífi flestra, börnin sjálf, er í húfi að kerfið spili vörn og geri fólki erfitt fyrir.

Það er áfall að vera í þessari stöðu og það er bókstaflega ætlast til þess að stuðningsnetið haldi og bresti ekki, en það getur verið ansi erfitt að bogna ekki.

Teitur Guðmundsson
læknir
Doktor.is

Mynd til vinstri: Ragnar heldur á kornungri frænku sinni, Emblu. Hann segir það huggun harmi gegn að vita að hún geti verið áhyggjulaus um sjúkdóminn í framtíðinni. Til hægri: Hrönn ásamt eiginmanni sínum, Sæþóri, og Emblu.

Hvatti systur sína til að leita allra leiða

Ragnar er með alvarlegan vöðvarýrnunarsjúkdóm sem leggst einungis á drengi. Þegar systir hans, sem er arfberi sjúkdómsins, fór að huga að barneignum tók við erfið þrautaganga. Systkinin vilja bæði opnari umræðu.

Við höfum alltaf rætt þetta mál mjög opinskátt á mínu heimili. Í mínum huga og okkar í fjölskyldunni kom aldrei til greina að eignast barn með þennan sjúkdóm," segir Hrönn Bjarnadóttir. Hún ólst upp með tveimur langveikum bræðrum sínum með alvarlegan erfðasjúkdóm. Duchenne er alvarlegur vöðvarýrnunarsjúkdómur sem leggst eingöngu á drengi. Stúlkur geta hins vegar verið arfberar þessa sjúkdóms. Annar bróðir hennar lést þegar hún var sjö ára gömul en hinn bróðir hennar, Ragnar, er 43 ára í dag og er bundinn hjólastól, í öndunarvél og þarf sólarhringsumönnun.

„Helsti stuðningsmaður þeirrar ákvörðunar minnar var bróðir minn sem ber sjálfur þennan sjúkdóm og sá stuðningur hefur verið mér gríðarlega mikilvægur í mínu verkefni að eignast heilbrigt barn. Enginn er í betri stöðu til að mynda sér skoðun á þessu máli heldur en einstaklingur sem hefur þurft að lifa með þessum sjúkdómi alla sína ævi. Hann er alfarið þeirrar skoðunar að hann hefði miklu frekar valið að fæðast heilbrigður ef hann hefði mátt velja," segir Hrönn.

Hún segir vináttu sína og Ragnars vera ómetanlega. Hann sé ekki aðeins hennar besti vinur heldur einnig hennar helsti stuðningsmaður í lífinu almennt. „Ég get alltaf leitað til hans og við höfum alltaf um nóg að spjalla. Eftir að ég átti dóttur mína Emblu fyrir tveimur árum er þó spurning hvor er í meira uppáhaldi, ég eða Embla, en Ragnar er yndislegur frændi og ég veit að Embla hefur gefið honum mikið."

Hrönn segist heppin að vera í barneignum í dag en ekki fyrir 20 árum þar sem gríðarlegar tækniframfarir hafa orðið sem gera fólki kleift að notast við tæknifrjóvgun og DNA-greiningu á fósturvísum til að eignast heilbrigt barn.

„Sjúkdóminn er sem sagt hægt að greina í fósturvísum og velja þannig úr þá fósturvísa sem bera ekki þetta gen. Þessi tækni er þó ekki í boði hérlendis en ég fór í mínar meðferðir í London á læknastofnu sem sérhæfir sig meðal annars í þessu og heitir Boston Place Clinic."

Umræður um fósturgreiningar oft einhliða

Ragnar segist alltaf hafa verið staðráðinn í því að hvetja systur sína til að leita allra leiða til að eignast barn sem væri ekki með sjúkdóminn sem hann hefur, og helst barn sem væri ekki heldur arfberi sjúkdómsins. „Það var ekki flókið að hvetja hana á þennan veg enda er fjölskyldan algerlega samstíga um þessa leið. Ég myndi ekki óska neinum að þurfa að ganga í gegnum lífið í mínu ástandi. Það er mér huggun harmi gegn að vita að litla frænka mín þarf ekki að hafa áhyggjur af þessum sjúkdómi í framtíðinni," segir Ragnar.

Þá vill hann meiri fræðslu og umræður um málaflokkinn. „Umræður varðandi fósturgreiningar eru til dæmis mjög einhliða og virðast oft einskorðast við Downs-heilkenni. Lítið er rætt um neikvæðar hliðar Downs, til dæmis eru sumir með Downsheilkenni miklir sjúklingar. Það eru margir aðrir mjög alvarlegir sjúkdómar sem valda miklum þjáningum," segir Ragnar. „Það eru margar hliðar á þessu máli og það þarf að ræða um allar þessar hliðar. Ég fæddist með minn sjúkdóm og verð auðvitað að lifa með því. En líf mitt er oft mjög erfitt og það er ekki auðvelt að þurfa að missa af mjög mörgu sem lífið hefur upp á að bjóða fyrir heilbrigt fólk."

Hrönn hefur aðstoðað nokkur pör með fjölskyldusögu um alvarlega erfðasjúkdóma við að fara í gegnum sama ferli og hún.

„Ég hef bæði gefið ábendingar um hvaða læknastofu ég fór á og eins gefið ráð og leiðbeiningar varðandi meðferðina sem konan þarf að fara í en hún er bæði tímafrek og reynir mikið á líkama og sál og þá er alltaf gott að geta talað við einhvern sem hefur verið í sömu sporum."

Hrönn segir að fólk sem hafi enga reynslu af því að vera með langveikt barn í fjölskyldunni eigi skiljanlega erfitt með að setja sig í spor þeirra sem það þekkja enda séu þetta aðstæður sem erfitt er að setja sig inn í nema hafa reynt þær á eigin skinni.

„Mamma mín lenti hins vegar í mörgum erfiðum og skrítnum uppákomum þegar hún var að ganga í gegnum sína erfiðleika þegar bræður mínir greindust og yngri bróðir minn lést. Það voru til dæmis einhverjir sem komu að máli við hana og létu hana vita að hún hefði greinilega verið svona vond í fyrra lífi og þess vegna ætti hún svona veik börn," segir Hrönn.

„Það var ekki fyrr en ég var komin á barneignaraldur og farin að skoða mína möguleika sem ég varð vör við fordóma og skilningsleysi. Þegar ég byrjaði mínar barneignarhugleiðingar vissi ég ekki af þeirri tækni sem er til staðar í dag og mér var ráðlagt að prófa sjálf að eignast barn og láta framkvæma fósturgreiningu á meðgöngunni í þeirri von að fóstrið bæri ekki þetta gen."

Duchenne sjúkdómurinn erfist þannig að það eru 50 prósent líkur á því að barn arfbera erfi genið. Sé barnið drengur þá mun hann bera sjúkdóminn en sé það stúlka verður hún arfberi eins og móðirin.

„Ég var ólétt um mitt ár 2012 og komst að því þegar ég var gengin rúmlega 14 vikur að fóstrið mitt væri drengur sem bæri gallaða genið. Ég tók þá ákvörðun strax í byrjun meðgöngunnar að ef þessi staða kæmi upp myndi ég binda enda á meðgönguna og það gerði ég í nóvember 2012. Ég varð vör við mikla fordóma og skilningsleysi á þessum tíma varðandi ákvörðun mína, bæði innan spítalans og utan. Það sem kom mér mest á óvart var hversu margir sem vissu mjög lítið um þessi mál og höfðu enga reynslu af svona aðstæðum voru með sterkar skoðanir á þeim. Ég sem betur fer var með dyggan stuðning frá bróður mínum og allri minni fjölskyldu en þetta tók samt á mig. Fræðsla og umræða er besta ráðið við skilningsleysi og fordómum að mínu mati, eins að fá fram sjónarhorn þeirra sem þekkja það að berjast við þessa sjúkdóma og fjölskyldur þeirra."

LAUNAFÓLK HELDUR UPPI OF STÓRU KERFI

Það væri ekkert mál að greiða launafólki út hærri laun ef ekki þyrfti að borga annað eins í skatta og launatengd gjöld. Launafólk heldur uppi of stóru kerfi. Þar þarf að stíga skref til baka því sífellt aukast álögurnar og nú stöndum við uppi með illleysanlega deilu þar sem einn fær of lítið og annar borgar of mikið. Það gengur ekki upp til framtíðar.

Ef hækka á útborguð laun starfsmanns í dag um 100.000 kr. þarf launagreiðandi að greiða 220.000 kr. í viðbótarlaunakostnað.

Miðað við meðaltalslaunahækkun frá 2008 hafa **launatengd gjöld hækkað um 142%** í krónum talið á meðan **persónuafsláttur hefur hvorki hækkað í takt við vísitölu né launaþróun.**

Launafólk skoðar hvað það fær útborgað en launagreiðandinn heildarkostnað vegna launa.

ÉG VIL AÐ MITT FÓLK FÁI MEIRA

Helgi Vilhjálmsson

Helgi Vilhjálmsson, launagreiðandi

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á **LAUNASAMSETNING.IS**

SÓFADAGAR 28. MARS - 8. APRÍL

CLEVELAND sófi. Legubekkur + 2ja sæta. Ljós- eða dökkgrátt áklæði. Sófann er hægt að fá speglaðan. L231 x D140 cm. 114.900 kr. Nú 89.900 kr.

NÚ **59.900**
SPARAÐU 25.000

CLEVELAND sófi. 3ja sæta. Ljós- eða dökkgrátt áklæði. L208 x D86 cm.
84.900 kr. Nú 59.900 kr.

NÚ **139.900**
SPARAÐU 40.000

CLEVELAND sófi. Hornsófi + legubekkur. Ljós- eða dökkgrátt áklæði. Sófann er hægt að fá speglaðan. L308 x D203 cm. 179.900 kr. Nú 139.900 kr.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM .COM/ILVAISLAND

LARVIK hornsófi. Fallegur sófi með bláu áklæði.
L251 x D251 cm. 199.900 kr. Nú 159.900 kr. Kynningarafsláttur.

50%

SUNDAY 3ja sæta sófi með grænu áklæði.
L225 x D88 cm. 129.900 kr. Nú 64.950 kr.

25%

CLEVELAND hægindastóll. 27.900 kr. Nú 19.900 kr.

NÚ 119.900
SPARAÐU 30.000

LARVIK sófi. Legubekkur + 2,5 sæti. Fallegt grátt áklæði.
L225 x D140 cm. 149.900 kr. Nú 119.900 kr. Sófann er hægt að fá speglaðan. Kynningarafsláttur.

30%

AMBLE hornsófi. Fallegt Tamini 420 rauðbrúnt áklæði.
L306 x B306 cm. 299.900 kr. Nú 199.900 kr.

55%

NATUZZI B900 2ja sæta sófi (án mótora). Madison 20RE svart leður. L182 cm. 449.900 kr. Nú 199.900 kr.

30%

LISSABON sófi. 3ja sæta. Ljósgrátt áklæði. L242 cm.
149.900 kr. Nú 104.900 kr.

30%

LISSABON sófi. 2ja sæta. Ljósgrátt áklæði. L182 cm.
129.900 kr. Nú 89.900 kr.

NÚ 129.900
SPARAÐU 60.000

LULU sófi. 3ja sæta. Fallegt rautt áklæði. L210 cm.
189.900 kr. Nú 129.900 kr.

SAVONA svefnsófi. L225 x D151 cm. Svefnflötur 140 x 197 cm. 99.900 kr. Nú 79.900 kr.

TOLUCA svefnsófi. L157 cm. Svefnflötur 140 x 197 cm. 59.900 kr. Nú 47.900 kr.

VISA MasterCard

12 MÁNAÐA GREIÐSLUDREIFING
Þegar verslað er með VISA eða MasterCard fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

3 MÁNAÐA GREIÐSLUDREIFING MEÐ netgíró

Tröllakrókar eru mikilfengleg náttúrusmíð. Í baksýn sést í Axarjökul og til hægri sést glitta í Snæfell. MYNDIR/ÓLAFUR MÁR BJÖRNSSON

Tröllakrókar – náttúruundur í anda Gaudí?

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari.

Í Lónsöræfum við austanverðan Vatnajökul er stórkostleg náttúrufegurð þar sem skiptast á óvenjulitrík líparítfjöll með hnífskörpum berggöngum, snævi þaktir tindar, jökulár og gróskumikill birkiskógur. Þarna er eitt skemmtilegasta göngusvæði á Íslandi og óvenjufjölbreyttar gönguleiðir í boði. Ein slík liggur að Tröllakrókum sem eru 8 km langir klettadrangar úr móbergi sem jöklar, vatn og vindar hafa sorfið til. Algengast er að skoða þessa einstöku náttúrusmíð að ofanverðu og er tilvalið að hefja gönguna frá Múlaskála þar sem bæði er tjaldstæði og snotur skáli. Að Múlaskála er hægt að komast gangandi úr Lóni á einum eða tveimur dögum en fleiri velja að stytta gönguna og aka á sérútbúnum jeppa inn að Illakambi. Á leiðinni er farið yfir hina viðsjárverðu Skyndidalsá en ekki verður komist lengra akandi. Frá Illakambi er 40 mínútna ganga í Múlaskála sem liggur steinsnar frá Jökulsá í Lóni. Gönguleiðin að Tröllakrókum liggur oftast í gegnum svokallaðar Leiðitungur en einnig má velja eystri gönguleið sem kallast Leið milli gilja. Hún er brattari en býður upp á ótrúlegt útsýni yfir litfögur líparítgilin. Eftir nokkurra km göngu minnkar brattinn og er stefnan tekin á Egilssel við Kollumúlavatn. Þar er lítill skáli sem einnig er hægt að komast að gangandi úr norðri frá Geldingafelli. Áður en komið er í Egilssel er sveigt til vesturs og blasa þá allt í einu Tröllakrókarnir við í öllu sínu veldi. Það er ólýsanleg tilfinning að koma að þessu stórkostlega náttúrulistaverki en sorfnir klettadrangarnir minna á sköpunarverk spænska arkitektsins, Antoni Gaudí, sérstaklega hina heimsfrægu kirkju Sagrada Familia í Barcelona. Sums staðar ná þverhníptir hamrarnir nokkur hundruð metrum og á milli þeirra eru náttúruleg mosavaxin útskot sem eru frábærir útsýnispallar.

Skammt norðan Tröllakróka eru lágvaxinn tindur, Tröllakrókahnúta, með sérlega fallegu stuðlabergi. Þar býðst ótrúlegt útsýni yfir til Snæfells, Axarjökuls, Grendils í Vatnajökli og Sauðhamarstinds. Á leiðinni heim er gaman að ganga meðfram grasi grónum Víðidal, en til að fara ofan í hann veitir ekki af heilum göngudegi.

Fókus á hjarta landsins

Gönguleiðin að Tröllakrókum er mikið litaspil þar sem líparít er í aðalhlutverki.

Tröllakrókar minna á arkitektúr Gaudí.

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

Tröllakrókar bjóða upp á náttúrlega útsýnispalla. Þar er tilvalið að staldra við og njóta náttúrunnar.

Útsýni norður til Tröllakróka frá litríkum líparíthryggjum Lónsöræfa. MYNDIR/ÓLAFUR MÁR BJÖRNSSON

Slakað á skammt frá Tröllakrókum með útsýni yfir Sauðhamarstind og Vatnajökul.

Fókus á hjarta landsins

Tröllakrókar minna á Sagrada Familia kirkjuna í Barcelona sem er sköpunarverk arkitektsins Gaudí.



NÓA

Popp Smellur

NÝTT!

Poppaðu upp tilveruna!

Nóa Popp Smellur er nýtt og ómótstæðilegt súkkulaðihúðað poppkorn sem einnig er fáanlegt með piparduft. Grípandi smellur sem tyllir sér beint á topp vinsældarlistans.
Popp Smellur. Nýjasti Smellurinn frá Nóa Síríus.

Á réttri leið

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þjóðkirkjan með biskup Íslands í fararbroddi liggur nú sem oftar undir allnokkru ámæli fyrir að framfylgja í verki kenningu Krists um mikilvægi þess að sýna náungakærleik. Þessi gagnrýni kemur aðallega frá fólki sem telur sig vera sannkristið en virðist þó engan veginn skilja kristinn boðskap, allavega leggur það ansi lítið upp úr því að flóttafólki sem sannarlega býr við mikla neyð sé rétt hjálparhönd. Gagnrýnin á þjóðkirkjuna kemur meira að segja úr þinghúsinu, en einn þingmanna Miðflokksins, Ólafur Ísleifsson, kallaði Dómkirkjuna „almenningsnáðhús“, vegna þess að hælisleitendum var hleypt þar inn til að fara á salerni. Þingmaðurinn sló ekki í gegn á vinnustaðnum með þessum ummælum sínum því félagar hans á þingi andvörpuðu yfir orðum hans og einhverjir gerðu hróp að honum. Ólíklegt er þó að þingmaðurinn hafi séð að sér, eins og honum hefði sæmt best.

Á dögunum stóð biskup Íslands, Agnes Sigurðardóttir, að eigin sögn álengdar á Austurvelli meðan á einum mótmælafundi hælisleitenda stóð „til að sýna hælisleitendum að mér og kirkjunni er ekki sama um fólk í neyð“. Skilaboð biskups eru skýr, henni er, sem æðsta fulltrúa þjóðkirkjunnar, umhugað um hælisleitendur. Vart verður sagt að andúð í garð flóttamanna og hælisleitenda sé grasserandi hér á landi, en hér finnst þó fólk sem lítur á þessa einstaklinga, sem sannarlega búa við neyð, eins og séu þeir óværa sem þurfi með öllum ráðum að losna við. Dæmi eru um fólk sem hefur sagt sig úr þjóðkirkjunni vegna þess sem því finnst vera dekur kirkjunnar við hælisleitendur. Sök kirkjunnar er þó ekki önnur en sú að taka afstöðu með þeim sem standa höllum fæti. Nokkuð sem allir ættu að gera enda mikilvægur hluti af því að vera siðuð manneskja.

Sá hópur, sem stöðugt amast við komu hælisleitenda hingað til lands, hefur örugglega sopið hveljur þegar fyrr í þessari vikur fréttist af fundi biskups með fulltrúum Evróputráðs múslima. Fundurinn telst til tíðinda því Agnes Sigurðardóttir er fyrsti biskup Íslands sem heimsækir mosku hér á landi. Það mun vafalaust kalla yfir hana enn frekari fordæmingu frá þeim hópi Íslendinga sem hatast við múslima, telja þá ógn við vestræn samfélög, og óttast ekkert meir en að þeir fylli landið og fjölgi sér.

Biskup Íslands og þjóðkirkjan hafa tekið mikilvæga afstöðu með flóttamönnum og hælisleitendum, fólki sem hefur upplifað skelfilega hluti og þráir ekkert meir en að eiga öruggan samastað. Það er sorglegt til þess að vita að hér á landi fyrirfinnst fólk sem hefur engan áhuga á að greiða götu þeirra sem svo sannarlega þurfa á aðstoð að halda. Eina framlag þessara einstaklinga eru ummæli sem lýsa skelfilegum skorti á samkennd og eru á skjön við þá kristilegu hugmyndafræði sem þeir vilja þó kenna sig við. Sumt sem þeir láta út úr sér verður engan veginn flokkað öðruvísi en sem hatursfull ummæli. Það er þjóðkirkjunni til sóma að hafa tekið afdráttarlausa afstöðu gegn hatri og fordómum þessa hóps.

Skilaboð biskups eru skýr, henni er, sem æðsta fulltrúa þjóðkirkjunnar, umhugað um hælisleitendur.

Halldór



Frá degi til dags

Samherjar

Baldvin Þorsteinssyni tókst að stela fréttadeginum í gær þegar hann gekk á milli föður síns og Samherja, Þorsteins Baldvinssonar, og Más Guðmundssonar seðlabankastjóra á göngum þingsins í gær. Baldvin var helst til ógnandi og orðljótur þegar hann kom í veg fyrir að Már gæti kastað kveðju á Þorstein. Óneitanlega full ýkt framganga þar sem Már mun, með fullri virðingu, seint teljast til mest ógnvekjandi manna landsins og ekki eins og líkamlegri eða andlegri heilsu Þorsteins stæði bráður háski af honum.

Maður dagsins

Samfélagsmiðlar fóru á hliðina um leið og Fréttablaðið.is greindi, fyrst allra miðla, frá uppákomunni í máli og myndum. Gunnar Smári Egilsson benti meðal annars á að forseti Alþingis hlyti að biðja Má afsökunar enda ætti fólk sem boðað er á fund þingsins að vera tryggt gegn ofbeldi. Mikið til í þessu og málið væri sjálfsagt enn alvarlegra ef ekki væri fyrir vasklega framgöngu Kolbeins Proppé, þingmanns VG, sem stillti til friðar af einurð og yfirvegaðri festu. Öryggismálin eru bara bærileg þarna á meðan hann er í húsi. Eða eins og flokks- og vopnabróðir hans, Stefán Pálsson, orðaði það: „Félagi Proppé tekur að sér ganga- og dyravörslu ef eftir því er óskað. Vel gert!“

thorarinn@frettabladid.is

Teflum ekki dýrmætu fjöreggi í frekari tvísýnu!

Kristófer Oliversson
formaður FHG – Fyrirtækja í hótel- og gistiþjónustu

Handvalin reykvísk hótel í eigu 15 aðila þurfa nú að sæta því, þriðju vikuna í röð, að vera í „hers höndum“ Eflingar og VR með ómældu tjóni fyrir eigendur og samfélagið allt.

Þernur og annað starfsfólk hótelanna hefur til þessa unað hag sínum vel á Íslandi þar sem það nýtur tvöfalt til þrefalt betri kjara við störf sín en í heimalöndum flestra starfsmanna. Íslensk launakjör hinna lægst launuðu eru á pari við Sviss og Liechtenstein en laun eru hvergi hærri en þar.

Taxtar Eflingar í evrum hafa á sl. fimm árum hækkað um 75%, bankamillifærslur erlends starfsfólks á Íslandi til heimalanda sinna hafa hækkað úr 4 milljörðum íslenskra króna árið 2015 í 25 milljarða árið 2018.

Fæstir kysu að skipa sér í hóp hinna lægst launuðu, hvar svo sem væri í heiminum. Sögurnar af dugmiklu erlendu starfsfólki sem flyst til Íslands og vinnur sig upp í starfi og launum á Íslandi eru hins vegar fjölmargar og ánægjulegar.

Um hóflegar launakröfur vinnandi fólks með hliðsjón af því sem til skipta er hverju sinni hefur ríkt allgóð sátt á Íslandi allt frá dögum „Þjóðarsáttarinnar“ svonefndu. Launakröfur Eflingar nú miðast hins vegar við að lægst launuðu hótelþernurnar hljóti sömu kjör og hjúkrunarfræðingar með fjögurra ára háskólanám njóta í dag. Um „höfrungahlaups“-áhrifin af slíkum kröfum, ef eftir gengi, þarf ekki að fjölyrða. Öll viljum við bæta kjör hinna lægst launuðu hvar í stétt sem þeir standa. En það er vandséð að það verði gert með öðrum hætti en með inngripi stjórnvalda.

Aðförin að íslenskri hótel- og gistiþjónustu er ómakleg og mál að linni. Skorað er á málsaðila að leiða umrædd kjaramál til lykta hið allra fyrsta svo ekki hljótist frekari skaði af, hvorki á orðspori Íslands né efnahag. Mikið er í húfi.

Aðförin að íslenskri hótel- og gistiþjónustu er ómakleg og mál að linni.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Dómstólar í deiglunni

Í DAG

Þorvaldur Gylfason

Hæstiréttur hefur frá hruni dæmt bankamenn í tæplega 100 ára fangelsi samanlagt. Þeir einstaklingar skipta þó a.m.k. hundruðum sem telja bankana hafa hlunnfarið sig með fulltingi dómstóla óháð þeim brotum sem bankamenn voru dæmdir fyrir.

Valparaíso, Síle – Gamall vinur minn og starfsbróðir í Háskóla Íslands sagði við mig upp úr þurru: Við þurfum ekki að hafa þungar áhyggjur af lagadeildinni svo lengi sem dómstólarnir eru í lagi. Ég beit á jaxlinn.

Eru dómstólarnir í lagi?

Ástand dómstóla er hægt að meta frá ýmsum hliðum. Einn mælikvarðinn er skipan dómara. Veljast hæfir menn og óhlutdrægir til dómarastarfa? Annar kvarði er gæði dómanna af hlutlægum sjónarhóli. Eru dómarnir réttir og sanngjarnir? Þriðji kvarðinn er traustið sem fólkið ber til þeirra. Njóta þeir almenns trausts?

Skoðum málið lið fyrir lið

Skipan dómara. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn hafa haldið dómsmálaráðuneytinu út af fyrir sig allar götur frá 1926 ef tíu ár af bráðum 100 eru undan skilin. Þessir tveir flokkar hafa haft skipan langflestra dómara á hendi sinni og sáð tortryggni. Fimm af dómurunum sex sem úrskurðuðu stjórnlagaþingskosninguna 2010 ólöglega með fráleitum rökum voru skipaðir af dómsmálaráðherrum Sjálfstæðisflokksins. Allir dómarar Hæstaréttar hafa sótt sömu lagadeild í Háskóla Íslands. Hlutdrægni dómsmálaráðherra við skipun í dómaraembætti hefur oftar en einu sinni bakað ríkinu skaðabótaskyldu gagnvart hæfari umsækjendum sem ráðherra gekk fram hjá. Nýlega hafa tveir dómsmálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins neyðzt til að segja af sér, annar vegna ólöglegrar skipunar í dómaraembætti. Hæstaréttardómarar bítast í blöðunum og jafnvel fyrir dómstólum. Grunur um lögbrot í Hæstarétti hefur ekki fengizt rannsakaður. Nýlega hafa nokkrir dómarar sakað Mannréttindadómstól Evrópu um að misskilja íslenzk lög og afhjúpað um leið að þeir skilja ekki sjálfir að þjóðir kjósa gjarnan að styrkja fullveldi sitt með því að deila því. Þeirra fullveldi er „fullveldi fantsins“ eins og Sif Sigmarsdóttir stalla mín hér á blaðinu orðaði það vel fyrir nokkru. Þeir virðast halda að ESB sé byggt á misskilningi.

Gæði dóma. Margir hafa kvartað undan rangsleitnum dómum, t.d. maðurinn sem tapaði innheimtumáli fyrir banka í Hæstarétti sem gerði sér mat úr því að maðurinn hafði ekki lagt fram hljóðrit af símtali við bankann, hljóðrit sem bankinn átti að geyma en þóttist ekki finna. Héraðsdómur hafði dæmt manninum í vil með réttum rökum, en Hæstiréttur sneri sýknudóminum við. Svipuð dæmi skipta tugum. Hæstiréttur hefur frá hruni dæmt bankamenn í tæplega 100 ára fangelsi samanlagt. Þeir einstaklingar skipta þó a.m.k. hundruðum sem telja bankana hafa hlunnfarið sig með fulltingi dómstóla óháð þeim brotum sem bankamenn voru dæmdir fyrir. Önnur dæmi eru beinlínis sprenghlægileg eins og t.d. dómur héraðsdóms þar sem prósentutala var ýmist skráð með níu eða 14 aukastöfum og dómarinn bætti síðan við textann, væntanlega til að varpa enn skýrara ljósi á viðfangsefnið: „Unnt er að reikna niðurstöðuna með enn fleiri aukastöfum.“

Traust almennings. Engan þarf því að undra að meiri hluti fólksins í landinu hefur vantreyst dómskerfinu óslitið frá aldamótum þegar mælingar hófust án þess að séð verði að stjórnvöld hafi reynt að styrkja lög og rétt, öðru nær. Dómstólar hafa þó átt góða spretti, eins og t.d. nú um daginn þegar Hæstiréttur endurreisti loksins prentfrelsi Stundarinnar sem bankamenn höfðu með fulltingi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu haldið í gíslingu í 522 daga. Þegar hliðstætt mál kom upp í Bandaríkjunum 1971 dæmdi Hæstiréttur landsins prentfrelsinu í vil innan 15 daga. Lengur en svo taldi rétturinn ekki leyfilegt að láta prentfrelsið bíða.

Réttarfar undir smásjá

Bandaríska lögfræðingafélagið átti fyrir nokkrum árum frumkvæði að nýrri stofnun, World Justice Project, sem birtir tölur um dómskerfi og réttarfar um heiminn og gefur einkunnir líkt og tíðkast hefur að slá máli á lýðræði, spillingu og traust. Átta ólíkir þættir réttarfars eru lagðir til grundvallar, m.a. valdmörk og mótvægi við ríkisvald, gegnsæi í andstöðumerkingu við spillingu, virðing fyrir mannréttindum, framfylgd laga o.fl. Tölurnar ná yfir 126 lönd. Norðurlöndin fá háar einkunnir, frá 8,5 í Svíþjóð upp í 9,0 í Danmörku sem er dúxinn í öllum hópnum. Bandaríkin fá einkunnina 7,1 borið saman við 8,1 í Kanada. Bandaríkin fá lægri einkunn en Kanada og Norðurlönd í öllum greinum. Suður-Ameríkulönd fá lægri einkunnir, frá 2,8 í Venesúelu sem er fúxinn, 5,1 í Perú, 6,8 hér í Síle og allt upp í 7,1 í Úrúgvæ eins og í Bandaríkjunum. Einkunnir fyrir lög og rétt og fyrir lýðræði fylgjast jafnan að frá einu landi til annars.

Ísland er ekki með í hópnum sem bandarísku lögfræðingarnir hafa undir smásjá, ekki frekar en önnur fámenn lönd eins og Kýpur og Malta. Fróðlegt verður að sjá einkunn Íslands þegar þar að kemur.

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Tillaga um innleiðingu rafíþrótta í starf íþróttafélaga

Björn Gíslason
borgarfulltrúi
Sjálfstæðisflokksins

Þátttaka barna og ungmenna í íþróttastarfi getur haft mjög jákvæð áhrif á félagsfærni barna, ekki síst til framtíðar litið. Rannsóknir hafa sýnt fram á þessi jákvæðu tengsl, en nauðsynlegt er að börn fái þjálfun í félagsfærni enda getur slík færni hjálpað þeim á öllum stigum lífsins, bæði í leik og starfi.

Í starfi mínu sem borgarfulltrúi og formaður Íþróttafélagsins Fylkis fæ ég mjög gjarnan fregnir af börnum sem einangra sig félagslega, eru heima í tölvunni og geta jafnvel ekki slitið sig frá henni. Ástæða er til að ætla að við eigum eftir að fá tíðari fregnir af slíkum tilfellum, enda fleygir tækninni fram á ógnarhraða og tölvutæknin orðin órjúfanlegur hluti af lífi fólks nú til dags.

Byltingarkennd og hröð tækniþróun er jákvæð

Byltingarkennd og hröð tækniþróun þarf ekki endilega að vera neikvæð. Hún getur verið mjög jákvæð og einfaldað okkur lífið til muna. Í dag þykir t.d. ekkert tiltökumál að hringja myndsímtal í börnin og barnabörnin sem búsett eru utan landsteinanna, jafnvel í annarri heimsálfu, í gegnum Skype eða FaceTime. Þá þykir okkur ekkert tiltökumál að vinna hvar sem er í heiminum, það eina sem þarf til er tölva.

En auðvitað á tækninn líka sínar myrku hliðar og er ein birtingarmyndin sú að börn og ungmenni, jafnvel fullorðnir, fara ekki út úr húsi, eiga nánast ekki í neinum mannlegum samskiptum sem leiðir til einangrunar. Þetta hefur – eins og gefur að skilja – alls konar fylgikvilla í för með sér, s.s. vanlíðan, kvíða, þunglyndi og offitu svo fátt eitt sé nefnt. En hvað er til ráða?

> **Sem formaður Íþróttafélagsins Fylkis lagði ég til að félagið yrði fyrst til þess að innleiða rafíþróttir í almennt íþróttastarf félagsins.**

Nýtum tæknina til góðs

Sjálfur hef ég haft miklar áhyggjur af þessari þróun og velt vöngum yfir henni ásamt félögum mínum í íþróttahreyfingunni. Reykjavíkurborg og íþróttafélögin öll geta nefnilega lagt sitt af mörkum til að snúa þessari þróun við og nýta tæknina til góðs.

Í haust hafði ég spurnir af svokölluðum rafíþróttum, sem ganga út á að börn og unglingar mæli sér mót og æfi sig saman sem lið og einstaklingar í alls kyns tölvuleikjum. Rafíþróttir eru þannig eins og hefðbundnar íþróttir í þeim skilningi að iðkendur hittast á æfingum og keppa svo sín á milli á mótum, sams konar mótum og íþróttamótum. Þetta eitt og sér fær ungmenni til þess að fara út úr húsi, hitta aðra einstaklinga og mynda nauðsynleg félagsleg tengsl.



Rafíþróttir sem almennar íþróttagreinar

Eftir að hafa heyrt um rafíþróttir ákvað ég að mæla mér mót við menn sem þekkja þetta erlendis frá og sótti í kjölfarið ráðstefnu sem haldin var hérlendis um málið.

Sem formaður Íþróttafélagsins Fylkis lagði ég til að félagið yrði fyrst til þess að innleiða rafíþróttir í almennt íþróttastarf félagsins. Þannig myndum við skilgreina íþróttina sem almenna íþróttagrein innan félagsins, líkt og gert er með aðrar íþróttir. Nú er unnið hörðum höndum að stefnumótun sem felur í sér innleiðingu rafíþrótta innan Fylkis.

Þátttaka foreldra verið mikil

Þetta hefur verið gert víða á Norðurlöndunum, til að mynda í Danmörku, og gefið góða raun. Í Danmörku njóta starfræktar rafíþróttadeildir mikilla vinsælda meðal iðkenda. Raunar hafa þær vaxið mjög hratt á umliðnum árum enda njóta tölvuleikir sívaxandi vinsælda. Þarlendis hefur þátttaka foreldra jafnframt verið mikil, s.s. eins og gerist og gengur í hefðbundnu sjálfboðastarfi innan íþróttahreyfingarinnar.

Sjálfur hef ég vakið máls á rafíþróttum í Menningar-, Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkurborgar hvar ég á sæti. Þar hef ég viðrað þá hugmynd að innleiða rafíþróttir í starf allra íþróttafélaganna í Reykjavík, ekki síst með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir félagslega einangrun og auka félagsfærni barna og unglinga. Þessar hugmyndir hafa hlotið jákvæðar undirtektir í ráðinu enda allra hagur að snúa aðsteðjandi vandamálum í lausnir, þ.e. að snúa vörn í sókn.

Nú hef ég ákveðið að leggja fram tillögu á næsta borgarstjórnarfundi þess efnis að íþróttafélögin í Reykjavík fái aðstoð við að innleiða rafíþróttir hafi þau áhuga á því. Þannig gætu íþróttafélögin í Reykjavík óskað eftir samstarfi við borgina og borgin aðstoðað við að byggja upp deildir innan íþróttafélaganna í Reykjavík. Nýtum tæknina til góðs.

Tæki færi

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

SIEMENS
Espressó-kaffivél
Glæsileg vél sem útbýr tvo bolla í einu af ýmsum kaffidrykkjum. Býr einnig til helstu drykki með einum hnappi. Hraðvirk upphitun. Snertiskjár með myndum. Kaffikvörn úr keramík. Þrýstingur: 15 bör. Flóar mjólk sjálfvirkt.
Tækifærisverð: TE 654319RW
144.900 kr.
Fullt verð: 179.900 kr.

A++ Orku-flokkur
BOSCH
Uppþvottavél, Serie 4
13 manna. Sex kerfi. Þrjú sérkerfi, þar á meðal tímastytting og kraftþurrkun. Hljóð: 46 dB. „aquaStop"-flæðivörn.
Tækifærisverð: SMU 46CI01S
89.900 kr.
Fullt verð: 114.900 kr.

Lokadagar Tækifærisdaga. Tilboð gilda út mars 2019.



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Notalegir Opel Corsa

Verð frá 990.000 kr.

Innifalið í notuðum Opel Corsa:
- Bensín í heilt ár
- Þjónusta í heilt ár
- Kílómetrastaðan staðfest
- Árs-ábyrgð á vél og drifbúnaði
- Ástandsskoðaðir af þjónustumiðstöð Opel

Bílahús Benna
benni.is

BÓNUS®

1.098
kr. 1 kg

Jarðarber Askja
1 kg, Spánn

1.395
kr. búnt

Túlípanar
10 stk.

Opnum nýja verslun laugardaginn, 30. mars

BÓNUS®
Garðatorgi

Verð gildir til og með **31. mars** eða meðan birgðir endast

3 X 250 ML

395
kr. pk.

Hámark Próteindrykkur
3 x 250 ml, 3 teg.

KOLVETNASKERT PRÓTEINBRAUÐ
Aðeins 12 g kolvetni og 25 g prótein pr. 100 g

398
kr. 400 g

Bónus Próteinbrauð
Kolvetnaskert, 400 g

ALLTAF NÝBAKAÐ

ÍLMANDI BAKKELSI

4 kubbar

259
kr. 4 stk.

Bónus Kjarnakubbar
4 stk. í poka

229
kr. 400 g

HP Rúgbrauð
400 g

Fólk

FIMMTUDAGUR 28. MARS 2019

Tíska

Amazon Fashion Week Tokyo fór fram dagana 18.-23. mars. Japönsk hönnun var í fyrirrúmi en gestir tískuvikunnar eru ekki síður áhugaverðir enda með eindæmum skrautlegir, litfagrir og spennandi í útliti. →4

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Guðrún Bergmann tekur Astaxanthin þegar hún fer til sólarlanda. Taka þarf eina töflu daglega og ef verið er að nota Astaxanthin sem vörn gegn sólinni er gott að taka það í nokkrar vikur áður en farið er í sólarfrí til að leyfa því að byggjast upp í kerfinu. Astaxanthin ver húðina gegn skemmdum.

Sólbrúnt orkusumar með Astaxanthin

Astaxanthin er frábært sem innri sólarvörn, þar sem það verndar húðina gegn útfjólublá um sólarskemmdum, eykur teygjanleika hennar, dregur úr fínum hrukkum og eykur rakastig. Astaxanthin eykur orku og úthald hjá íþróttamönnum. →2

„Ég verð aldrei jafn fallega brún og þegar ég hef undirbúið húðina með því að taka inn Astaxanthin í einhvern tíma fyrir sólarferð," segir Guðrún Bergmann. MYND/ERNIR

Framhald af forsíðu

Guðrún Bergmann hefur tekið Astaxanthin frá NOW nokkuð reglulega. „Þetta er eitt af þeim bætiefnum sem ég tek, einkum og sér í lagi þegar fer að vora eða ef ég er á leið til sólarlanda. Þetta er að mínu mati næringarefni sem allir Kanaríeyjafarar ættu að taka. Astaxanthin verndar gegn skaðlegum geislum sólarinnar og ég verð aldrei jafn fallega brún og þegar ég hef undirbúið húðina með því að taka inn astaxanthin í einhvern tíma fyrir sólarferð. Að sjálfsögðu tek ég það svo líka á meðan ég er í ferðinni," segir hún.

Astaxanthin verndar húðina sérstaklega gegn frumudauða sem orsakast af útfjólublábum (UV) geislum sólarinnar. Ólíkt sólkremum sem borin eru á húðina, blokkar astaxanthin ekki UV-geislana, þannig að það kemur ekki í veg fyrir að UVB-geislarnir breytist í D-vítamín í húðinni. Það ver húðina einfaldlega gegn skemmdum. Því er best að láta sólina skína óhindrað á húðina í eina klukkustund eða svo, áður en sólarvörn er borin á hana – ef planað er að vera allan daginn í sólinni.

Öflugt og breiðvirkt

Astaxanthin er skylt beta-karótíni, lúteini og canthaxanthin, þótt einstök sameindauppbygging þess geri það bæði öflugra og einstakara en önnur karótín.

Það er talið vera eitt öflugasta andoxunarefni náttúrunnar, það er unnið úr Haematococcus örþörungum, sem framleiða astaxanthin til að vernda viðkvæma þörungana fyrir sterkum útfjólublábum (UV) geislum sólarinnar og öðru álagi úr umhverfinu. Mælingar á rannsóknarstofum hafa sýnt að það er mun öflugra á margan hátt en E-vítamín, C-vítamín, beta-karótín og lútein.

Svona virkar astaxanthin í líkamanum:

- Það nær til allra hluta frumnanna, bæði að utan og innan.
- Það kemst í gegnum heilablóðþröskuldinn til að vernda heilann og taugakerfið.
- Það kemst í gegnum blóðþröskuld sjónhimnunnar til að veita augunum vernd.
- Það hefur áhrif um allan líkamann, í öllum líffærum og í húðinni.

Aðrir góðir eiginleikar

Ólíkt öðrum andoxunarefnum, einkum verksmiðjuunnum karótínum, skortir astaxanthin hæfni til umbreytast í oxandi efni, jafnvel þótt mikið sé tekið inn af því, en slíkt gerist hins vegar hjá ýmsum öðrum andoxandi efnum. Astaxanthin býr yfir ýmsum öðrum eiginleikum en að framan er getið, því það getur:

- Eflt ónæmiskerfið með því að auka mótefni í líkamanum.
- Stuðlað að vernd gegn hjartaáföllum.
- Stuðlað að vernd gegn myndun krabbameinsfrumna.
- Stuðlað að vernd gegn hrörnun augnbotnanna.
- Er vörn gegn Alzheimers og Parkinsons.
- Komið jafnvægi á blóðþrýsting.
- Dregið úr vandamálum í blöðruhálskirtli.
- Aukið varnir líkamans gegn kvefi.
- Komið í veg fyrir og dregið úr sykursýki týpu 2.
- Komið í veg fyrir tannholdssjúkdóma.
- Aukið æxlunargetuna.
- Verndað alla hluta frumna gegn oxandi skemmdum.

Eins og ofangreindur listi sýnir er astaxanthin eitt af mikilvægari andoxunarefnunum og það sem ætti kannski að setja efst á lista yfir dagleg bætiefni. Nauðsynlegt er að taka það inn sem bætiefni, því það fæst lítið af því úr fæðunni, eða einungis um 2 mg úr 120 g skammti af villtum laxi.

Það tekur astaxanthin 12-19 klukkustundir að hámarkast í blóðinu og eftir það brotnar það niður á 3-6 klukkustundum. Þess vegna þarf að taka eina daglega og ef verið er að nota það sem vörn gegn sólinni, er gott að taka það í nokkrar vikur áður en farið er í sólarfrí til að leyfa því að byggjast upp í kerfinu.

Frábært fyrir íþróttamenn

Margir íþróttamenn nota astaxanthin, einkum þeir sem þurfa mikið úthald. Hvers konar líkamsrækt framleiðir í eðli sínu frjálsar stakeindir (oxandi efni) í líkamanum. Sem andoxunarefni dregur astaxanthin úr þeim áhrifum og gerir meira til.

Mesta magn astaxanthins finnst í vöðvunum á villtum laxi. Vísindamenn leiða að því líkur að þetta rauða efni sé að hluta til ástæðan fyrir hinu mikla úthaldi laxins, þegar hann syndir upp ár og stekkur fossa.

Því nýtist astaxanthin vel þeim íþróttamönnum sem stunda íþróttir sem gera kröfu um mikið úthald, vegna þess að:

- Það dregur úr frjálsum stakeindum og hraðar því að líkaminn jafni sig eftir álag.
- Það dregur úr framleiðslu og uppsöfnun á mjólkursýru og dregur því úr vöðvaverkjum.
- Það styrkir starfsemi hvatberanna (orkuflutningahluti frumnanna) – en undir áreynslu framleiða hvatberarnir meiri orku.

Afleiðing þess er líka framleiðsla á frjálsum stakeindum, en astaxanthin verndar gegn áhrifum þeirra. Astaxanthin er í raun einstakt meðal andoxunarefna vegna þess að það getur samtímis tekist á við margar tegundir af frjálsum stakeindum, en það er sjaldgæfur eiginleiki meðal andoxunarefna.

Astaxanthin verndar gegn bólgum

Ofan á alla framangreinda eiginleika bætist svo að astaxanthin dregur úr bólgum og nýtist vel gegn nánast hvaða bólguástandi sem er í líkamanum. Það á við um bólgur allt frá liðvandamálum eins og liðagigt, hvers konar úlnliðsvandamálum eða tennisolnboga.

Heimildir: www.drmercola.com - www.antioxidants-for-health-and-longevity.com - www.wellnessmama.com
Astaxanthin fæst í helstu matvöruverslunum, apótekum og www.hverslun.is

Astaxanthin er talið vera eitt öflugasta andoxunarefni náttúrunnar og mælingar hafa sýnt að það sé öflugra en E-vítamín, C-vítamín, beta-karótín og lútein.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir

Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

NÝ
SENDING!
Skyrtur, peysur
og kjólar
Stenströms
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Þetta par klæddist mildum jarðlitum í bland við litsterkari flíkur. NORDICPHOTOS/GETTY

Þetta myndarlega par klæddist rauðum og svörtum flíkum frá Comme des Garçons. NORDICPHOTOS/GETTY

Skrautlegir gestir tískuvikunnar í Tókýó

Amazon Fashion Week Tokyo fór fram dagana 18.-23. mars í höfuðborg Japans og var mikið um dýrðir eins og vanalega. Japönsk hönnun var auðvitað í fyrirrúmi þessa daga en gestir tískuvikunnar eru ekki síður áhugaverðir enda með eindæmum skrautlegir, litfagrir og spennandi í útliti. Skoðum nokkra góða gesti.

Þessar litfögru buxur eru frá Calvin Klein og vöktu eðlilega athygli.

Þessi klæddist fatnaði frá Comme des Garçons. Skórnir vöktu mikla athygli.

Frábært úrval af sundfötum

Bláu húsunum
Faxafeni
www.selena.is
selena.undirfataverslun
Selena

Rennilásar voru fyrirferðarmiklir hjá þessum unga manni.

Skemmtileg samsetning þar sem fallegur jakkinn leikur stórt hlutverk.

SHIMANO

TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi

RolfPRIMA

TRI

TRI VERSLUN
TRI VERKSTÆÐI
TRI VEFVERSLUN

FULCRUM

CUBE 2019 reiðhjólin eru komin!

WWW.TRI.IS

CUBE STEREO

CUBE AIM “27.5

CUBE ATTAIN

TACX FLUX SMART

TACX NEO SMART

TACX FLUX SMART

LOUISGARNEAU®

ParkTool

Tacx

STAGES CYCLING

#becube #triverslun

TRI VERSLUN

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

Sími:571 8111 Netfang: info@tri.is

DT SWISS

SPORTVER Akureyri

Vaskur Egilsstaðir

DT SWISS

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

SMART FÖT, FYRIR SMART KONUR
NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS
My Style tískuhús
my style
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Kjólar • Síðar skyrtur • Túnikur
Kr. 11.900.- Str. 40/42-56/58
Fleiri litir og munstur

Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Óður til fortíðar

Halldóra Sif er ein af fjölmörgum sem sýna hönnun sína á HönnunarMars. Lína hennar, Sif Benedicta, skartar meðal annars töskum úr plexígleri.

Innblásturinn er frá hinum góða glamour-tíma í kringum 1920 og rómantíkurtímanum sem kallast chic 70s," segir hönnuðurinn Halldóra Sif Guðlaugsdóttir en ný lína hennar verður frumsýnd í dag í búðinni Akkúrat í Aðalstræti.

Halldóra hóf hönnunarnám í Danmörku eftir menntaskóla og fór þaðan í fatahönnun við Listaháskóla Íslands þar sem hún lauk BA-prófi. Hún vann sem lærlingur í WRTW-deildinni hjá tískuhúsi Alexanders McQueen í London þar sem hún tók meðal annars þátt í hönnunarferli vor- og sumarlínunnar 2017.

Sif Benedicta er fylgihlutamerki sem sérhæfir sig í hágæða töskum og fylgihlutum. Vörurnar eru framleiddar á Ítalíu en fyrsta línan hét Benedicta's Room og er innblásin af 20s art deco og art nouveau formum, í bland við 60s popplist.

Nú er komið að næstu línu. „Þetta eru þrjár nýjar vörur sem ég er að sýna á HönnunarMars. Töskurnar eru úr leðri og plexígleri, hálsmenin eru líka kortaveski og eru einnig úr plexígleri og svo eru eyrnalokkar."

Eyrnalokkarnir eru svolítið stórir, um átta sentimetrar að stærð og eru svokallaðir „statement piece" með Swarovski-steinum.

„Það er spegill innan í töskunum og vandaðir vasar fyrir símann meðal annars. Það eru miklar pælingar um hvernig taskan er og hvernig hún virkar," segir Halldóra.

Fram undan eru næg verkefni því fyrir skömmu birtist grein um Halldóru og vörulínu hennar í danska Elle. Í kjölfarið var haft samband við hana og er hún að selja vörur sínar þar í landi. „Það er mjög spennandi. Nú er þó HönnunarMars og ég einbeiti mér að honum þessa stundina."

Halldóra Sif Guðlaugsdóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Taska úr leðri.

Glæsileg taska úr nýju línunni sem er úr plexígleri.



Sif Benedicta sérhæfir sig í hágæða töskum og fylgihlutum.

OPIÐ HÚS Í MK
Í dag 28. mars
Kl.16:30-18:30
Menntaskólinn í Kópavogi
þekking - þroski - þróun - þátttaka
Menntaskólinn í Kópavogi
Hótel– og matvælaskólinn
Ferðamálaskólinn og Leiðsöguskólinn
Digranesvegi 51
Sími 594 4000
www.mk.is

Félagsgreinabraut
Opin braut
Raungreinabraut
Viðskiptabraut
Framhaldsskólabraut
Starfsbraut fyrir einhverfa

Bakstur - bakari
Framreiðsla -þjónn
Kjötiðn - kjötiðnaðarmaður
Matreiðsla - kokkur
Grunndeild matvæla– og ferðagreina

Ferðamála– og leiðsögunám
Matsveina– og matartæknanám
Meistaranám í matvælagreinum

Hjartað slær í MK

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

HEILSÁRSJAKKAR VEGAN
(Við styðjum ábyrga framleiðslu)
VEGAN DOWN
ANIMAL FREE
FUCHS SCHMITT
skoðið laxdal.is
BERNHARD LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ
Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Lóa, Elín Elísabet og Árni Jón verða á Kattahaffihúsinu milli klukkan 15 og 18 í dag. MYND/ANTON BRINK

Hrossavinafélag teiknar kisulórur

Teiknararnir í Hrossavinafélaginu munu sitja á Kattakaffihúsinu á Bergstaðastræti í dag og teikna ketti. Teikningarnar verða til sölu og rennur ágóðinn til Kattholts.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is

Þrír af fimm meðlimum Hrossavinafélagsins, þau Lóa Hjálmtýsdóttir, Elín Elísabet Einarsdóttir og Árni Jón Gunnarsson, verða með penna og pensil á lofti á Kattakaffihúsinu í dag milli klukkan 15 og 18 og ætla að teikna ketti af miklum móð. Þessi viðburður er hluti af Hönnunar-Mars sem stendur sem hæst þessa dagana.

„Ég er svo hrifin af Hönnunar-Mars, og alltaf þegar ég hef ekki tekið þátt fyllist ég eftirsjá. Þess vegna var ég mjög glöð að Hrossavinafélagið vildi vera með mér í þessu," segir Lóa og Elín Elísabet bætir við: „Þessi viðburður var hugsaður fyrst og fremst út frá því að vera sem þægilegastur fyrir okkur. Við vildum henda í eitthvað skemmtilegt sem væri samt auðvelt." Árni Jón samsinnir. „Sem teiknarar erum við náttúrulega stressuð og þá er best að gera eitthvað sem þarfnast einskis undirbúnings," segir hann og hlær.

Hópurinn fékk inni í Kattakaffihúsinu á Bergstaðastræti. „Okkur fannst eitthvað fyndið við að Hrossavinafélagið myndi teikna ketti á kattakaffihúsi," útskýrir Lóa.

Teiknararnir munu teikna ketti fyrir opnum tjöldum og gestum og gangandi er frjálst að koma og fylgjast með framvindunni. „Við teiknum öll með okkar nefi en stílar okkar eru ansi mismunandi. Myndirnar hengjum við svo upp á vegg jafnóðum og þær eru tilbúnar og fólk getur keypt þær á viðráðanlegu verði. Teikningarnar verða til sölu og rennur allur ágóðinn til Kattholts," lýsir Elín Elísabet.

TEIKNING/ELÍN ELÍSABET

Húslistamenn á Holtinu

Hrossavinafélagið varð til fyrir nokkrum árum en í því eru teiknararnir þrír auk Helgu Páleyjar Friðþjófsdóttur og Ránar Flygenring. „Við reynum að hittast einu sinni í viku til að teikna saman. Starf teiknarans er í sjálfu sér dálítið einmanalegt en með þessari leið getum við hitt aðra teiknara, rætt fagið, fengið góð ráð og lært hvert af öðru," segir Árni Jón. Hann tekur sem dæmi að þau séu nú öll farin að teikna á iPad Pro en spjaldtölvueignin smitaðist á milli þeirra.

Hópurinn hefur hist á fimmtudagsmorgnum á Hótel Holti. „Þar eru rosalega þægilegir leðursófar sem gott er að sökkva sér ofan í. Okkur er voða vel tekið af starfsfólkinu og í raun dekrað við okkur," segir Lóa. „Svo kíkir starfsfólkið reglulega á okkur og gefur okkur súkkulaði með kaffinu."

Eruð þið þá orðnir húslistamenn Hótel Holts?

„Ja. Við sjáum okkur allavega þannig," segir Árni Jón glettinn.

En hvaðan kemur nafnið, Hrossavinafélagið?

„Nafnið er sprottið af sýningu sem Helga Páley hélt og hét Heeeeestur,veggur. Í kringum þá sýningu spruttu hestar upp í kollinn á okkur aftur og aftur. Við dýrkum hesta en finnst rosalega erfitt að teikna þá. Rán á sjálf hesta og á heiðurinn af nafngiftinni," segir Elín Elísabet.

Þau hvetja fólk til að koma á Kattakaffihúsið í dag. „Þó þetta sé einföld hugmynd ætti fólk að geta haft gaman af því að fylgjast með og síðan er ekki úr vegi að styrkja munaðarlausa ketti í leiðinni. Ef aðrir teiknarar vilja mæta og teikna með okkur er það líka sjálfsagt."

FLOTT FÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR
NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS
Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.
Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

TAX FREE

FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS!

THE NORTH FACE
DREW PEAK PEYSA
TAX FREE 11.286 kr.

THE NORTH FACE
APEX FLEX JAKKI
TAX FREE 28.220 kr.

THE NORTH FACE
NUPTSE III VESTI
TAX FREE 24.188 kr.

THE NORTH FACE
VENTURE 2 JAKKI
TAX FREE 20.156 kr.

DIDRIKSONS
WATERMAN POLLAGALLI
TAX FREE 8.060 kr.

DIDRIKSONS
SLASKEMAN POLLAGALLI
TAX FREE 7.254 kr.

DIDRIKSONS STORMMAN
POLLAGALLI
TAX FREE 8.866 kr.

DIDRIKSONS GULL REGNJAKKA
TAX FREE 7.254 kr.

MUCK BARNASTÍGVÉL
TAX FREE 7.254 kr.

SCARPA MOJITO SKÓR
TAX FREE 16.124 kr.

RÝMINGARSALA
Á HJÓLUM

MERIDA CROSSWAY HYBRID 100
FULLT VERÐ 114.990 KR.
VERÐ NÚNA
62.995 kr.

Hjólin eru einungis
í Ellingsen Granda.

ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

Fjör fram undan á HönnunarMars

HönnunarMars hefst í dag, fimmtudag, og stendur yfir til sunnudags. Fjölmargir spennandi og skemmtilegir viðburðir eru í boði, til dæmis á sviði fatahönnunar.

Þar má m.a. nefna sýningu á völdum verkum nemenda sem tóku þátt í samkeppni 66°Norður og Hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands en samkeppnin snerist um að skapa eitthvað nýtt úr klassískri húfukollu 66°Norður.

Húfa byggð á klassískri húfukollu 66°Norður. MYND/BENJAMIN HARDMAN

Í Ráðhúsi Reykjavíkur verður rýmisgreind vandræðaleikans rannsökuð í gegnum miðil fatahönnunar en sýningin er unnin upp úr meistaraverkefni fatahönnuðarins Helgu Láru frá The Swedish School of Textiles.

Feldur Verkstæði sýnir samansafn af gömlum pelsum sem hafa fylgt fjölskyldunni til margra ára en hafa nú öðlast nýtt líf og útlit í takt við tíðarandann.

Nemendur á 3. ári í fatahönnun við Listaháskóla Íslands sýna verk sem unnin voru á mörkum arkitektúrs og fatahönnunar úr gardínuefnum af gömlum lager heimsþekkta textílframleiðandans Kvadrat en sýningin er í samstarfi við Epal.

Mói býður upp á opna vinnustofu fyrir börn þar sem þau munu hanna nýja boli. Einn þeirra verður seldur í versluninni en allur ágóði rennur til Einhverfusamtakanna.

Nánari upplýsingar um viðburði HönnunarMars má finna á honnunarmars.is.

Þessi fallega taska sómir sér vel með öðrum listgripum. Myndin er tekin af Instagram-síðu þeirra Dolce og Gabbana.

Sannkallaður listgripur

Þeir félagarnir Dolce og Gabbana eru duglegir að nota samfélagsmiðla. Þannig kynna þeir vörur sínar og setja oft skemmtileg komment með myndunum. Þessi mynd birtist á Instagram, Facebook og á Twitter. Þar segir að D&C handtöskurnar séu ekki síðri en fallegur listgripur.

Það er hverju orði sannara að töskurnar frá D&G eru fallegar. Þær eru unnar af ástríðu fyrir glæsileika, eins og hönnuðir segja. Skartgripurinn á töskunni er handsmíðaður. Töskurnar fást í mörgum litum og kosta um hundrað þúsund en þær eru framleiddar á Ítalíu eins og flest það sem D&G hanna. Sjálfir eru þeir ítalskir og eiga sér langa sögu í frumlegri hönnun sem oftar en ekki er tímalaus. Hönnun þeirra þykir höfða til jafnt eldri sem yngri. Þá þykja þeir hafa sterkan skilning á þörfum netkynslóðarinnar.

Hárið getur verið óviðráðanlegt á veturna þegar veðrið er rysjótt.

Vetrarhárið

Margir finna fyrir því að hárið verður líflaust og þurrt þegar vetrarveðrið er rysjótt. Nauðsynlegt er að gefa hárinu auka raka þegar þannig stendur á. Veljið vandað og gott sjampó, hárnæringu og hárolíu til að ná aftur eðlilegum raka í hárið. Fáið aðstoð hjá fagmanni um hvernig best er að nota hárolíu.

Ef þú vilt fá lokka í hárið skaltu þurrka það með hárblásara þar til það er um það bil 80% þurrt. Spreyið blástursvökva yfir hárið og notið síðan hringbursta til að móta krullur með blásaranum. Ef hárið er feitt vegna olíunnar eða af öðrum orsökum er gott ráð að nota þurrsjampó. Hárolía getur líka hjálpað ef hárið er rafmagnað. Ekki þvo hárið daglega, það þurrkar húðina og slítur hárendana. Talið er að best sé að þvo hárið einu sinni til þrisvar í viku.

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílás
Bílasala Akranes

Volvo XC60 INSCRIPTION 3/2017 ek. 32,000 fallegur bíll með sumar og vetrard. Einn eigandi Verð 6,190,000 raðnr. 113569

Chevrolet Lacetti 2006 ek. 147,000 fínn bíll á tilboði 290,000 raðnr. 113776

Bílasalan Bílás Akranes
Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes
Sími: 431 2622
www.bilas

SUZUKI

TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.900,-

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Mótorhjól

Þjónusta

Sendibílaþjónusta

SENDIBÍLAÞJÓNUSTA.
Tökum að okkur allar flutningar,traust og góð þjónusta og vanir menn,
Upplýsingar í síma:
Árni 661-3166
Ásgeir 869-3741

Pípulagnir

Lögg. Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Önnur þjónusta

VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
Tímapantanir í síma 864-1273

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut
AFMÆLISTILBOÐ Í MARS !
Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105
Upplýsingar í síma 782 8800

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Honda CR-V Lifestyle dísel — **kr. 2.990.000**
Nýskráður 2/2014, ekinn 118 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Afborgun kr. 38.881 á mánuði*

Peugeot 308 SW — **kr. 990.000**
Nýskráður 4/2013, ekinn 120 þús.km., dísel, ssk.
Allt að 100% fjármögnun

Skoda Octavia — **kr. 990.000**
Nýskráður 7/2010, ekinn 159 þús.km., dísel, beinskiptur.
Allt að 100% fjármögnun

Toyota C-HR C-lub hybrid — **kr. 3.990.000**
Nýskráður 5/2018, ekinn 14 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Afborgun kr. 51.831 á mánuði*

VW Passat Alltrack — **kr. 3.290.000**
Nýskráður 12/2015, ekinn 108 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Afborgun kr. 42.766 á mánuði*

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Samþykkt deiliskipulags fyrir Hvalárvirkjun v/rannsókna, Árneshreppi

Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkti þann 13. mars 2019 deiliskipulag fyrir Hvalárvirkjun v/rannsókna. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust og hefur þeim, sem gerðu athugasemdir, verið send umsögn hreppsnefndar.
Smávægilegar breytingar, engar efnislegar, voru gerðar á skipulaginu eftir auglýsingu. Uppfærð skipulagsgögn ásamt minnisblað með afgreiðslu athugasemda eru aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, **www.arneshreppur.is**.

Hægt er að kæra samþykkt hreppsnefndar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

22. mars 2019
Kristján Ingi Arnarsson
Staðgengill skipulags- og byggingarfulltrúa

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Framleiðsluaukning um 30 tonn í eldisstöð N-lax á Laxamýri, Norðurþingi

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 29. apríl 2019.

Til sölu ísgerð
til flutnings hvert á land sem er

Tækjakostur mikill og góður
Hráefni flutt inn frá þekktum ítölskum framleiðanda
Gelato - Sorbetto - Vegan - Sykurlaus - Íspinnar

Upplýsingar frico43 @hotmail.com

Skólar & Námskeið

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði eða heildsala 90 fm við Bildshöfða Rvk. Til leigu langtímaleiga. Uppl. S:893-9777

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

GEYMSLURTILLEIGU.IS
SÍMI: 414-3000
Gerðu verðsamanburð !

Atvinna

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing um skipulag í Ísafjarðarbæ

-Óveruleg breyting á greinargerð Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020 Gististaðir, verslanir og veitingahús

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 7. mars 2019 tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin er tvíþætt og snýr að þjónustustarfsemi. Annars vegar er um að ræða breytingu á **hafnarsvæði K1** með því að nýju ákvæði er bætt inn í töflu 8.1 í greinargerð skipulagsins. *Gert er ráð fyrir að rýmka heimildir fyrir þjónustu sem er í góðum tengslum við miðsvæði M4. Breytingin er í samræmi við áherslur skipulagsins um það að tengja miðbæinn við m.a. hafnarsvæðið.*

Hins vegar er gerð breyting á ákvæðum fyrir öll íbúðarsvæði í Ísafjarðarbæ varðandi gistiþjónustu. Aðalskipulagsbreytingin er gerð í kjölfar breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahaldi nr.85/2007 sem öðlaðist gildi 1.janúar 2017. Markmið breytingarinnar er að skerpa á áherslum skipulagsins um að stuðla að fjölbreyttri og öflugri verslunar- og þjónustustarfsemi.

Íbúðarsvæði:
Á íbúðarsvæðum er heimilt að endurútgefa leyfi fyrir starfsemi í flokki II samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, þ.e. gististaði án veitinga. Gæta skal þess að starfsemin valdi sem minnstum óþægindum í íbúðarbyggð. Ekki er heimilt að veita ný leyfi fyrir slíka starfsemi innan íbúðarsvæða.

Uppdráttur breytist ekki og aðalskipulagið helst að öðru leyti óbreytt og öll ákvæði þess gilda áfram eftir breytingu.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar.

Axel Rodriguez Överby
-skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar

SKIPULAGSMÁL
Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftirfarandi tillögu.

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu Hnoðraholts og Vetrarmýrar.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir stækkun byggingareits fyrir viðbyggingu golfskála GKG.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is**, og í þjónustuveri Garðabæjar frá 28. mars 2019. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn athugasemdir við tillöguna á netfangið **skipulag@gardabaer.is** eða í þjónustuver Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ, og skulu þær vera skriflegar.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 9. maí 2019.

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_ capacent.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Delfin iðnaðaryksuga

Gríðaöflugir 3,4 kw mótorar
Ryksugar bæði blautt og þurrt
100 lítra tunna fyrir úrgang
Ítölsk gæði / 2 ára ábyrgð
Verð 490 þúsund krónur plús VSK

Gh-lausnir ehf / Steinhellu 12
Sími 899-1604 / delfin.is

EYJALIND **Varahlutir í VOLVO**
- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Verið hjartanlega velkomin.

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
ishúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BEST FYRIR
25. maí - 15. júní

679
kr. 8x120g

Dry-Aged Hamborgarar
Frosnir, 8 x 120 g

ÍSLENSKT
Lambakjöt

1.398
kr. kg

SS Lambalæri
Krydduð, haustslátrun 2018

SAMA VERÐ UM LAND ALLT

379
kr. kg

Spergilkál
Spánn

379
kr. kg

Blómkál
Spánn

250g

179
kr. 250 g

Kirsuberjatómatar
Spánn, 250 g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Smáratorgi: Mán-Fim; 10:00-19:00 • Fös-Lau; 10:00-19:30 • Sun; 11:00-18:00 – **Skeifunni og Garðatorgi:** Alla daga; 10:00-19:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

159
kr. 2 l

Egils Kristall
með granateplabragði, 2 l

500g

398
kr. 500 g

Hindber eða Bláber
Frosin, 500 g

459
kr. 1 kg

ES Berjablanda eða Jarðarber
Frosin, 1 kg

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

200 BLÖÐ
á rúllu

3JA LAGA
12 rúllur

698
kr. pk.

ES Salernispappír
3ja laga, 12 rúllur

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Smáratorgi: Mán-Fim; 10:00-19:00 • Fös-Lau; 10:00-19:30 • Sun; 11:00-18:00 – **Skeifunni og Garðatorgi:** Alla daga; 10:00-19:00 – Verð gildir til og með **31. mars** eða meðan birgðir endast.

30 ÁRA
2018
Flísabúðin

Gæði og glæsileiki

endalaust úrval af hágæða flísum

Finndu okkur
á facebook

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Stjarnan komst yfir í rimmu sinni við Grindavík

Stjarnan fékk Grindavík í heimsókn í Garðabæinn í þriðja leik liðanna i átta liða úrslitum Domino's-deildar karla í körfubolta í gærkvöldi. Stjörnumenn sem eru handhafar deildar- og bikarmeistaratitilsins unnu og eru 2-1 yfir líkt og Njarðvík á móti ÍR. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Stefnir á bandarísku mótaröðina

KEILA Arnar Davíð Jónsson keilari stendur vel að vígi á evrópsku mótaröðinni í keilu þegar fimm mót af 14 hafa verið spiluð. Arnar Davíð varð í fimmta sæti á móti sem fram fór í Dream Bowl Palace í München í Þýskalandi um síðustu helgi og tyllti hann sér í efsta sæti á mótaröðinni. Að þessu sinni kepptu um það bil 400 keppendur víðs vegar að úr heiminum á mótinu.

„Ég er mjög ánægður með frammistöðu mína á tímabilinu og ég hef verið að spila mun stöðugri leik en ég bjóst við sjálfur. Ég flutti til Svíþjóðar í ágúst á síðasta ári og get einbeitt mér algjörlega að því að spila keilu hérna. Það er rík hefð fyrir keilu hérna og þetta er ein af sterkari þjóðum í Evrópu í greininni. Ég vinn í keilusalnum við ýmis viðvik tengd keilunni og æfi svo daglega. Það skilar sér í bættri frammistöðu," segir hann um tímabilið.

Mótið sem Arnar Davíð lék á um helgina ber nafnið Brunswick Euro Challenge og stærsta keilumót ársins á Evróputúrnum. Þarna koma saman sterkustu keiluspilarar Evrópu en einungis ameríska mótaröðin þar sem bestu atvinnumenn heims koma saman er sterkari. Þar stefnir Arnar Davíð á að keppa á næsta tímabili.

Arnar Davíð, sem keppir með sænska liðinu Höganäs, tryggir sér sæti í Master-keppninni ef hann heldur sér í efsta sæti á mótaröðinni. Þetta í fyrsta sinn sem íslenskur keilari nær þeim áfanga að tróna á toppnum.

„Ég hef spilað með Höganäs í fjögur ár en ég lék með liðinu á meðan ég bjó í Ósló í Noregi. Þá tók ég bara rútuna í sex tíma í hvern deildarleik og það sýnir kannski hversu mikinn metnað ég hef fyrir því að ná langt í greininni. Við erum að berjast fyrir því að komast úr B-deildinni upp í þá efstu en liðið hefur verið að reyna það í sex ár. Vonandi tekst það í ár," segir Arnar um stöðu mála hjá sér.

Hann er að fylgja eftir frábærum endi á síðasta keppnistímabili en þá varð hann til að mynda fyrsti íslenski keilarinn til að vinna mót á evrópsku mótaröðinni þegar hann vann Óðinsvé International í Danmörku. Næsta mót á mótaröðinni verður um mánaðamótin júní og júlí í Madríd á Spáni og mótaröðinni lýkur svo í nóvember.

„Mig langar að komast á amerísku mótaröðina og ég tel það vel raunhæft. Ég er alveg á pari við þá keilara sem eru að spila þar þegar ég næ mínum besta leik. Þegar evrópsku mótaröðinni lýkur fer ég að einbeita mér að því að komast á meðal þeirra bestu í Bandaríkjunum," segir þessi metnaðarfulli keilari um framhaldið. **hjorvaro@frettabladid.is**

Nýjast

Domino's-deild karla

Stjarnan - Grindavík 98-81

Stjarnan: Ægir Þór Steinarsson 27, Antti Kanervo 26, Brandon Rozzell 23, Hlynur Elías Bæringsson 11, Collin Anthony Pryor 6.
Grindavík: Sigtryggur Arnar Björnsson 22, Ólafur Ólafsson 18, Lewis Clinch Jr. 16, Jordy Kuiper 10, Ingvi Þór Guðmundsson 7.

Staðan í viðureign liðanna er 2-1 fyrir Stjörnuna en hafa þarf betur í þremur leikjum til þess að komast í undanúrslit.

Njarðvík - ÍR 64-70

Njarðvík: Elvar Már Friðriksson 19, Jeb Ivey 10, Maciek Stanislav Baginski 8, Mario Matasovic 7, Eric Katenda 7, Logi Gunnarsson 7.
ÍR: Kevin Capers 26, Gerald Robinson 13, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 12, Hákon Ö. Hjálmarsson 11, Sæþór E. Kristjánsson 8.

Staðan í viðureign liðanna er 2-1 fyrir Njarðvík en hafa þarf betur í þremur leikjum til þess að komast í undanúrslit.

Meistaradeild Evrópu

Wolfsburg - Lyon 2-4

0-1 Dzsenifer Marozsan (8.), 0-2 Wendie Renard (vítaspyrna) (25.), 1-2 Pernille Harder (53.), 2-2 Pernille Harder (56.), 2-3 Eugénie Le Sommer (60.), 2-4 Eugénie Le Sommer (80.).

Lyon vann einvígið samanlagt 6-3 og er þar af leiðandi komið áfram í undanúrslit.

PSG - Chelsea 2-1

1-0 Kadidiatou Diani (47.), 2-0 Ann-Katrin Berger (sjálfsmark) (55.), 2-1 Maren Nævdal Mjelde (90.):

Chelsea vann einvígið samanlagt 3-2 og er þar af leiðandi komið áfram í undanúrslit.

Lilleström - Barcelona 0-1

0-1 Lieke Martens (7.)

Barcelona vann einvígið samanlagt 4-0 og er þar með komið áfram í undanúrslit.

Bayern M. - Slavia Prag 5-1

1-0 Fridolina Rolfö (23.), 2-0 Melanie Leupolz (32.), 3-0 Mandy Islacker (42.), 4-0 Mandy Islacker (55.), 4-1 Katerina Svitková (77.), 5-1 Jill Roord (83.)

Bayern München vann einvígið samanlagt 6-2 og er því komið áfram í undanúrslit.

Lyon sem er ríkjandi meistari mun mæta Chelsea í undanúrslitum en hins vegar munu Barcelona og Bayern München leiða saman hesta sína í undanúrslitunum.

Undanúrslitin verða síðan leikin 20/21. apríl annars vegar og 27/28. apríl hins vegar.

Vöðva eða liðverkir?

Voltaren Gel er bæði verkjastillandi og bólgueyðandi

15% afsláttur af 100g og 150g Voltaren Gel

Voltaren 11,6 mg/g hlaup. Inniheldur díklófenaktvíetýlamín. Staðbundnir bólgukvillar. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins.** Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

lyfja.is

LYFJA – Lifið heil

Guðmundur velur æfingahóp fyrir næstu leiki íslenska liðsins

HANDBOLTI Guðmundur Þórður Guðmundsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í handbolta, valdi í gær þá 20 leikmenn sem koma munu saman til æfinga vegna landsleiks Íslands gegn N-Makedóníu í undankeppni EM 2020 sem fram fer þann 10. apríl næstkomandi.

Heimir Óli Heimisson, línumaður Hauka, Magnús Óli Magnússon, leikstjórnandi Vals, og Guðjón Valur Sigurðsson, vinstri hornamaður Rhein-Neckar Löwen, koma nýir inn í leikmannahópinn frá því á HM í janúar síðastliðnum.

Ísland er á toppi riðils síns í undankeppninni með fjögur stig eftir tvo leiki.

Stefán Rafn Sigurmannsson, vinstri hornamaður Pick Szeged, er hins vegar ekki í leikmannahópnum að þessu sinni.

Ísland mætir N-Makedóníu í tveimur leikjum í apríl en síðari leikurinn verður leikinn í N-Makedóníu 14. apríl. Íslenska liðið hefur haft betur í fyrstu tveimur leikjum sínum í undankeppninni gegn Grikkjum og Tyrkjum.

Ísland er þar af leiðandi í toppsæti riðilsins fyrir næstu umferð með 4 stig. N-Makedóníumenn og Grikkir hafa tvö stig hvort lið og Tyrkir eru án stiga á botninum. – **hó**

Hópurinn er þannig skipaður

Markmenn:
Aron Rafn Eðvarðsson
Ágúst Elí Björgvinsson
Björgvin Páll Gústavsson
Viktor Gísli Hallgrímsson

Vinstra horn:
Bjarki Már Elísson
Guðjón Valur Sigurðsson

Vinstri skytta:
Aron Pálmarsson
Ólafur Guðmundsson

Leikstjórnendur:
Elvar Örn Jónsson
Haukur Þrastarson
Magnús Óli Magnússon

Hægri skytta:
Ómar Ingi Magnússon
Teitur Einarsson

Hægra horn:
Arnór Þór Gunnarsson
Sigvaldi Guðjónsson

Línumenn:
Arnar Freyr Arnarsson
Heimir Óli Heimisson
Ýmir Örn Gíslason

Varnarmenn:
Daníel Þór Ingason
Ólafur Gústafsson

Þjálfarar:
Guðmundur Guðmundsson
Gunnar Magnússon
Thomas Svensson

Kristófer Acox verður í eldlínunni með KR í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Tindastóll og KR geta komist áfram í kvöld

KÖRFUBOLTI Þriðja umferð í átta liða úrslitum Domino's-deildar karla í körfubolta heldur áfram í kvöld með tveimur leikjum.

Þá mætast Njarðvík og ÍR í Ljónagryfjunni suður með sjó og KR sækir Keflavík heim í Blur Car Rental-höllina við Sunnubraut í Keflavík.

Staðan er 2-0 í báðum viðureignunum en eftir framlengdan leik í fyrsta leik Tindastóls og Þórs unnu Stólarnir sannfærandi sigur í öðrum leiknum.

KR hafði svo betur í spennutrylli í fyrsta leiknum gegn Keflavík og var sterkari aðilinn í síðasta leik liðanna í Vesturbænum.

ÍR endurheimtir Kevin Capers úr leikbanni í leik sínum gegn Njarðvík. Það er svo spurning hvort Mindaugas Kacinas, miðherji Keflavíkur, hafi hrist af sér meiðslin sem héldu honum frá vellinum í síðasta leik liðanna. – **hó**

Ólafur mun aðstoða Brodie

GOLF Golfsamband Íslands hefur samið við Ólaf Björn Loftsson um að hann verði aðstoðarmaður nýráðins afreksstjóra GSÍ. Gregor Brodie tók við starfi afreksstjóra GSÍ fyrr á þessu ári og mun Ólafur Björn verða honum innan handar. Það var golf.is sem greindi frá þessu.

Ólafur Björn hefur lengi verið í fremstu röð afrekskylfinga á Íslandi. Hann varð Íslandsmeistari í golfi árið 2009 og fetaði þar með í fótspor föður síns, Lofts Ólafssonar.

Ólafur mun starfa sem framkvæmdastjóri PGA á Íslandi samhliða því að leika sem atvinnukylfingur og sitja á skólabekk í PGA kennaraskólanum á Íslandi.

Ólafur er einn reynslumesti landsliðsmaður Íslands í flokki áhugakylfinga og hann er eini íslenski kylfingurinn sem hefur fengið tækifæri til að keppa á PGA-mótaröðinni í Bandaríkjunum.

„Við erum mjög ánægð að fá Ólaf til liðs við okkur og erum fullviss um að þeir í sameiningu með öllu því góða fagfólki sem starfar í golfklúbbum landsins og fagteymi GSÍ muni færa okkar afrekskylfingum og íþróttinni í heild mikið á komandi misserum," segir Brynjar Eldon Geirsson, framkvæmdastjóri GSÍ, í samtali við golf.is. – **hó**



FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

28. MARS 2019 FIMMTUDAGUR

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ísleifur Guðmannsson

bifvélavirki
frá Jórvík í Álftaveri,
til heimilis að Víkurási 2, Reykjavík,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 21. mars. Útför hans verður gerð frá Fossvogskirkju föstudaginn 29. mars klukkan 15.

Trausti Ísleifsson
Guðmann Ísleifsson
Ásgeir Logi Ísleifsson
Hafdís Rósa Jónasardóttir
Benný Hulda Benediktsdóttir
Helga Karlsdóttir
og barnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sofía Jóna Thorarensen

Bakkavör 11,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 17. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju 1. apríl klukkan 15.00.

Eiður Th. Gunnlaugsson
Örn Gunnlaugsson
Sunna Gunnlaugsdóttir
Eva Maria Zwitser
Heiðrún Gróa Bjarnadóttir
Scott Ashley McLemore
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Bergljót Loftsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Dalbæ föstudaginn 15. mars.
Útförin fer fram frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 30. mars kl. 11.

Loftur Gunnar Sigvaldsson
Helga Björk Sigvaldsdóttir
Sveinn Haukur Sigvaldsson
Guðrún Sigurðardóttir
Sigurður Ásgeirsson
Ágústa Markrún Óskarsdóttir
og fjölskyldur.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Ólafur Bjarnason

fv. fjármálastjóri,

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, þann 14. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 28. mars kl. 13.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á að leyfa Fríkirkjunni í Hafnarfirði að njóta þess.

Fyrir hönd aðstandenda,
Þorgerður María Gísladóttir

Hjartans elsku maðurinn minn, tengdasonur, faðir okkar og fósturfaðir, tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,

Sveinn Jónsson

blikksmiður/tamningamaður
og verktaki,
Arnarhrauni 25,
Hafnarfirði,

andaðist á gjörgæsludeild Landspítalans að kvöldi laugardagsins 23. mars. Hann verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 2. apríl klukkan 15.00.

Íris Högnadóttir
Þyrí Ragnheiður S. Björgvinsdóttir
Magnús Björn Sveinsson
Jón Páll Sveinsson
Vera Helgadóttir
Högni Þór Jónsson
Björn Jónsson
Eyþór G. Jónsson
Sigríður Jónsdóttir
Alma Högnadóttir
Felix Högnason
Björgvin Högnason
Svandís Rós T. Jónsdóttir
Alexander Vilmar Jónsson
Bianca Elisabeth Treffer
Lovísa Jónsdóttir
Kerstin Wallquist Jonsson
Bryndís Gísladóttir
Bára Denný Ívarsdóttir
Gauja S. Karlsdóttir
Heiðdís Fjóla T. Jónsdóttir
og aðrir aðstandendur.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, amma, dóttir, tengdamóðir og systir,

Anna Elín Svavarsdóttir

ljósmyndari,

lést sunnudaginn 24. mars.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
François Heenen
Kristín Ninja Guðmundsd.
Sóley Heenen
Emilía Heenen
Kristín Pálmadóttir
Berglind Svavarsdóttir
Þóra Kristinsdóttir
Hilmar Gunnarssson
Bjarki Þ. Ingason
Kristinn Þ. Bjarnason
Matteo Mornata
Arnar Gunnarsson
og barnabörn.

Elsku sonur okkar og bróðir,

Kristján Steinarsson

er látinn. Útförin fer fram frá Lindakirkju mánudaginn 1. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að taka upp hanskann fyrir þá sem minna mega sín.

Kristín Kristjánsdóttir
Katrín Kristín Söebech
Katrín Steinarsdóttir
Alexander Steinarsson Söebech
Haukur Þór Lúðvíksson
Ari Már Lúðvíksson
Theodór Árni Söebech Hansson
Sigurður Halldórsson
Shirley Levi
Harpa Mjöll Gunnarsdóttir
Helena Júnía Stefánsdóttir

Þökkum innilega öllum þeim sem sýnt hafa okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

séra Sigurðar Helga Guðmundssonar

Hjartans þakkir til allra þeirra sem önnuðust hann í erfiðum veikindum síðastliðin ár og sýndu honum vináttu og hlýhug í orðum og verkum.

Brynhildur Ósk Sigurðardóttir
Sigurður Þór Sigurðarson
Margrét Sigurðardóttir
Vilborg Ólöf Sigurðardóttir
Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir
Örn Hauksson
Jóhannes Rúnar Jóhannsson
og barnabörn.

Móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

Erla Hermína Þorsteinsdóttir

Lambastekk 1, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 26. mars.
Hún verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 5. apríl kl. 13.

Sara Bertha Þorsteinsdóttir
Sigríður Halldóra Þorsteinsdóttir
Sigurður Þorsteinsson
Lilja Þorsteinsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristinn Hilmarsson
Páll Ásgeir Pálsson
Caroline Tayar
Sverrir Ágústsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Okkar ástkæri

Sævar Magnússon

Skúlagötu 20,

lést 22. mars.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 1. apríl kl. 13.00.

Kristín Hannesdóttir
Íris Sævarsdóttir
Karen Anna Sævarsdóttir
Kristinn Arnar Gunnarsson
Jónína Fjóla Gunnarsdóttir
Brynja Steinunn Gunnarsdóttir
Guðmundur Andrésson
Harpa Kristjánsdóttir
Valdimar Baldvinsson
og barnabörn.

„Ég tel að mínir hestar hafi verið gæðingar, það segja allir um sín hross," segir Magnús Sæmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Oft langur vinnudagur

Magnús Sæmundsson, fyrrverandi hreppstjóri, oddviti og bóndi fagnar 85 ára afmæli í dag.

Hann ræktaði búfé og ræktaði tún og í dag ræktar hann tengslin við fjölskyldu og vini í tilefni 85 ára afmælis síns. Magnús Sæmundsson var bóndi að Eyjum II í Kjós um hálfrar aldar skeið en býr nú að Eirhömrum, dvalarheimili í Mosfellsbæ. Hann kveðst hafa það nokkuð bærilegt. „En maður er ekki ungur lengur," tekur hann samt fram. „Við fluttum hingað að Eirhömrum, hjónin bæði, fyrir nokkrum árum, konan mín, Guðrún Ólafía Tómasdóttir, var með Alzheimer. Hún dó 2. september 2017 en við vorum búin að eiga gott líf saman, eignuðumst fimm börn og eitt fósturbarn og Guðrún átti tvo syni frá fyrra hjónabandi svo heimilið var fjölmennt."

Magnús átti alla tíð heima að Eyjum II. „Ég ólst upp hjá móður minni og systkinum hennar og afa og ömmu í upphafi. Við hjónin bjuggum svo félagsbúi með Haraldi, móðurbróður mínum, í byrjun og um tíma með Haraldi syni okkar og hans konu."

Aðspurður segir hann búið hafa verið nokkuð stórt á þess tíma mælikvarða. „Við vorum með 30-40 hausa í fjósi og um 250 fjár á vetrarfóðrum, svo vorum við með hænsni líka til eggjaframleiðslu og áttum nokkur hross. Hestamaður? Ég get ekki verið að varpa því neitt en ég tel að mínir hestar hafi verið gæðingar, það segja allir um sín hross. En það er talsvert síðan ég sat hest síðast. Hef verið með hjartsláttaróreglu í nokkur ár og gæti ekki farið á bak nema þægu hrossi."

Eins og bónda sæmir kveðst Magnús hafa haft ánægju af búskapnum. „Vinnudagurinn var vissulega oft langur en framfarirnar voru líka miklar. Til dæmis ræktunarframkvæmdir á hverju ári."

Magnús var í forsvari fyrir sína sveit og stétt á ýmsum vettvangi og sinnti mörgum trúnaðarstörfum. „Það var heilmikil vinna í félagsmálum hjá mér og í ýmis horn að líta," segir hann. „Ég var ungur settur í stjórn ungmennafélagsins og var í Karlakór Kjósverja í upphafi en búið var bara svo stórt að ég gat ekki fylgt því áhugamáli eftir." **gun@frettabladid.is**

Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

Elín Eygló Steinþórsdóttir

lést á Líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 13. mars.
Útförin fer fram frá Neskirkju, föstudaginn 29. mars kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á góðgerðarfélög.

Sveinbjörg Steinþórsdóttir
Eiríkur Steinþórsson
Steindór Steinþórsson
Anna Marie Georgsdóttir
systkinabörn og fjölskyldur.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Skúli Geirsson

fyrrum bóndi á Írafelli,

lést þann 25. mars.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 2. apríl klukkan 13.

Hólmfríður Vilhjálmsdóttir
Vilhjálmur Árnason
Guðmundur Árnason
Þorbjörg Skúladóttir
Guðrún Skúladóttir
Ylfa Þorsteinsdóttir
Áslaug Kjartansdóttir
Sigurður Bergmann Svavarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Frjáls framlög

SAMFERÐA
GÓÐGERÐARSAMTÖK

enginn kostnaður!

VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.
907 1083 – 3.000 kr.
907 1085 – 5.000 kr.
907 1090 – 10.000 kr.

Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
°C	0	-5	-1
m/s	7 ↗	6 ↗	3 ↖

	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
°C	4	1	-6
m/s	5 ↑	13 ↗	6 ↗

Suðvestan 15-25 m/s, hvassast um landið NV-vert. Víða él og kólnandi veður, en úrkomulítið A-lands og hiti vel ofan frostmarks þar fram undir kvöld. Suðvestan 10-18 m/s í dag, hvassast með S- og V-ströndinni. Snjókoma eða él, en úrkomulaust að mestu á A-landi. Víða vægt frost.

Föstudagur

	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
°C	0	-4	-2
m/s	5 ↗	8 ←	5 ↙

	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
°C	1	0	-8
m/s	13 ↘	3 ↘	5 ↖

Laugardagur

	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
°C	-1	-6	-8
m/s	3 ↖	2 ↑	2 ↑

	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
°C	-6	-1	-11
m/s	3 →	2 ↑	3 ↑

LÉTT

7	8		4			2		
				3	1		8	4
		5		6			7	
				1		4		
	7		6	2				5
4		9			7	1	6	
								1
5		7				9		
	2	6		5	3			

MIÐLUNGS

	1	5		2				3
	4					2		
3			4	6	1		7	
					5			6
			9	1		7		
5		4		8	2			
	5	2	1		4	9		
						4	1	
					7	3		

ÞUNG

9						6		
				2				4
		4		7				
5	4					3		
		2	8	9			5	
7			2			8		
8			4		6	1	9	
	9		3				7	6
3								

Krossgáta

LÁRÉTT
1. yndis
5. erfiði
6. núna
8. veggspjald
10. tveir eins
11. þróttur
12. skrambi
13. eldur
15. ásjóna
17. sáldra

LÓÐRÉTT
1. skynja
2. ekkert
3. fóstra
4. skot
7. útskýra
9. krydd
12. sálar
14. þangað til
16. á fæti

1	2	3		4	■
5			■	6	7
8			9		
10		■	11		
	■	12			
13	14			■	
15				16	
■	17				

LÁRÉTT: **1.** unaðs, **5.** þjál, **6.** nú, **8.** plakat, **10.** ll, **11.** afl, **12.** ansi, **13.** funi, **15.** andlit, **17.** salla.
LÓÐRÉTT: **1.** upplifa, **2.** núll, **3.** ala, **4.** snafs, **7.** útlista, **9.** kanill, **12.** anda, **14.** uns, **16.** il.

Skák

Gunnar Björnsson

Steiner átti leik gegn Purdy í Sydney árið 1937.

1. Rc6! Dxc2 (1....Dxd1 veitir meiri mótspyrnu). **2. Rxe7+ Kh7 3. Hxe2 1-0.** Það styttist í GAMMA Reykjavíkurskákmótið sem hefst 8. apríl nk.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.

Hvítur á leik

2	9	8	5	6	3	1	7	4
4	1	5	7	2	9	8	3	6
6	7	3	8	4	1	5	9	2
5	2	1	9	7	4	6	8	3
3	8	4	6	1	5	7	2	9
7	6	9	2	3	8	4	5	1
8	4	2	1	9	7	3	6	5
9	3	7	4	5	6	2	1	8
1	5	6	3	8	2	9	4	7

3	7	8	9	1	5	4	2	6
9	4	6	2	3	8	7	5	1
1	2	5	4	6	7	8	3	9
7	5	2	1	8	3	9	6	4
8	9	4	5	2	6	1	7	3
6	1	3	7	4	9	2	8	5
2	3	1	6	7	4	5	9	8
4	6	9	8	5	2	3	1	7
5	8	7	3	9	1	6	4	2

4	6	8	2	3	9	5	7	1
9	5	7	8	1	4	2	3	6
1	2	3	6	5	7	8	9	4
2	4	1	9	6	3	7	8	5
3	8	6	7	4	5	9	1	2
7	9	5	1	8	2	4	6	3
6	7	4	3	2	8	1	5	9
5	1	9	4	7	6	3	2	8
8	3	2	5	9	1	6	4	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

KEBE
Hvíldarstólar
Tegundir: Rest og Fox

Opið virka daga 11-18
laugardaga 11-15
Komið og skoðið úrvalið
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?
Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.
Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

Ráðgjöf Fræðsla Forvarnir

„Doktor.is er ætlað að auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum og ráðgjöf um heilsu, lífsstíl og forvarnir.”

Teitur Guðmundsson, læknir og ritstjóri doktor.is

Doktor.is

BÍLAR

Hönnun og smíði Ízar ofurjeppans hefur tekið langan tíma en hér er afraksturinn skoðaður í miðju ferlinu. MYND/KRISTINN INGVARSSON

Ízar ofurjeppinn að taka á sig mynd

Ökuhæf frumgerð fyrsta frumhannaða ofurjeppans fyrir farþegaflutninga í heiminum er tilbúin. Hundruð innlendra og erlendra aðila komið að verkinu á einn eða annan hátt. Ísland er vagga götuhæfra ofurjeppa.

Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan burðarvirkið í nýjum ofurjeppa frá sprotafyrirtækinu Ízar var afhjúpað á Nýsköpunarmóti Álklasans fyrir tveimur árum. Einu og hálfi ári síðar var farið í fyrsta bíltúrinn og einungis tveimur árum síðar var leikurinn endurtekinn á Nýsköpunarmótinu, nema nú var afhjúpuð ökuhæf frumgerð fyrsta frumhannaða ofurjeppa fyrir farþegaflutninga í heiminum. Þessi árangur er þó aðeins brot af því sem áorkast hefur á þessum tveimur árum, að sögn Ara Arnórssonar, sem er framkvæmdastjóri verksins.

Mikil þekking hefur skapast, að hluta við reynsluna af því að frumhanna og smíða flókna bifreið ætlaða til framleiðslu og með innleiðingu fjölda nýjunga. En þess var þó gætt við hönnun jeppans að sækja einnig í smiðju erlendra sérfræðinga, það þarf ekki alltaf að finna upp hjólið. Ari segir að með þessu hafi innlent þekkingarstig í bílahönnun því hækkað umtalsvert. Öll hönnunin fer fram í OnShape CAD umhverfi, sem gerir hönnuðum kleift að vinna í sama skjali á rauntíma, hvaðan sem er í heiminum.

Ízar farinn að glíma við óblíða íslenska náttúru eins og honum verður ætlað í framtíðinni.

Ísland er vagga götuhæfra ofurjeppa

Ari hefur fjölbreyttan bakgrunn í notkun, rekstri, hönnun og smíði bíla fyrir kappakstur og ferðaþjónustu. En hann leggur áherslu á að á þeim rúma áratug sem liðinn er frá stofnun Jaka ehf. hafi hundruð innlendra og erlendra aðila komið að verkinu á einn eða annan hátt. „Fyrst verður að nefna alla þá íslensku jeppamenn, björgunarsveitarfólk og ferðaþjónustuaðila sem í reynd mótuðu allar hönnunarforsendur og tóku mörg þátt í öllu hönnunarferlinu," segir Ari. „Billinn sem við sýndum á Nýsköpunarmótinu var því niðurstaða afar víðtæks samráðsferlis milli hönnuða, smiða og notenda til að fá sem hentugust verkfæri fyrir kaupendur okkar.

Ísland er vagga götuhæfra ofurjeppa. Það var því orðið löngu tímabært að taka skrefið frá breytingum á bílum sem ætlaðir eru fyrir önnur not, svo sem sendibíla og götujeppa, yfir í að hanna og smíða tæki frá grunni sem flytja allt að 20 farþega yfir nánast hvað sem er, hvar sem er, hvenær sem er og standast samt allar Evrópureglur fyrir götubíla. Þessi víðtæka samvinna íslenskra sérfræðinga á sviði hönnunar og smíði er síðan styrkt með erlendri sérþekkingu til að fleyta innlendri farartækjasmíði verulega fram á við."

Ál í burðarvirki og yfirbyggingu léttir jeppana

Eiginleikar TorVeg bifreiðanna frá Ízar eru einstakir á heimsvísu, að sögn Ara. „Samt var algjör forsenda að nota eingöngu trausta, vel þekkta og algenga íhluti sem fást áfram næstu áratugi, þó það sé mun erfiðara en að teikna bara sína eigin eða nota sérsmíði," segir Ari. „Með því að byrja með autt blað og raða á það 46-49 tommu dekkjum, góðu svigrúmi fyrir farþega og öðrum einingum, frekar en að sitja uppi með heila bifreið hannaða fyrir allt annað og skera hana og breyta, má ná stórstígum framförum frá þeim breyttu ofurjeppum sem við eigum að venjast."

> EIGINLEIKAR TORVEG BIFREIÐANNA FRÁ ÍZAR ERU EINSTAKIR Á HEIMSVÍSU, AÐ SÖGN ARA. „SAMT VAR ALGJÖR FORSENDA AÐ NOTA EINGÖNGU TRAUSTA, VEL ÞEKKTA OG ALGENGA ÍHLUTI SEM FÁST ÁFRAM NÆSTU ÁRATUGI, ÞÓ ÞAÐ SÉ MUN ERFIÐARA EN AÐ TEIKNA BARA SÍNA EIGIN EÐA NOTA SÉRSMÍÐI.

Þyngdin hefur til dæmis náðst niður um 1 til 2 tonn með blöndu af nýstárlegum hönnunarlausnum og efnisvali. „Þar vegur einna þyngst að nota ál í burðarvirki og yfirbyggingu, sem einnig hefur fjölda annarra kosta, eins og hlutfall stífni á móti þyngd, formunarmöguleika með steyptum tengipunktum og sérhönnuðum dregnum prófílum og holpönkum, sem og auðvitað tæringarþoli," segir Ari. „Það stuðlar að mun lengri endingu en vænst er af bílum með stálboddí, eins og til dæmis Land Rover eigendur hafa löngu uppgötvað."

Bestu ófærueiginleikar heims í farþegabíl

En það er enn vinna eftir. „Við eigum eftir að ljúka frágangi kerfa, ytra byrðis, innréttinga og fleira," segir Ari. „Verkefnið hefur notið mikilvægrar aðstoðar Tækniþróunarsjóðs til að komast á þetta stig, en enn skortir fjármagn til að ljúka verkinu og skrá bifreiðina á götu. Þá er ráðgert að ráðast í gerð frumgerðar II, sem jafnframt verður frumgerð „All Terrain Supercar" afbrigðis okkar, fjögurra dyra bíls með 750 hestafla vél. Að þeirri útgáfu erum við með kaupendur í Mið-Austurlöndum."

Eftir það tekur við raðsmíði til að uppfylla ólíkar þarfir, að sögn Ara, og nefnir hann „ferðaþjónustu, björgunarsveitir, veitur, öryggisþjónustu, olíuleitarflokka, námastarfsemi, langferðalanga, keppnisfólk og raunar hverja sem þurfa, eða bara langar í, bestu fáanlegu ófærueiginleika heims í farþegabíl sem jafnframt hefur afbragðs götueiginleika." Hann segir raunhæfar áætlanir liggja fyrir eftir viðamikla rannsóknarvinnu, sem studd hafi verið dyggilega með styrk frá ESB. „Verkefnið er tilbúið fyrir næsta stig, að verða sérhæft hönnunarfyrirtæki sem raungerir lausnir að þörfum kaupenda sinna á sviði götuskráðra ofurjeppa fyrir farþega."

FRÁBÆR HELGARTILBOÐ Í NETTÓ!

Grísabógur
Stjörnugrís
499 KR/KG
ÁÐUR: 998 KR/KG
-50%

-15%

Nautalund
Skare 1,4 kg
3.993 KR/KG
ÁÐUR: 4.698 KR/KG

NÝTT Í NETTÓ!

Thin crust pizza
Pepperoni, 4 osta eða skinka&ananas
299 KR/PK

-35%

Lamba prime
Með hvítlauk og rósmarín
2.547 KR/KG
ÁÐUR: 3.919 KR/KG

-30%

Dádýr
Blandaðir vöðvar
Nýja-Sjáland
2.799 KR/KG
ÁÐUR: 3.998 KR/KG

LJÚFFENGUR SUNNUDAGSMATUR!

-40%

Alabama grísalund
1.379 KR/KG
ÁÐUR: 2.298 KR/KG

-20%

Morgunverðarpakki
Pylsur&beikon, Kjötsel
798 KR/PK
ÁÐUR: 998 KR/PK

-25%

Xtra franskar
1 kg
299 KR/PK
ÁÐUR: 399 KR/PK

Blóm- og spergilkálstvenna
300 gr bakki
249 KR/PK
ÁÐUR: 498 KR/PK

-50%

nettó
Lægra verð - léttari innkaup

VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 28. - 31. mars

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Hver og einn má túlka verkin að vild

Veflistafólk er að verða sjaldgæft hér á landi en Arna Óttarsdóttir myndlistarkona syndir móti straumnum og velur að skapa í vefstól. Verk hennar njóta sín vel í Nýlistasafninu á Granda á sýningunni Allt fínt.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Arna Óttarsdóttir leikur sér með form og orð og í myndlistinni sem hún mótar með þráðum í vefstólum. Setningar eins og „Allt fínt“ og „Hvað get ég svo sem gert“ stinga sér inn á milli fígúranna en merkinguna vill hún láta liggja milli hluta. „Það má hver og einn túlka verkin að eigin vild. Mín hugmynd er ekki niðurnjörvuð í þeim efnum,“ segir hún óræð á svip.

Mest ber á veggverkum á sýningunni en þar eru líka ofnir púðar og blómaborð með þurrkuðum blómum úr Hljómskálagarðinum. „Mig langaði að hafa þrívíð verk í miðjum salnum, hann er svo stór og opinn,“ segir Arna. Gulir og bleikir bolir hanga á herðatrjám nærri innganginum. Þó þeir líti út eins og hverjir aðrir sumarbolir þá er meira í þá lagt en flesta því efnið er handofið af Örnu.

Arna kveðst eiga þrjá vefstóla, þar af einn lóðréttan og hún hafi fengist við vefnað í níu ár. En hvar lærði hún tökin á þessari list? „Bara af sjálfri mér. Ég var í myndlist í LHÍ og eftir það tók ég til við vefnaðinn.“

Það er ekki vandalaust að setja upp vef en Arna kann tökin á því. „Maðurinn minn heldur oft í þræðina þegar ég er að vinda þá upp á bómuna. Annars bjarga ég mér,“ segir hún brosandi. Mynstrin kveðst hún rissa upp áður en hún sest við að vefa. „Ég hef verið að vinna með litlar teikningar, varla lófastórar – oft ómerkilegar, jafnvel eitthvað sem maður krotar á spássíur meðan maður er í símanum,“ segir hún og bendir á handofinn innkaupalista sem hangir niður úr miðjum sal. „Þessi var lítill í upphafi og það tók sinn tíma að koma honum í þetta form. Svo eru teikningar úr skissubókum, en ég er ekkert að vinna þær mikið.“

Hér er Arna Óttarsdóttir við verkið Allt er frábært. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjær er Klippimynd (Hvað get ég svosem gert) og nær er verkið Kona.



Verkið Hæ. MYND/VIGFÚS BIRGISSON

ÉG HEF VERIÐ AÐ VINNA MEÐ LITLAR TEIKNINGAR, VARLA LÓFASTÓRAR – OFT ÓMERKILEGAR, JAFNVEL EITTHVAÐ SEM MAÐUR KROTAR Á SPÁSSÍUR MEÐAN MAÐUR ER Í SÍMANUM.

Aðspurð segir hún um sex vikna vinnu liggja að baki hverju verki, ef hún sitji við. Hún notar bómullarþráð í uppistöðu og aðallega ull í ívaf. „Svo hef ég verið að lita til að fá rétta tóna sem mig vantaði, þannig bætti ég aðeins meira veseni í ferlið,“ segir hún kímin. „Mamma var í „Mynd- og hand“ á sínum tíma, í textíldeildinni og átti ullarliti. Það var alger heppni.“

Þegar ég giska á að hún hafi fengið vefnaðargenin frá mömmu sinni svarar hún: „Já, kannski. Henni fannst samt aldrei neitt sérlega gaman að vefa. Var meira í þrykki og öðru slíku. En hún átti vefstól og hún fór með mér á sýningar.“

Þess má geta að verkin á sýningunni Allt fínt eru föl og það er i8 Gallerí sem sér um sölumálin.

Frá Akureyri til Hollywood

TÓNLIST

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

★★★½☆

Verk eftir Dvorák, Atla Örvarsson og Rimskí-Korsakoff.
Einleikari: Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir.
Stjórnandi: Guðmundur Óli Gunnarsson.

Hof á Akureyri
sunnudaginn 24. mars

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands fagnar 25 ára afmæli um þessar mundir. Af því tilefni voru haldnir hátíðartónleikar í Hamraborginni í Hofi á Akureyri um helgina. Fyrir hlé var aðeins eitt verk á efnisskránni, sellókonsertinn eftir Dvorák. Ekki vita margir að hann er í rauninni annar sellókonsert tónskáldsins. Sá fyrri er óklárað og hefur væntanlega verið tilraun sem ekki heppnaðist. Seinni konsertinn er einstaklega fallegur. Hann skartar seiðandi laglínum og viðburðaríkri atburðarás með mögnuðum hápunktum.

Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir lék einleikinn en Guðmundur Óli Gunnarsson stjórnaði. Hún spilaði af kostgæfni. Túlkun hennar var tilfinningarík og grípandi. Tæknilegar hliðar leiksins voru vandaðar og fagmannlegar. Hraðar tónarunur voru skýrar og meitlaðar, sönglínurnar breiðar og fagurhljómandi. Hljómsveitin spilaði líka ágætlega, samspilið var yfirleitt tært og nákvæmt. Helst mátti finna að styrkleikajafnvæginu; blásararnir yfirgnæfðu stundum strengina, sem gerði heildarmyndina dálítið einkennilega á köflum.

Á tónleikunum var verkefni sem nefnist Sinfonia Nord formlega hleypt af stokkunum. Þar er framleiðendum kvikmynda boðið upp á upptökur með sinfónískri tónlist. Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, sviðsstjóri tónlistar hjá Menningarfélagi Akureyrar, og Atli Örvarsson kvikmyndatónskáld hafa leitt verkefnið. Sinfonia Nord hefur reyndar þegar hafið starfsemi, og selt upptökur til risanna í Hollywood. Þær hafa komið vel út. Þetta er spennandi verkefni og frábært tækifæri fyrir starfandi hljóðfæraleikara á Íslandi.

Atli átti einmitt eina tónsmíðina á tónleikunum, sem bar nafnið Under the Surface. Kvikmyndatónlist virkar ekkert endilega á tónleikum þegar myndefnið vantar. Hér var myndbandi þó varpað á stóran skjá yfir hljómsveitinni. Það sýndi vatn í alls konar myndum. Tónlistin var ábúðarfull og alvörugefin, óx frá hljóðlátum hendingum upp í risavaxinn hápunkt. Hún passaði fullkomlega við myndskeiðið.

Tónlistin var ábúðarfull, segir gagnrýnandinn um verk Atla Örvarssonar.

Lokaverkið á tónleikunum var Scheherazade eftir Rimskí-Korsakoff. Nafnið er dregið af aðalpersónunni í arabíska sagnabálkinum Þúsund og ein nótt, sem segir sögurnar til að halda lífi. Eiginmaður hennar á harma að hefna og ætlar að ná sér niður á eins mörgum konum og hann getur. Fiðla konsertmeistarans táknar Scheherazade, rödd hennar er einmanaleg og biðjandi, og hún er rauði þráður tónsmíðarinnar. Gréta Salóme Stefánsdóttir var í þessu hlutverki; leikur hennar var áleitinn og tilfinningaþrunginn. Engu að síður var flutningurinn á tónlistinni ekki sérlega bitastæður. Samhljómur strengjanna var ekki nægilega fókuseraður og túlkunin almennt býsna þunglamaleg og eftir því langdregin. Hægi kaflinn var ansi teygður og fyrir bragðið náði hann aldrei flugi. Vissulega voru flott augnablik í tónlistinni, en heildarmyndin hefði mátt vera straumlínulagaðri til að virka sannfærandi.

Þetta kemur á óvart, því Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er góð hljómsveit, eins og hún hefur sýnt aftur og aftur. Kannski voru æfingar ónógar; undirritaður frétti að veðrið fyrir helgi hefði sett strik í reikninginn. Hljómsveitin stóð sig sannarlega með ágætum á kvikmyndatónleikunum í fyrra með Hringadróttinssögu.Ún hefur því alla burði til að sinna nýja verkefninu sínu með miklum sóma í framtíðinni. **Jónas Sen**

NIÐURSTAÐA: Einleikurinn var góður og nýtt verk eftir Atla Örvarsson var áhrifaríkt, en túlkunin annars staðar heppnaðist ekki sem skyldi.

Töfrar og martraðir úr stríði

BÆKUR

Brandarar handa byssumönnum

★★★★☆

Höfundur: Mazen Maarouf
Þýðandi: Uggi Jónsson
Útgefandi: Mál og menning
Blaðsíður: 147

Mazen Maarouf rithöfundur.

Hvernig er að vaxa úr grasi í stöðugu stríði? Uppvaxtarár Mazen Maarouf í Beirút eru efniviður og innblástur smásagnasafns hans Brandarar handa byssumönnum sem tilnefnd er til Man Booker verðlaunanna í flokki þyddra bóka. Sögurnar í bókinni eru fjórtán og hægt er að skipta þeim í tvo flokka, sögur þar sem sögumaðurinn er barn, drengur, í stríðshrjáðri borg og sögur þar sem sögumaðurinn eða persónurnar eru fullorðin og kannski í sömu borg þar sem stríð geisar ekki lengur en mark þess er samt óafmáanlegt af borginni og fólkinu. Börnin í sögunni leitast við að búa til reglu og merkingu úr óreiðu, merkingu sem eðli málsins samkvæmt hlýtur að verða fáránleg því það er engin regla í stríði og þessi fáránleiki eða absúrdismi er síðan orðinn varanlegur hluti af borginni þegar börnin eru fullorðin og stríðinu lokið.

Hugleiðingar um hlátur og kímnigáfu, ekki til skemmtunar heldur sem vopn eða varnarhætti, eru endurtekið stef í sögunum, einnig samband feðga og foreldra og barna og líkaminn og hverfulleiki hans endurspeglast í handleggjum og fleiri útlimum sem persónurnar missa. Tilraunir til að reyna að búa til eitthvað eðlilegt úr vonlausum aðstæðum leiða af sér töfraraunsæi sem sprengir utan af sér mörk þess sem er líklegt, eðlilegt og gerlegt á sama hátt og híbýli og líkamar sundrast í sprengjum og kúlnahríð, og endar í fáránleika þar sem handleggjalausir feður biðja börn sín um að gefa sér annan handlegg sinn, broslausir menn breytast í rennibrautir fyrir aldraða og kýr valsa inn og út úr kvikmyndahúsum í sprengjuregni. Næstum allar sögurnar lýsa erfiðu eða óbærilegu ástandi sem persónurnar eru valdalausar gegn. Undirliggjandi er hinn sári og hörmulegi raunveruleiki stríðs sem er í mótsögn við allt sem er fallegt og náttúrulegt og eina leiðin til að kljást við það er að finna eitthvert nógu fáránlegt sjónarhorn til að hægt sé að hlæja að því, kaupa sér frið og grið með því að búa til brandara handa byssumönnum.

Sögurnar eru áhrifamiklar, kröftugar, stundum næstum óþolandi aflestrar en samt er engin leið að hætta að lesa, því þær eru líka skemmtilegar, fyndnar, fallega stílaðar og vonin er alltaf til staðar, meira að segja þegar hún er vonlaus eins og í sögunni Fiskabúrið. Af því að þannig er mennskan, hún gefst ekki upp.

Þýðing Ugga Jónssonar nær að fanga þetta andrúmsloft prýðilega.

Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTAÐA: Heillandi smásögur sem lýsa baráttu mannsandans til að lifa við óbærilegan veruleika.

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn á Icelandair Hótel Reykjavík Natura **fimmtudaginn 11. apríl 2019 kl. 17:15.**

Dagskrá:
1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2018 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund sjóðsins. Framboðsfrestur rennur út þann **4. apríl 2019.** Hægt er að senda inn framboð á netfangið almenni@almenni.is.

Ársreikningur sjóðsins, tillögur um breytingar á samþykktum og nánari upplýsingar um ársfundinn eru á heimasíðu sjóðsins. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.

Almenni í hnotskurn

- Heildareignir: 229,5 milljarðar
- Skráðir sjóðfélagar: 46 þúsund
- Hæsta nafnávöxtun 2018: 7,0%
- Hæsta raunávöxtun á ári sl. 10 ár: 4,9%
- A.m.k. 1/3 skyldusparnaðar í séreign
- Hagstæð lífeyrisréttindi
- Daglegt gengi ávöxtunarleiða á heimasíðu
- Sjö ávöxtunarleiðir í boði

Nánar á:
www.almenni.is

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Myllu heilkornabrauð
LÍFSKORN
Lífskorn færir þér máltíð af akrinum

Ekkert ger
Ekkert hvítt hveiti
Inniheldur spelthveiti

trefjaríkt

VEGAN

Hafraflögur 26%
Sólblómafræ 9%
Hörfræ 8,5%
Rúgkjarnar 3%
Graskersfræ 2,5%
Sesamfræ 1,5%
Spelthveiti 1,5%

SJÖ
LÍFSKORN
FYRIR
HEILSUNA

Lífskorn – Sjö tegundir af fræjum og kornum er nýjasti fjölskyldumeðlimurinn í Lífskornalínunni. Frábær kostur fyrir alla sem hugsa um heilsuna. Það inniheldur hafraflögur, sólblómafræ, hörfræ, sesamfræ, graskersfræ og rúg en ekkert hvítt hveiti og ekkert ger. Trefjaríkt og gómsætt brauðið er vegan og sérstaklega þétt og saðsamt.

Lífskorn er trefjagjafi þinn – fræsafn þitt og heilsurækt – það hefur hátt hlutfall heilkorns, með gott hlutfall góðrar fitu.

Safnaðu góðri orku, fáðu þér Lífskorn í dag.
Lífskorn færir þér máltíð af akrinum.



Ræktaðu huga og líkama
- fáðu þér Lífskorn
heilkornabrauð frá Myllunni
- strax í dag

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

Skoðaðu myllan.is

Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

28. MARS 2019

Hvað? Skyndihjálp
Hvenær? 10.00
Hvar? Bókasafn Kópavogs, aðalsafn
Ólafur Ingi Grettisson, slökkviliðsmaður og skyndihjálparkennari, kennir foreldrum undirstöðuatriðin í skyndihjálp. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Skjaldmeyjar, sem sýnt er í Samkomuhúsinu á Akureyri, er leikið undir stjórn Jennýjar Láru Arnórsdóttur.

Hvað? Rómantík fyrir fiðlu og píanó – Tónleikar
Hvenær? 12.00
Hvar? Fríkirkjan í Reykjavík
Chrissie Guðmundsdóttir, fiðla, og Einar Bjartur Egilsson, píanó, leika verk eftir ýmis tónskáld, m.a. Brahms, Rachmaninoff og Einar Bjart Egilsson. Dagskráin tilheyrir tónleikaröðinni Á ljúfum nótum í Fríkirkjunni og tekur um hálftíma. Aðgangseyrir er 1.500, ekki er tekið við greiðslukortum.

Hvað? Hákarlinn – Fróðleikur
Hvenær? 17.00
Hvar? Húnabúð, Skeifunni 11
Klara Björg Jakobsdóttir fiskifræðingur kemur frá Hafrannsóknastofnun og fjallar um hákarlinn. Kaffi og kleinur.

Hvað? Samsýning opnuð
Hvenær? 17.15
Hvar? Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi
Félag íslenskra teiknara stendur fyrir veglegri samsýningu á HönnunarMars í porti Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi.

Hvað? Blómakaffi
Hvenær? 17.30-19.00
Hvar? Borgarbókasafnið, Menningarhús, Sólheimum
Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur mun fræða okkur um hvernig best er að hugsa um pottablómin okkar allan ársins hring og svara hvers kyns spurningum sem kunna að vakna.

Hvað? Leikhúskaffi – Kæra Jelena
Hvenær? 17.30-19.00
Hvar? Borgarbókasafnið, Menningarhús, Kringlunni
Unnur Ösp Stefánsdóttir, leikstjóri Kæru Jelenu sem frumsýnd verður 12. apríl, segir gestum frá uppsetningu verksins. Rölt verður í Borgarleikhúsið þar sem gestir fá stutta kynningu á umgjörð sýningarinnar. Kaffigestum verður boðinn 10% afsláttur á miðum.

Hvað? Ilmfinning
Hvenær? 18.00-20.00
Hvar? Fischersund 3
Við í Fischer ætlum að einbeita okkur að því að skoða tengsl ilms við minningar og tilfinningar á mjög óvísindalegan hátt í gegnum tilraunir og leik. Allir velkomnir til að þefa og upplifa, hundar og börn sérstaklega.

Hvað? Skjaldmeyjar hafsins – nýtt leikverk
Hvenær? 20.00
Hvar? Samkomuhúsið á Akureyri
Leikhópurinn Artik, undir leikstjórn Jennýjar Láru Arnórsdóttur, frumsýnir nýtt sannsögulegt leikverk um líf eiginkvenna sjómanna, ótta og áhyggjur, tilhlökkun og rómantík, sorg og erfiðleika.

Hvað? Tónlist
Hvenær? 21.00-23.00
Hvar? Petersen svítan, Gamla bíói
Hófí og Gunnar sjá um að stemningin verði hugguleg með alls konar lögum héðan og þaðan. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

Þjóðleikhúsið
551 1200 • leikhusid.is

Ronja Ræningjadóttir
Stóra sviðið

Sun 31.03	kl. 13:00 U	Sun 14.04	kl. 13:00 U	Sun 05.05	kl. 16:00 U	Sun. 19.05	kl. 13:00 Ö
Sun 31.03	kl. 16:00 U	Sun 14.04	kl. 16:00 U	Sun. 12.05	kl 13:00 U	Sun. 19.05	kl. 16:00 Ö
Sun 07.04	kl. 13:00 U	Sun 28.04	kl 13:00 U	Sun. 12.05	kl. 16:00 U	Sun 26.05	kl. 13:00 Ö
Sun 07.04	kl. 16:00 U	Sun 28.04	kl. 16:00 U	Lau 18.05	kl. 13:00 Au	Sun 2.6	kl. 13:00 Au
Lau 13.04	kl. 12:00 U	Sun 05.05	kl. 13:00 U	Lau 18.05	kl. 16:00 Au	Lau 8.6	kl. 13:00 Au

Einræðisherrann
Stóra sviðið

Fös. 29.03	kl 19:30 U	Lau 13.04	kl. 19:30 Ö	Mið 08.05 kl. 19:30
Fös. 05.04	kl 19:30 U	Lau 04.05	kl. 19:30	

Jónsmessunæturdraumur
Stóra sviðið

Lau. 30.03	kl 19:30 U	Lau. 06.04	kl. 19:30 Ö	Fös. 12.04	kl 19:30 U	Fös 03.05	kl. 19:30

Þitt eigið leikrit
Kúlan

Fös 29.03	kl. 18:00 Au	Sun.31.03	kl 17:00 U	Sun 07.04	kl. 15:00 U	Lau 13.04	kl. 17:00
Lau. 30.03	kl 15:00 U	Fös 05.04	Kl. 18:00 Au	Sun 07.04	Kl. 17:00 Au	Sun 28.04	kl. 15:00
Sun 31.03	kl. 15:00 U	Lau 06.04	kl. 15:00 U	Lau 13.04	kl. 15:00 U	Sun 28.04	Kl. 17:00

Súper
Kassinn

Fim. 28.03	kl. 19:30 U	Fim.04.04	kl. 19:30 U	Fim 11.04	kl. 19:30 U	Fös 26.04	kl. 19:30
Lau. 30.03	kl. 19:30 U	Lau 06.04	kl. 19:30 U	Fös. 12.04	kl. 19:30 U		
Mið. 03.04	kl. 19:30 U	Mið 10.04	kl. 19:30 U	Mið 24.04	kl. 19:30		

Loddarinn
Stóra sviðið

Lau27.04	kl. 19:30 U	Fim 02.05	kl. 19:30 U	Lau 11.05	kl. 19:30 U
Þri 30.04	kl. 19:30 U	Fös 10.05	kl. 19:30 U	Fös 17.05	kl. 19:30 U

Brúðkaup Fígarós
Stóra sviðið

Lau 07.09	kl. 19:30 Ö	Fös 20.09	kl. 19:30	Lau 28.09	kl. 19:30
Sun 15.09	kl. 19:30	Lau 21.09	kl. 19:30	Lau 05.10	kl. 19:30

Mið-Ísland
Leikhúskjallarinn

Fim 28.03	kl. 21:00	Lau 30.03	kl. 19:30 Ö	Fös 05.04	kl. 19:30	Lau 06.04	Kl. 22:00
Fös 29.03	kl. 19:30 U	Lau 30.03	Kl. 22:00	Fös 05.04	Kl. 22:00 U		
Fös 29.03	Kl. 22:00 U	Fim 04.04	kl. 19:30	Lau 06.04	kl. 19:30		

Improv
Leikhúskjallarinn

Mið 03.04	kl. 20:00	Mið 10.04	kl. 20:00

Dimmalimm
Brúðuloftið

Lau 30.03	Kl. 14.00 U	Lau 06.04	Kl. 14.00 Ö	Lau 06.04	kl. 15:30

Gjafakort Borgarleikhússins
er ávísun á einstakt kvöld sem aldrei gleymist.
Gjafakortin eru tilvalin gjöf við hvers konar tilefni
og koma í fallegum umbúðum.
Borgarleikhúsið 568 8000 • borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið
568 8000 • borgarleikhus.is

Matthildur
Stóra sviðið

Mið 20.03	Kl 19:00 U	Sun 07.04	Kl 19:00 U	Þri 30.04	Kl 19:00 U	Fim 30.05	Kl 19:00
Fim 21.03	Kl 19:00 U	Mið 10.04	Kl 19:00 U	Fim 02.05	Kl 19:00 U	Sun 02.06	Kl 19:00
Fös 22.03	Kl 19:00 U	Fös 12.04	Kl 19:00 U	Mið 08.05	Kl 19:00 U	Mið 05.06	Kl 19:00
Lau 23.03	Kl 19:00 U	Lau 13.04	Kl 13:00 U	Fim 09.05	Kl 19:00 U	Fim 06.06	Kl 19:00
Sun 24.03	Kl 19:00 U	Sun 14.04	Kl 19:00 U	Mið 15.05	Kl 19:00 U	Fös 07.06	Kl 19:00
Mið 27.03	Kl 19:00 U	Þri 16.04	Kl 19:00 U	Fim 16.05	Kl 19:00 U	Mán 10.06	Kl 19:00
Fim 28.03	Kl 19:00 U	Mið 24.04	Kl 19:00 U	Mið 22.05	Kl 19:00	Fim 13.06	Kl 19:00
Sun 31.03	Kl 19:00 U	Fim 25.04	Kl 19:00 U	Fim 23.05	Kl 19:00	Fös 14.06	Kl 19:00
Mið 03.04	Kl 19:00 U	Fös 26.04	Kl 19:00 U	Sun 26.05	Kl 19:00	Sun 16.06	Kl 19:00
Fös 05.04	Kl 19:00 U	Sun 28.04	Kl 19:00 U	Mið 29.05	Kl 19:00		

Elly
Stóra sviðið

Lau 30.03	Kl. 20:00 U	Lau 27.04	Kl. 20:00 U	Fös 17.05	Kl. 20:00 Ö	Lau 08.06	Kl. 20:00 Ö
Lau 06.04	Kl. 20:00 U	Sun 05.05	Kl. 20:00 Ö	Fös 24.05	Kl. 20:00 Ö	Lau 15.06	Kl. 20:00 ÖL
Lau 13.04	Kl. 20:00 U	Sun 12.05	Kl. 20:00 Ö	Fös 31.05	Kl. 20:00 Ö		

Ríkharður III
Stóra sviðið

Fös 29.03	Kl. 20:00 U	Fim 04.04	Kl. 20:00 Ö	Fim 11.04 Kl. 20:00 ÖL

Kvenfólk
Nýja sviðið

Sun 30.03	Kl. 20:00 U	Lau 06.04	Kl. 20:00 ÖL

Kæra Jelena
Litla sviðið

Fös 12.04	Kl. 20:00 U	Mið 25.04	Kl. 20:00 U	Fös 03.05	Kl. 20:00 U	Sun 12.05	Kl. 20:00 Ö
Sun 14.04	Kl. 20:00 U	Fim 26.04	Kl. 20:00 U	Sun 05.05	Kl. 20:00 U	Mið 15.05	Kl. 20:00 Ö
Þri 16.04	Kl. 20:00 U	Sun 28.04	Kl. 20:00 U	Mið 08.05	Kl. 20:00 U		
Þrið 24.04	Kl. 20:00 U	Fim 02.05	Kl. 20:00 U	Fös 10.05	Kl. 20:00 Ö		

Club Romantica
Nýja sviðið

Fim 28.03	Kl. 20:00 U	Fös 05.04	Kl. 20:00 Ö	Lau 13.04	Kl. 20:00 L

Bæng!
Nýja sviðið

Fös 26.04	Kl. 20:00 U	Mið 08.05	Kl. 20:00 U	Fim 23.05	Kl. 20:00 Ö
Sun 26.04	Kl. 20:00 U	Fim 09.05	Kl. 20:00 U	Sun 23.05	Kl. 20:00 U
Fös 03.05	Kl. 20:00 U	Fim 16.05	Kl. 20:00 U	Fim 30.05	Kl. 20:00 Ö

Kvöldvaka með Jóni Gnarr
Litla sviðið

Lau 13.04	Kl. 20:00 U

Allt sem er frábært
Litla sviðið

Lau 04.05	Kl. 20:00 Ö	Fim 09.05	Kl. 20:00 Ö	Lau 11.05	Kl. 20:00 ÖL

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 ★ NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Birds of Passage (ICE SUB)	17:30	Mug // Twarz (ICE SUB)	22:00
Arctic (ICE SUB)	18:00	Capernaum (ICE SUB)	22:00
Mug // Twarz (ENG SUB)	20:00	Taka 5 // Take 5 (ENG SUB)	22:00
Brakland (DANISH W/ENG SUB)	20:00		

bauhaus.is

BAUHAUS®

Q1000 Gasgrill
1 ryðfrír brennari, 2,5 kW/klst. Grillflötur 43 x 32 cm. Glerungshúðuð grind úr steypujárni og bakka til fitusöfnunar. Tilvalið til ferðalaga. Hægt að kaupa vagn aukalega.

34.995.-

Q2000 Gasgrill
1 ryðfrír brennari, 3,5 kW/klst. Grillflötur 55 x 39 cm. Glerungshúðuð grind og plata úr steypujárni. Mjög hentug stærð til flutninga og því tilvalið til ferðalaga. Niðurfellanleg hliðarborð.

51.995-

Allt frá grillpinnum til hágæða gasgrilla

Við erum sérfræðingar í grillum og erum með eitt mesta úrval landsins af grillum og fylgihlutum. Hvort sem þig vantar kolagrill, hágæða gasgrill eða fylgihluti getur þú verið viss um að finna það hjá okkur. Starfsfólk okkar er reiðubúið að aðstoða þig. Grillum saman á betra verði í sumar!

Q3200 Gasgrill
2 ryðfríir brennarar, 6,35 kW/klst. Rafstýrður kveikirofi. Grillflötur 63 x 45 cm, efri grind 44 x 11 cm. Tvískiptar grillgrindur úr pottjárni, lok og botn úr álsteypu. Svart. Hitamælir í loki. Niðurfellanleg hliðarborð.

62.995-

Q3000 Gasgrill
2 ryðfríir brennarar, 6,35 kW/klst. Grillflötur 63 x 45 cm. Glerungshúðuð grind úr steypujárni. Með áfestum vagni og fjölbreyttu úrvali fylgihluta. Niðurfellanleg hliðarborð.

53.995-

Genesis II E-310
3 ryðfríir brennarar, 11,0 kW/klst. Rafstýrður kveikirofi. Grillflötur 68 x 48 cm, efri grind 66 x 15 cm. Postulín glerungshúðaðar bragðburstir (Flavorizer® bars). Þykk álsteypa í botni og hliðum í loki. Hitamælir í loki. 4 hjól, þar af 2 læsanleg. Gaskútageymsla, fitusafnari og álbakki fyrir fitu. Svart. Þyngd 63 kg.

98.995-

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

Klassíkin okkar – tónlistarsagan þín

Hefur tónlist breytt lífi þínu?

Segðu okkur frá eftirlætistónverkinu þínu og hvers vegna það er í uppáhaldi.
Í haust leikur Sinfóníuhljómsveit Íslands eftirlætistónverk landsmanna í beinni útsendingu í sjónvarpinu. Deildu þinni sögu með okkur á RÚV.is/klassikin

RÚV okkar allra

föstudaga kl 9.05

Vera Illugadóttir fer með þig í ferðalag í tíma og rúmi í þessum vinsæla útvarpsþætti þar sem málefni líðandi stundar eru skoðuð í ljósi sögunnar.

RÁS 1 fyrir forvitna

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

RÚV SJÓNVARP

13.00 Útsvar 2013-2014 Sandgerði - Tálknafjarðarhreppur
14.05 Stríðsárin á Íslandi
14.50 Kexvexmiðjan Gamanþáttaröð frá 2011 undir stjórn Gísla Rúnars Jónssonar þar sem grín er gert að flestu því sem mannlegri náttúru er viðkomandi. Höfundar: Gísli Rúnar Jónsson og Carola Köhler. Leikendur: Andrea Jónsdóttir, Hallgrímur Ólafsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir og Þröstur Leó Gunnarsson. Framleiðsla: Röntgenmyndir ehf. e.
15.15 Popppunktur 2011 Mezzóforte - Hljómsveitin Ég
16.10 Landinn 2010-2011
16.40 Í garðinum með Gurrý Býflugnabú og ávaxtarækt
17.25 Mega karlar syrgja hárið? Sænskur heimildarþáttur um hármissi hjá karlmönnum. Í þættinum ræða fjórir karlmenn um sorgina sem þeir fylltust þegar þeir áttuðu sig á því að þeir væru að missa hárið. e.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Strandverðirnir
18.11 Fótboltastrákurinn Jamie
18.39 Bestu vinir
18.44 Bílskúrsbras
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Nörd í Reykjavík
20.30 Eitt stykki hönnun, takk-Hönnunar Mars
21.00 Ljúfsár lygi Áströlsk þáttaröð í sex hlutum sem byggð er á sígildri skáldsögu Leos Tolstoys, Önnu Kareninu, en gerist í nútímasamfélagi. Fyrrverandi tennisstjörnur, Anna og Xander Ivin, eru hamingjusamlega gift og virðast lifa fullkomnu lífi. En þegar Anna hittir mann að nafni Skeet fyrir tilviljun á flugvelli umturnast líf þeirra allra. Aðalhlutverk. Sarah Snook, Benedict Samuel og Rodger Corser. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Glæpahneigð Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna í von um að koma í veg fyrir frekari ódæðisverk. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.05 Löwander-fjölskyldan Sænsk þáttaröð um ástir og örlög Löwander-fjölskyldunnar, sem rekur vinsælan veitingastað í Stokkhólmi undir lok seinni heimsstyrjaldar. Leikstjóri: Harald Hamrell. Leikarar: Suzanne Reuter, Mattias Nordkvist, Adam Lundgren, Hedda Stiernstedt, Charlie Gustafsson, Rasmus Troedsson, Anna Bjelkerud og Josefin Neldén. e.
00.05 Kastljós
00.20 Menningin
00.30 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 WGC. Dell Technologies Match Play
14.00 Golfing World
14.50 WGC. Dell Match Play
17.35 Inside the PGA Tour
18.00 WGC. Dell Technologies Match Play Bein útsending frá Dell Technologies Match Play á Heimsmótaröðinni.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 The Late Late Show
10.15 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.45 Younger
14.10 The Voice US
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 The Kids Are Alright
20.10 Með Loga
21.10 The Resident
21.55 Dúndurfréttir The Wall
00.15 The Late Late Show
01.00 NCIS
01.45 NCIS. New Orleans
02.30 Venjulegt fólk
02.55 The Truth About the Harry Quebert Affair
03.40 Ray Donovan
04.35 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.03 Á reki með KK
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk 23032019 - Flakk um Brynjureit
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útvarp Krakka RÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sinfóníukvöld. Á leið í tónleikasal
19.27 Sinfóníutónleikar
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Passíusálmar
22.15 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.25 My Old Lady
13.10 The Age of Adeline
15.05 Before We Go
16.40 My Old Lady
18.30 The Age of Adeline
20.25 Before We Go
22.00 King Arthur. Legend of the Sword
00.10 Lowriders
01.50 Patriots Day
04.05 King Arthur. Legend of the Sword

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Friends
07.45 Gilmore Girls
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Anger Management
10.00 Wrecked
10.25 Landhelgisgæslan
10.50 Ísskápastrið
11.25 Satt eða logið
12.10 Heimsókn
12.35 Nágrannar
13.00 The Choice
14.50 Open Season. Scared Silly
16.15 Two and a Half Men
16.35 Stelpurnar
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Veður
19.25 The Big Bang Theory
19.45 Splitting Up Together
20.10 NCIS
20.55 Whiskey Cavalier
21.40 The Blacklist
22.25 Real Time With Bill Maher
23.25 Silent Witness
00.20 Silent Witness
01.15 Thirteen
02.10 Manhunt
03.00 I Am Evidence
04.25 The Choice

STÖÐ 3

19.10 The Last Man on Earth
19.35 Two and a Half Men
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 The Mindy Project
21.15 Supergirl
22.00 Arrow
22.45 Game of Thrones
23.35 The Simpsons
00.00 Bob's Burgers
00.25 American Dad
00.50 The Last Man on Earth
01.15 Two and a Half Men
01.35 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.00 Þór Þorl. - Tindastóll
08.40 Domino's körfuboltakvöld
09.30 Undankeppni EM 2020 - Markaþáttur
10.20 Selfoss - Haukar
11.50 Seinni bylgjan
13.20 Úrvalsdeildin í pílukasti
16.20 Njarðvík - ÍR
18.00 Premier League World
18.30 Keflavík - KR Bein útsending frá leik í 8 liða úrslitum Domino's-deildar karla.
21.10 Domino's körfuboltakvöld
22.00 UFC Fight Night. Edwards vs Nelson

STÖÐ 2 SPORT 2

08.00 Slavia Prag - Sevilla
09.55 Evrópudeildarmörkin
10.45 Barcelona - Lyon
12.30 Meistaradeildarmörkin
13.05 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
13.30 Njarðvík - ÍR
15.10 Ítalía - Finnland
16.50 Svartfjallaland - England
18.30 Premier League World
19.00 Úrvalsdeildin í pílukasti Bein útsending frá seinna kvöldinu í Úrvalsdeildinni í pílukasti í Rotterdam.
22.30 Undankeppni EM 2020 - Markaþáttur
23.20 Keflavík - KR
01.00 Domino's körfuboltakvöld

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

PIER

Húsgagna- og gjafadagar!

PORTLAND sófi, ~~79.900~~,- 63.920,-
215x85x80

IGUALA bekkur, ~~29.900~~,- 23.920,-
120x38xH45

20%
AFSLÁTTUR
AF HÚSGÖGNUM

MACON spegill, H192 cm
~~29.900~~,- 22.425,-

25%
AFSLÁTTUR
AF GJAFAVÖRU

VASI, ~~4.990~~,- 3.742,-

FAURA kollur, ~~6.990~~,- 5.592,-

BUDDHA ~~11.990~~,- 8.992,-

RUFFEL stóll, ~~12.990~~,- 10.392,-

CILLA kollur, ~~6.990~~,- 5.592,-

LUNEVILLE hliðarborð, ~~34.900~~,- 17.450,-
120x40x76.5

www.pier.is

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

Gildir 28. mars- 3. apríl. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

PIER
BRINGING IT HOME

Leit Maríu að sanngirnisvottuðu gulli tafði framleiðslu skartgripalínunnar um rúmt ár.

Leitin að sanngjarna gullinu

Grafíski hönnuðurinn **María Ericsdóttir Panduro** kynnir skartgripalínu sína, Reshape frá Vveruu Reykjavík, á HönnunarMars en skartið er unnið úr sanngirnisvottuðu gulli.

María segist hafa orðið meðvituð um spillingu í gull- og demantaiðnaðinum strax í bernsku þegar hún bjó með foreldrum sínum á gömlu gullgraftarsvæði í Síerra Leóne. „Það er nú þess vegna sem mér finnst þetta svona mikilvægt," segir María og bætir við að leit hennar að sanngirnisvottuðu gulli hafi tafið hana frá framleiðslu skartgripanna í rúmt ár. „En þetta er það sem ég vil gera og mér finnst þetta mikilvægt og skemmtilegt vegna þess að fjölskylda mín hefur alltaf hrifist af svona verkefnum."

Foreldrar Maríu, sem eru bæði sjúkraþjálfarar, unnu með holdsveikum í Síerra Leóne þegar hún var barn og þar kynntist fjölskyldan náið þeirri miklu spillingu og þrældómi sem löngum hefur loðað við námavinnslu í landinu. „Ástandið er ekkert betra núna en fyrir 40 árum og þess vegna ákvað ég strax að fara ekki í demantaiðnaðinn en gulliðnaðurinn er síðan bara ekkert betri."

Vill vveraa sanngjörn

María segir samnefnt fyrirtæki sem hún stofnaði utan um skartgripalínuna leggja áherslu á eflingu kvenna með hönnun kvenlegra skartgripa sem séu umhverfisvænir og samfélagslega ábyrgir með sanngirnisvottaða gullinu en það stuðli að auknu framboði af kvikasilfurslausu gulli.

Fréttablaðið greindi fyrr í vikunni frá ágreiningi um notkun vörumerkisins Vveraa vegna líkinda við Vera Design skartgripalínuna. „Við völdum nafnið Vveraa vegna sagnarinnar „að vera" og einnig kvenmannsnafnsins þar sem valdefling kvenna er, ásamt samfélagslegri ábyrgð, á meðal markmiða okkar," segir María.

„Þegar kom í ljós að annað skartgripafyrirtæki á Íslandi væri með sama nafn, að hluta, og við höfðum ákveðið að nota, ráðfærðum við okkur gaumgæfilega við Einkaleyfastofu. Þar vorum við hvattar til að láta það ekki stoppa okkur því þau sáu ekki merki um að við værum að gera neitt ólöglegt," segir María.

Hún segir að hjá Einkaleyfastofu hafi henni verið tjáð að ekki væri hægt að fá einkaleyfi á „Reykjavík" eða enska orðinu „design". Sama gilti um orðið „Vera" hvort sem um væri að ræða kvenmannsnafnið eða sagnorðið.

„Ráðgjafinn taldi þetta því vera í besta lagi og hvatti mig eiginlega til að hafa ekki áhyggjur." Þá hafi hún verið hvött til þess að senda fyrirtækismerkið inn til „yfirferðar" og „nokkrum vikum síðar var það samþykkt og ég hugsaði þá að þetta væri ekkert mál."

María bendir einnig á að þótt í báðum tilfellum sé um skartgripalínu að ræða þá „eru þetta mjög mismunandi vörur, hönnunarlega séð. Ég vinn eingöngu með sanngirnisvottað gull, þetta er stafað öðruvísi og merkin eru ólík. Ég sé alveg fyrir mér að Vera Design geti notið góðs af líka og hef engar áhyggjur af því. Ég valdi sögnina „að vera" vegna þess að mér finnst mjög mikilvægt að vera sanngjörn. Það er pælingin á bak við þetta og ég geri þetta engan veginn til þess að ögra."

María segist einnig hafa í fljótu bragði fundið fjórtán önnur vörumerki kennd við Vera Design á Instagram. „Þá slakaði ég aðeins á enda ljóst að þetta er ekki svo einstakt að það sé eins og ég sé að skemma fyrir öðrum."

Vveraa Reykjavík kynnir skartgripalínuna í versluninni Akkúrat í Aðalstræti 2 í dag klukkan 18 og áfram yfir HönnunarMars-helgina.

thorarinn@frettabladid.is

Ilmfinningarnar vakna

Verslunin Fischer í Fischersundi tekur þátt í HönnunarMars með ilmgjörningum og leikjum sem tengjast lyktarskyninu og býður fólki í kvöld upp á að stíga inn í heilandi, íslenskan skóg með því sem ilmgerðarfólkið í búðinni kallar ilmsturtu.

„Við búum til okkar eigin ilmvötn úr íslenskum ilmolíum sem við notum einnig í umhverfisvænar snyrtivörur," segir Lilja Birgisdóttir sem rekur Fischer ásamt systkinum sínum.

Bróðir hennar, Jónsi í Sigur Rós, hannar ilmvötnin en Lilja segir hann vera með einstaklega næmt og gott nef. „Við erum alltaf að vinna með skynjun og í kvöld ætlum við að taka þefskynið fyrir með alls konar leikjum og upplifunum sem ætlað er að vekja fólk til umhugsunar um áhrifamátt þefskynsins sem við tökum oftast sem sjálfsögðum hlut."

Fischer-systkinin framleiða ilmvötn í Fischersundi. MYND/HJÖRDÍS JÓNSDÓTTIR

Þau verða með opið hús í Fischersundi milli 18 og 20 í kvöld og þá getur fólk prufað ilmvötnin þeirra og skellt sér í ilmsturtu. „Við notum ilmolíur frá Nordic Angan sem unnar eru úr íslenskum trjám. Þetta er rosalega góð lykt og hugmyndin er að koma með heilandi áhrif skógarins til þín með ilmgufum sem þú færð framan í þig í sturtunni," segir Lilja.

Hún bætir við að með því að bregða svona á leik ætli þau að skoða tengsl ilms við minningar og tilfinningar, vekja ilmfinningar, á mjög óvísindalegan hátt. – **þþ**

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ DOVE
dagana 28. mars til 17. apríl.

HAGKAUP *Meira svona alla daga*

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ
OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

MEXÍKÓ VEISLA FRÁ
REMA 1000

HALLVEIGARSTÍG 1 - FAXAFENI 14 - REYKJAVÍK

Mér hefur aldrei þótt jafn erfitt að skilgreina það sem ég er að gera, segir Ragnheiður Gröndal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ragnheiður Gröndal dansar á mörkum

Ragnheiður Gröndal fagnar fyrstu plötu sinni í fimm ár, Töfrabörnum, með tónleikum um helgina. Hún segir erfitt að lýsa plötunni sem er einhvers konar óvæntur bræðingur tilraunapopps og þjóðlagatónlistar.

Töfrabörn, fyrsta hljómplata Ragnheiðar Gröndal í fimm ár, er komin út og tónlistarkonan ætlar að fagna þessum kærkomnu tímamótum með útgáfutónleikum í Gamla bíói á sunnudagskvöld.

„Ætli það megi ekki segja að þetta séu lög sem hafa orðið til hjá mér á síðustu fimm árum, eða frá því að síðasta plata kom út," segir Ragnheiður við Fréttablaðið og bætir við að ef nýja platan líkist einhverju þá væri það helst þjóðlagaplöturnar hennar.

„Hún gengur samt nokkrum skrefum lengra í tilraunaátt. Hún er öll tekin upp í London með írskum upptökustjóra sem heitir Gerry Diver sem gefur henni dálítið skemmtilegan blæ. Hann hefur unnið mikið með þjóðlagatónlistarmönnum á Bretlandseyjum og setti sín sterku einkenni á hana.

Ég lagði samt alveg upp með að reyna að gera eitthvað sem væri einhvern veginn aðgengilegt. Í það minnsta þeim sem eru með opinn huga og þyrstir í að heyra eitthvað sem er kannski ekki alveg Bylgjan. Ég held að fólk eigi alveg að ná henni eftir tvær til þrjár hlustanir. Eða ég vona það," segir Ragnheiður og hlær.

„Þetta er eiginlega bræðingur af svona alls konar stílum og straumum en hún er samt með rætur í einhvers konar þjóðlagatónlist. Ef ég á að reyna að skilgreina hana myndi ég segja að þetta sé tónlist sem dansar á mörkum tilraunapopps og þjóðlagatónlistar. Annars hefur mér aldrei þótt jafn erfitt að skilgreina það sem ég er að gera. Maður veit ekkert alveg hvað þetta er."

Kraumandi suðupottur

Ragnheiður segist alls ekki hafa lagt upp með að ná fram þessum áhrifum en galdrar hafi gerst þegar hún mætti með lögin sín í hljóðver Gerrys. „Ég kynntist honum í gegnum sameiginlega vini, Hilmar Örn Agnarsson og breska vinkonu mína sem er gyðjuprestur. Hún hefur unnið með Gerry og er svo ánægð með hann að hún sagði mér að ég yrði að prófa að vinna með þessum manni. Hún seldi mér svolítið um leið hugmyndina um að fá mér upptökustjóra," segir Ragnheiður sem hingað til hefur aðallega skrifað sjálfa sig og eiginmanninn, Guðmund Pétursson gítarleikara, fyrir upptökustjórn platna sinna.

„Þannig að þetta var skref inn í hið óþekkta, að hleypa Gerry þarna að, en svo gerast bara einhverjir galdrar þegar við komum í stúdíóið hans í Suður-London. Þá fór allt á suðupunkt og ég fann svo sterkt þessa óbeit hans og mótþróa gagnvart því að vera alltaf að gera eitthvað sem er búið að gera áður."

> **ÉG LAGÐI SAMT ALVEG UPP MEÐ AÐ REYNA AÐ GERA EITTHVAÐ SEM VÆRI EINHVERN VEGINN AÐGENGILEGT. Í ÞAÐ MINNSTA ÞEIM SEM ERU MEÐ OPINN HUGA OG ÞYRSTIR Í AÐ HEYRA EITTHVAÐ SEM ER KANNSKI EKKI ALVEG BYLGJAN.**

Engin sjálfsævisaga

Aðspurð segir Ragnheiður að sjálfsagt megi greina ævisöguleg áhrif í lögunum á plötunni en þá nái slíkt yfir lengra tímabil en síðustu fimm ár. „Ég held þá að þessi plata sé uppgjör við miklu lengra ferli og svona ýmislegt sem maður hefur lent í og er að vinna úr."

Enda ekki á vísan að róa þegar undirmeðvitundin er annars vegar. „Mér finnst eins og undirmeðvitundin sé einhvern veginn stundum langt á undan manni í sköpun en síðan getur hún líka verið langt á eftir.

Þannig að vissulega er ýmislegt af sjálfri mér í þessum lögum en mér fannst samt svo mikilvægt að reyna að búa til lög sem hver sem er gæti speglað sig í," segir Ragnheiður um þennan undarlega og óræða sammannlega streng sem einkennir góð listaverk, hvort sem um er að ræða bókmenntir, tónlist eða myndlist.

„Svo veit ég ekkert hvort það hefur tekist. Kannski er ég bara eins og persónulegi trúbadorinn," segir hún og hlær. „Ég var ekkert að leggja upp með einhverja sjálfsævisögu, eiginlega þvert á móti."

Öllu tjaldað til

Þótt Ragnheiður ætli ekki að reyna að standa gegn hinum þunga straumi nútímans í tónlistarútgáfu gefur hún Töfrabörn út á geisladiski núna og vínyllinn kemur í kjölfarið en platan er þegar aðgengileg á Spotify. „Það er fínt að byrja á Spotify enda væri annað bara einhvern veginn eins og að berjast við vindmyllur." Þannig að platan er komin í stærstu tónlistarverslun landsins, á Spotify.

Ragnheiður ætlar að fara í gegnum plötuna alla á útgáfutónleikunum í Gamla bíói á sunnudagskvöld með einvala liði. „Það verður öllu tjaldað til fyrir augu, eyru og öll skynfærin. Ég get lofað því og við ætlum svolítið að rannsaka þessi lög í lifandi flutningi. Þetta verður öðruvísi, eins og að búa til nýjan skúlptúr en fanga samt sama andrúmsloftið og er í lögunum."

thorarinn@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

Krono Original®
High Quality
Made by Kronospan

My*style*

30 ÁRA ÁBYRGÐ

Harðparket

Nýtt margverðlaunað umhverfisvottað harðparket í BYKO.

Umhverfisvottun Bláa engilsins er þýskt umhverfismerki sem hefur verið notað í yfir 40 ár. Einungis umhverfisvænar vörur sem standast hæstu kröfur fá leyfi þýskra yfirvalda til að nota merkið.

www.blauer-engel.de

Upphleypt mynstur • bakteríuvörn • náttúruleg efni
laust við stöðurafmagn• auðvelt að þrífa • framleitt í Þýskalandi

THE BLUE ANGEL
ENVIRONMENTAL LABEL JURY

Desperado eik

harðparket, 192x1285cm, 14mm

4.296 kr/m²

0113635

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Ánægðustu viðskiptavinirnir 2 ár í röð! Auðvelt að versla á byko.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Þorbjargar Gunnlaugsdóttur

Vinagarður

Leikskólinn Vinagarður skipar sérstakan sess í hjarta mínu eftir leikskólagöngu yngstu dótturinnar. Þar störfuðu dásamlegar konur öll árin sem skólinn var hluti af daglegu lífi fjölskyldunnar og ég verð alltaf þakklát fyrir atlætið sem hún fékk þar. (Og sömuleiðis fyrir fallegar flétturnar sem dóttirin fékk í leikskólanum en vankunnátta mín á því sviði er þannig að ég sagði stundum að pabbi hennar hefði fléttað hana.)

Það segir mikla sögu um manneskju að vinna í Vinagarði. Þess vegna get ég svo illa skilið fréttir af því að starfsmanni Vinagarðs hafi verið vísað úr landi. María leikskólastjóri sagði í fréttum að konan hefði náð vel til barnanna og sinnt öllum verkum vel. Allar væru þær þakklátar fyrir að hafa fengið að kynnast henni. Ekki var ástæðan sú að fækka þurfti starfsfólki, það vantar fólk í marga leikskóla eins og foreldrar í Reykjavík þekkja. Og sjálf vildi konan helst af öllu halda áfram að sinna börnunum. Hún var mikils metin af starfsfólki, börnunum og foreldrum þeirra. Börnin kvöddu hana síðan öll, hvert og eitt, með því að faðma hana en án þess að vita að í framhaldinu kvaddi hún líka Ísland. Henni urðu nefnilega á þau mistök að hafa lent í stríðinu í Sýrlandi og að hafa ekki komið beinustu leið til Íslands á flótta sínum, heldur fyrst til Grikklands. Þar er þessi starfsmaður Vinagarðs núna.

Fréttirnar sögðu sorglega sögu þessarar konu, sem er nafnlaus í fjölmiðlum, og söguna af aðstæðum hennar. Íslenska sagan sem börnin í Vinagarði munu heyra þegar fram líða stundir er þó ekki síður sorgleg. Það er nefnilega sagan af því hverjar aðstæður eru á Íslandi gagnvart fólki í neyð.

Sóma Tortillur

VIÐ RÚLLUM ÞESSU UPP

DAGLEGA MEÐ FERSKASTA ÁLEGGINU

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk ON THE GO

Stjörnu-dagar

Allir 12 tommu bátar af matseðli og miðstærð af gosi á 1099kr.

SUBWAY

25. til 31. mars